

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2025-2040

SKIPULAGSGREINARGERÐ



Tillaga til auglýsingar
skv. 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat
Apríl 2026

ATA

Efnisyfirlit

1. Efni og vinnsla	3	5. Byggð og samfélag	40
1.1 Gögn aðalskipulagsins	3	5.1 Íbúar, húsnæði og lýðheilsa	42
1.2 Hlutverk og uppbygging	4	5.2 Byggðarmynstur og bæjarmynd	45
1.3 Viðfangsefni aðalskipulagsins	5	5.3 Samgöngur og umferð	47
1.4 Uppbygging stefnu og skipulagsákvæða	6	5.4 Þjónusta, verslun og menningarlíf	50
1.5 Umhverfismat aðalskipulagstillögu	7	5.5 Útivist, íþróttir og leikir	52
1.6 Umsjón, ráðgjöf og samráð	8	6. Atvinnulíf og grunnkerfi	54
2. Meginforsendur	9	6.1 Þróun atvinnulífs	56
2.1 Stjórnsýsla, stefna og áætlanir	9	6.2 Orkuframleiðsla og orkuflutningur	59
2.2 Umhverfi	12	6.3 Veitur og fjarskipti	61
2.3 Samfélag	18	6.4 Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi	63
2.4 Atvinnulíf	24	7. Skipulag Hafnar	65
2.5 Lykiláskoranir	27	7.1 Nálgun	66
3. Sýn og áherslur	28	7.2 Leiðarljós	67
3.1 Framtíðarsýn og gildi	28	7.3 Heildarmynd Hafnar	70
3.2 Nálgun við mótun nýs aðalskipulags	29	7.4 Grænt grunnkerfi	79
4. Vistkerfi og auðlindir	30	7.5 Umferðarkerfi	86
4.1 Loftslag og náttúruvá	32	7.6 Skemmtileg íbúðarsvæði	95
4.2 Vatn og strandsjór	34	7.7 Samfélags- og íþróttasvæði	100
4.3 Land og jarðvegur	36	7.8 Athafna- og hafnarsvæði	105
4.4 Lífríki og landslag	38	7.9 Verslun- og þjónusta	112
		7.10 Kjarni Hafnar	118
		8. Skipulagsákvæði í þéttbýli	130
		8.1 Inngangur	130
		8.2 Íbúðarbyggð (ÍB)	131
		8.3 Miðsvæði (M)	135

8.4 Verslun og þjónusta (VÞ)	138	9.12 Athafnasvæði (AT)	230
8.5 Samfélagsþjónusta (S)	141	9.13 Iðnaðarsvæði (I)	231
8.6 Íþróttasvæði (ÍÞ)	143	9.14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	235
8.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	145	9.15 Vegir, götur og stígar (VE)	254
8.8 Opín svæði (OP)	147	9.16 Flugvellir (FV)	259
8.9 Athafnasvæði (AT)	151	9.17 Veitur (VH)	261
8.10 Hafnir (H)	153	9.18 Vatnsból (VB)	264
8.11 Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)	156	9.19 Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)	267
8.12 Strandsvæði (ST)	158	9.20 Vötn, ár og sjór (V)	270
8.13 Vegir, götur og stígar (VE)	160	9.21 Strandsvæði (ST)	273
8.14 Veitur (VH)	162	9.22 Friðlýst svæði (FS)	276
8.15 Friðlýst svæði (FS)	164	9.23 Önnur náttúruvernd	279
8.16 Önnur náttúruvernd (ÖN)	166	9.24 Minjavernd (MV)	281
8.17 Minjavernd (MV)	167	9.25 Náttúruvá (NV)	285
9. Skipulagsákvæði í dreifbýli	169	9.26 Varnar- og öryggissvæði (VÖ)	289
9.1 Inngangur	169		
9.2 Íbúðarbyggð (ÍB)	172		
9.3 Verslun og þjónusta (VÞ)	176		
9.4 Samfélagsþjónusta (S)	193		
9.5 Kirkjugarðar og grafreitir (K)	195		
9.6 Frístundabyggð (F)	197		
9.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	203		
9.8 Íþróttasvæði (ÍÞ)	211		
9.9 Landbúnaðarsvæði (L)	213		
9.10 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	219		
9.11 Óbyggð svæði (ÓB)	226		

A1609-180-U06

Tillaga til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga,
sbr. fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 18.2.2026 og 8.4.2026 og skv.
afgr. bæjarstjórnar 9.4.2026

Ljósmyndir eru frá Alta, Sigurjóni Andrésyni bæjarstjóra,
Þorsteini Roy Jóhannssyni ljósmyndara og af vef sveitarfélagsins.

1. Efni og vinnsla

1.1 Gögn aðalskipulagsins

Tillaga að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samanstendur af:

- **Skipulagsgreinargerð** sem inniheldur meginforsendur, skipulagsstefnu og skipulagsákvæði. Skipulagsstefna fyrir þéttbýlið á Höfn er rammahluti aðalskipulags.¹
- **Forsendu- og umhverfismatsskýrslu** sem skýrir skipulagsstefnuna og dregur fram helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi.
- **Skipulagsupprætti fyrir Höfn og Nesjahverfi** í mkv. 1:10.000.
- **Skipulagsupprættum af láglendi dreifbýlis** í mkv. 1:60.000: 1. Örafi, 2. Suðursveit og Mýrar, 3. Nes og Lón
- **Skipulagsupprætti af fjallendi** í mk.v 1:150.000.

Á kynningartíma vinnslutillögu² voru tillögur að landnotkunarreitum kynntar í aðalskipulagsvefsjá sveitarfélagsins, en við auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga eru skipulagsupprættir á pdf-formi einnig birtir.³

¹ 2. og 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

² 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

³ 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Aðalskipulagstillögunni fylgir skrá og vefsjá yfir vegi í náttúru Íslands sem unnin er í samræmi við kröfur í reglugerð þar um.⁴ Skráin er ekki hluti aðalskipulags en er unnin, kynnt og afgreidd samhliða því.

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag sem markar stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Við mótnun áætlunarinnar ber að taka mið af markmiðum skipulagslaga og landsskipulagsstefnu, auk annarra áætlana á lands- og svæðisvísu. Þá er skylt að gera grein fyrir umhverfismati aðalskipulagsins í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstefna og landnotkunarákvæði aðalskipulags eru útfærð í *deiliskipulagi* afmarkaðra svæða, svo sem hvað varðar afmörkun lóða, lóðanotkun, byggingarreiti, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, hæðarlegu, götur, stíga, gróður og girðingar.

Við veitingu byggingarleyfa og framkvæmdaleyfa ber að taka mið af aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Sbr. 2., 13., 28. og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 4., 13. og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

⁴ Reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd

1.2 Hlutverk og uppbygging

Aðalskipulagi Hornafjarðar 2025-2040 er ætlað að stýra þróun byggðar og landnotkunar, nýtingu auðlinda og umgengni um þær með því að:

- **Bregða upp heildarmynd** af helstu einkennum náttúru, auðlinda, landslags og byggðar sveitarfélagsins - sem tekið er mið af við mótun framtíðarsýnar, meginmarkmiða, skipulagsstefnu og skipulagsákvæða. Sjá 2. kafla, forsendu- og umhverfismatsskýrslu og vefsjá aðalskipulagsins.
- **Setja fram og festa í sessi framtíðarsýn** á þróun umhverfis og samfélags með meginmarkmiðum fyrir þrjú stefnusvið aðalskipulagsins - sem samsvara stöðum sjálfbærrar þróunar; umhverfi, samfélagi og efnahag. Sjá 3. kafla.
- **Setja fram skipulagsstefnu** fyrir viðfangsefni á hverju stefnusviði og fyrir þéttbýlið á Höfn sérstaklega, með markmiðum og leiðum að þeim - sem stuðla að meginmarkmiðum. Sjá 4.-7. kafla og skýringar við markmiðin í samsvarandi köflum í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.
- **Setja skipulagsákvæði** fyrir einstaka landnotkunarflokka og landnotkunarreiti - sem styðja við skipulagsstefnuna og verða nánar útfærð á deiliskipulags- og leyfisstigi. Sjá 8. og 9. kafla.

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Um vefsíðana

Velja grunnkort

Landnotkunartöflur

Aðalskipulag

Uppdrættir

Landnotkunarflokkar

Gamlar loftmyndir af Höfn

Vegir í náttúru Íslands

Mörk

Skipulag

Innviðir

Landeignir og búseta

Landslag og víðerni

Orka og auðlindir

Vöktun og náttúruvá

Vernd

Náttúrufar

Ferðamál

Sögulegt efni

Þekjur í [aðalskipulagsvefsíðu](#)

1.3 Viðfangsefni aðalskipulagsins

Sveitarfélög skulu hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í sinni skipulagsvinnu⁵ en Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna segja hvað felst í slíkri þróun.⁶ Þau skilgreina viðfangsefni sem þarf að samþætta til að tryggja jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; þeirrar umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu.

Viðfangsefni aðalskipulagsins⁷ eru flokkuð undir þrjú stefnusvið sem samsvara þremur stöðum sjálfbærrar þróunar:

- **Vistkerfi og auðlindir**, sjá 4. kafla.
- **Byggð og samfélag**, sjá 5. kafla.
- **Atvinnulíf og grunnkerfi**, sjá 6. kafla.

Hvert viðfangsefni aðalskipulagsins tengist a.m.k. einu af Heimsmarkmiðunum sautján en þau hafa nokkur undirmarkmið hvert.

Við skilgreiningu viðfangsefna aðalskipulagsins hefur verið tekið mið af landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038.⁸

Stefnu-svið	Viðfangsefni aðalskipulagsins	Heimsmarkmið Sp
Vistkerfi og auðlindir	<ul style="list-style-type: none"> • Loftslag og náttúruvá • Vatn og strandsjór • Land og jarðvegur • Lífríki og landslag 	6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða 13 Aðgerðir í loftslagsmálum 14 Líf í vatni 15 Líf á landi
Byggð og samfélag	<ul style="list-style-type: none"> • Íbúar, húsnæði og lýðheilsa • Byggðarmynstur og bæjarmynd • Samgöngur og umferð • Þjónusta, verslun og menningarlíf • Útivist, íþróttir og leikir 	1 Engin fátækt 2 Ekkert hungur 3 Heilsa og vellíðan 4 Menntun fyrir öll 5 Jafnrétti kynjanna 7 Sjálfbær orka 11 Sjálfbærar borgir og samfélög 16 Friður og réttlæti
Atvinnulíf og grunnkerfi	<ul style="list-style-type: none"> • Þróun atvinnulífs • Orkuframleiðsla og orkuflutningur • Veitur og fjarskipti • Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi 	8 Góð atvinna og hagvöxtur 9 Nýsköpun og uppbygging 10 Aukinn jöfnuður 12 Ábyrg neysla og framleiðsla

Stefnusvið og viðfangsefni aðalskipulagsins og Heimsmarkmiðin sem þau tengjast

⁵ [1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010](#)

⁶ [Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun](#)

⁷ [gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013](#)

⁸ [landsskipulag.is](#)

1.4 Uppbygging stefnu og skipulagsákvæða

Fyrir hvert stefnusvið aðalskipulagsins er sett fram sýn sem lýsir framtíðarmynd og fyrir hvert viðfangsefni eru sett fram nokkur meginmarkmið sem síðan eru útfærð með nánari markmiðum og leiðum að þeim.

Leiðirnar lýsa hvernig markmiðum verði náð með:

- **Áherslum við ákvarðanir** um landnotkun og mannvirkjagerð sem og um takmarkanir s.s. vegna náttúruverndar, vatnsverndar, minjaverndar eða náttúruvár.
- **Almennum ákvæðum** fyrir hvern landnotkunarflokk út frá skilgreiningu í skipulagsreglugerð.⁹ Ákvæðin segja til um áherslur við deiliskipulagsgerð og afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa.
- **Sértækum skipulagsákvæðum** fyrir einstaka landnotkunarreiti innan hvers landnotkunarflokks.

Leiðir að markmiðum snúast jafnframt sumar um verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála sem stefnt er að ráðast í á skipulagstímabili aðalskipulagsins, í þeim tilgangi að ná þeim árangri sem stefnt er að og lýst er í meginmarkmiðum og framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið.

Markmið og leiðir eru skýrðar í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.



Uppbygging stefnu aðalskipulagsins

● Íbúðarbyggð	● Samfélagsþjónusta
● Verslun og þjónusta	● Miðsvæði
● Athafnasvæði	● Iðnaðarsvæði
● Frístundabyggð	● Afþreyingar- og ferðamannasvæði
● Íþróttasvæði	● Opin svæði
● Kirkjugarðar og grafreitir	● Efnistöku- og efnislosunarsvæði
● Landbúnaðarsvæði	● Skógræktar- og landgræðslusvæði
● Hafnir	● Flugvellir
● Vegir, götur og stígar	● Veitur og helgunarsvæði
● Óbyggð svæði	● Varnar- og öryggissvæði
● Vötn, ár og sjór	● Strandsvæði
● Vatnsból	● Sérstök not haf- og vatnssvæða

Landnotkunarflokkar skipulagsreglugerðar

⁹ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

1.5 Umhverfismat aðalskipulagstillögu

Umhverfismati á áætlana- og framkvæmdastigi er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun, heilnæmu umhverfi og umhverfisvernd.

¹⁰ Það skal gert með því að greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti:

- Íbúa og heilbrigði manna.
- Líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar.
- Land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
- Efnisleg verðmæti og menningarminjar.
- Næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum.
- Samspil þeirra þátta sem taldir eru upp að ofan.

Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins, eru annarsvegar settar fram skýringar við stefnuhluta aðalskipulagsins og hinsvegar eru sett fram mat á valkostum um breytingu á legu Hringveggar í Örafum og Þjóðveggar í Þéttbýlinu á Höfn.

Umhverfismat stefnuhluta snýr að því að skýra markmið og leiðir í köflum 4, 5 og 6 út frá:

- **Núverandi ástandi og líklegri þróun** umhverfis, efnahags og samfélags, eftir því sem gögn um það liggja fyrir.
- **Heimsmarkmiðum og stefnu á svæðis- og landsvísu** sem taka ber mið af við aðalskipulagsgerð. Til að meta og tryggja samræmi við þessar áætlanir var útbúinn gátlisti með matsspurningum sem hafðar voru til hliðsjónar við ritun skýringa. Matsspurningarnar eiga sér allar tilvísun í tiltekin stefnuskjöl og eru notuð sem viðmið um sjálfbæra þróun fyrir viðkomandi umhverfisþátt. Gátlistanum er svo ætlað að nýtast við framfylgd aðalskipulags, þ.e. við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulagsgerð og umsóknir um framkvæmda- og byggingaleyfi. .

Umhverfismat valkosta tekur til legu Hringveggar í Örafum og Þjóðveggar í Þéttbýlinu á Höfn. Fjallað er um þá valkosti sem taldir eru koma til greina og þeir eru bornir saman m.t.t. áhrifa á einstaka umhverfisþætti. Út frá því eru færð rök fyrir vali á þeim kosti sem lagður er til í aðalskipulagstillögunni. Sjá forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

¹⁰ Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.


1.6 Umsjón, ráðgjöf og samráð

Umsjón: Umhverfis- og skipulagsnefnd, stýrihópur aðalskipulags og umhverfis- og skipulagsstjóri.

Ráðgjafar: Alta.

Áfangar: Undirbúningur, skipulagslýsing, greining og stefnmótun, skipulagsákvæði í þéttbýli og dreifbýli, vinnslutillaga, auglýsingartillaga, lokaafgreiðsla.

Kynning og samráð: Vefur með fréttum og gögnum, Fésbókarsíðu sveitarfélagsins, íbúakönnun um verkefnislýsingu, könnun til landeigenda og ábúenda, íbúafundur á Höfn, íbúafundur í sveitum, íbúafundur um skipulagsmál í Örfum, fundir og tölvupóstsamskipti við einstakar stofnanir eftir því sem viðfangsefni kölluðu á, birting vinnslutillögu í Skipulagsgátt, tölvupóstar til umsagnaraðila um verkefnislýsingu og vinnslutillögu.



Megináfangar skipulagsvinnunnar

2. Meginforsendur

2.1 Stjórnsýsla, stefna og áætlanir


Nefndir og stefna sveitarfélagsins

Umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins annast í umboði bæjarstjórnar vinnslu, kynningu og afgreiðslu aðalskipulags en aðrar nefndir gegna einnig mikilvægu hlutverki við að yfirfara forsendur og stefnu aðalskipulagsins út frá sínum málaflokkum og tengslum þeirra við umhverfis- og skipulagsmál.

Þrjú íbúaráð eru í dreifbýlinu; eitt fyrir Öræfi, annað fyrir Suðursveit og Mýrar og það þriðja fyrir Nes og Lón.¹¹ Þessi skipting samsvarar að nokkru eldri sveitarfélagaskipan en um leið samfélagseiningum sem enn eru til staðar og mikilvægt er að styrkja í þeirri víðfeðmu stjórnsýslueiningu sem Sveitarfélagið Hornafjörður er. Enda er hlutverk íbúaráðanna að vera samráðs- og umræðuvettvangur um hagsmuni síns svæðis með það að markmiði að auka íbúalýðræði, efla félagsauð og nýta staðbundna þekkingu.

Stefna sveitarfélagsins í hinum ýmsu málaflokkum var höfð til hliðsjónar við mótun aðalskipulagsins.¹² Af nýlegri stefnumótun

ber helst að nefna heildarstefnuna Hornafjörður náttúrulega!¹³ og Umhverfis- og loftslagsstefnu 2022-2030, en sýn og stefna aðalskipulagsins er byggð á þessum stefnuskjölum og útfærir þau m.t.t. umhverfis- og skipulagsmála.



Byggðareiningar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

¹¹ Vefur Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2024: Nefndir, ráð og stjórnir

¹² Vefur Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2024: Stefnuskjöl og skýrslur


¹³ Vefur Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2024: Hornafjörður náttúrulega!

Stjórnsýsla og stefna á svæðisvísu

Sveitarfélagið Hornafjörður telst til Suðurlands í tilviki kjördæma, landshlutasamtaka sveitarfélaga, heilbrigðisstofnunar, vatnasvæðanefndar og lögregluumdæmis.

Sveitarfélagið telst hinsvegar til Austurlands í tilviki heilbrigðiseftirlits, vegagerðar, héraðsdóms og minjavörslu.

Í aðalskipulaginu er hugað að samhengi við báða landshlutana sem og litið til stefnu og áætlana á svæðisvísu sem sveitarfélagið er aðili að, s.s. Sóknaráætlunar og Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, Orkunýtingarstefnu og Samgönguáætlunar SASS.¹⁴




Starfssvæði Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga¹⁵

¹⁴ [Sóknaráætlun Suðurlands, Orkunýtingarstefna SASS 2017 - 2030, Samgönguáætlun SASS 2019 - 2029, Áfangastaðaáætlun Suðurlands](#)

¹⁵ [Samband íslenskra sveitarfélaga 2023: Suðurland](#)

Stór hluti sveitarfélagsins er innan Vatnajökulsþjóðgarðs og samhljómur þarf að vera á milli aðalskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar hans.¹⁶ Einnig er í gildi, eða í vinnslu stjórnunar- og verndaráætlun fyrir einstök friðlönd sem gæta þarf samræmis við.¹⁷



Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, mörk eru dregin með grænni línu

¹⁶ [Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. 3. útgáfa, 2022](#)

¹⁷ [Vefur Umhverfisstofnunar: Stjórnunar- og verndaráætlanir.](#)

Stefna og áætlanir á landsvísu

Áætlunum á landsvísu hefur fjölgað mjög frá því fyrra aðalskipulag var unnið. Þær helstu sem aðalskipulagið tekur mið af eru taldar upp hér að neðan en í forsendu- og umhverfismats-skýrslu er gerð grein fyrir hvernig stefnuskjölin voru nýtt við mótun aðalskipulagsins, bæði við stefnumótun og umhverfismat.

- Skipulagsmál
 - Landsskipulagsstefna 2024-2038 ásamt aðgerðaáætlun.¹⁸
- Loftslagsmál
 - Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030.
 - Í ljósi loftslagsvárs - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Vatn, land og skógur
 - Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 og aðgerðaáætlun.
 - Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 og aðgerðaáætlun 2022-2026.
- Byggða-, atvinnu- og samgöngumál
 - Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.
 - Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036.
 - Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.
 - Landbúnaðarstefna til ársins 2040.
 - Matvælastefna Íslands til ársins 2030.
- Náttúruvernd
 - Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013.¹⁹

- Orkumál og orkuflutningur
 - Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050.
 - Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku og Áætlun um framkvæmdaverk 2022-2024.
- Veitur og fjarskipti
 - Stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033 og Fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019–2023.
- Úrgangs- og mengunarmál
 - Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2020.
 - Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum 2016-2027.
- Mannvirkjagerð, menningararfur og minjar
 - Aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023–2026.
 - Byggjum grænni framtíð, vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð 2030.
 - Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi 2021.
 - Stefna 2022–2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi.
 - Menningarstefna í mannvirkjagerð 2014.
 - Menningarstefna 2013.
- Lýðheilsumál
 - Lýðheilsustefna til ársins 2030.
 - Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsuefandi samfélagi (2016)
 - Heilbrigðisstefna til ársins 2030.
 - Stefna í geðheilbrigðismálum til ársins 2030.

¹⁸ Landsskipulagsstefna 2024-2038 og 5 ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

¹⁹ Stefna um líffræðilega fjölbreytni var gefin út í ársbyrjun 2026

2.2 Umhverfi

Náttúrufar og landslag

Landsvæði sveitarfélagsins er 6.309 km² en Vatnajökull þekur stóran hluta þess. Vegna hlýnunar loftslags hefur jökullinn hropað og miklar breytingar hafa orðið á afrennslisleiðum og á jaðarlónum við jökulsporða, ný lón hafa myndast og eldri stækkað eða horfið. Hopun hefur hert á sér síðustu áratugina.²⁰

Jökullinn setur sterkan svip á landslagið en skriðjöklar, jökulsorfið fjalllendi, jökullón og jökulsandar eru áberandi. Aðrar landslagsgerðir eru graslandar sléttur við strendur, litríkt fjalllendi og strandlengja með inndölum.


Strandlína sveitarfélagsins er um 185 km löng, inn í hana ganga Hornafjörður, Skarðsfjörður, Papafjörður og Lónsfjörður. Annað vatnalandslag er áberandi með fjölmörgum jökulám, dragám og lindám, stórum jökullónum og smærri auravötnum og mýravötnum.

Vistgerðir í sveitarfélaginu eru fjölbreyttar og má nefna náttúrulega birkiskóga, votlendi, mólendi og graslendi, mela og sandlendi, tún og akurlendi. Jafnframt eru þar mörg alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, þ.m.t. votlendi, fjörur, grunnsævi og sjófuglabyggðir. Sem dæmi er Skarðsfjörður talinn mjög mikilvægur fyrir ýmsar fuglategundir, sérstaklega á fartíma. Strendur eru mikilvægar fyrir fugla og land- og sjávarspendýr og er merkilegt lífríki að finna í fjöru og á grunnsævi. Hreindýr halda sig á svæðinu vestur að Jökulsá á Breiðamerkursandi.²¹



²⁰ Vatnajökulspjóðgarður og Veðurstofa Íslands 2023. [Hörfandi jöklar](#)

²¹ Náttúrufræðistofnun Íslands 2017 og 2018. [Vistgerðakort](#)



Vistgerðir í sveitarfélaginu²²

²² Náttúrufræðistofnun Íslands 2017 og 2018. Vistgerðakort

Auðlindir og vistkerfisþjónusta

Helstu atvinnuvegir sveitarfélagsins; ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, grundvallast á gæðum náttúrunnar og þjónustu vistkerfa. Því er sjálfbær nýting auðlinda sem tryggir heilbrigði vistkerfa hagur bæði íbúa og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Aðstæður eru víða ágætari til landbúnaðar. Lítið er um garðyrkju en með hlýnandi loftslagi er búist við að skilyrði til kornræktar verði betri. Aftur á móti er jarðvegur víða sendinn og heldur vatni illa. Með meiri þurrkum á sumrin gæti þurft að auka áveituframkvæmdir.

Aðstæður til sjávarútvegs eru einnig góðar. Þéttbýlið Höfn stendur við skipngan áró Hornafjarðarflióts og þar er mikilvæg fiski- og flutningahöfn sem er eina fiskihöfnin frá Djúpvogum að Þorlákshöfn.

Í samræmi við sérstæða náttúru og einstakt landslag, nýtur stór hluti sveitarfélagsins verndar, á einn eða annan hátt. Stórbrotin náttúran laðar að sér fjölda ferðafólks sem hefur skilað sér í blómlegri ferðaþjónustu sem er í vexti.

Vistkerfi sveitarfélagsins veita íbúum margskonar þjónustu fyrir utan fæðu, atvinnu og afþreyingu. Sem dæmi binda skógar og votlendi kolefni og draga þannig úr loftslagsbreytingum. Votlendi dregur einnig úr áhrifum flóða með því að haga sér eins og svampur sem sýgur í sig vatn og sleppir því síðan hægt og rólega. Heilbrigð vistkerfi hreinsa mengunarefni úr vatni, jarðvegi og lofti og geta jafnframt veitt vörn gegn náttúruhamförum á borð við flóð, skriður, sandfok og rof.

Fólk nýtir landslag til útivistar og ferðalaga og er landslag Hornafjarðar aðdráttarafl fyrir fjölda ferðamanna og því efnahagslega mikils virði fyrir samfélagið. Landslagið veitir einnig menningartengda þjónustu sem felur í sér t.d. upplifanir og þekkingu. Landslag er hluti af menningararfi og staðaranda og því getur fólk upplifað breytingar á landslagi sem missi.

Fyrir velferð manna er mikilvægt að ganga ekki á getu vistkerfa til að veita framangreinda þjónustu en undirstaða hennar er líffræðileg fjölbreytni en það hugtak vísar til fjölbreytileika lífvera (dýra, plantna, sveppa, baktería) og búsvæða þeirra.



Heimsmarkmiðin snúa mörg að fjölbreyttri þjónustu vistkerfa²³

²³ Boverket 2023: Ekosystemtjänster i den byggda miljön

Líffræðilegri fjölbreytni hefur hnignað á heimsvísu á undanförunum áratugum og er talið nær víst að loftslagsbreytingar muni hraða þeirri hnignun. Það er því mikilvægt að draga úr öðrum ógnum við líffræðilega fjölbreytni, s.s. ósjálfbærri nýtingu, eyðingu búsvæða, mengun og ágengum framandi tegundum. Að þessu þarf að huga í skipulagi þéttbýlis og dreifbýlis sem og allri umgengni við náttúruna.

Samlegðaráhrif náttúruverndar og loftslagsaðgerða eru mikil. Endurheimt votlendis s.s. leira, tjarna eða vatna getur skipt miklu máli fyrir verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og á sama tíma dregið úr losun kolefnis frá landi.



Landnotkun í dreifbýli


Stærsti hluti sveitarfélagsins fellur í landnotkunarflokkinn óbyggð svæði, sem er að mestu leyti Vatnajökull og fjalllendi neðan hans sem og fjalllendi í Lóni og Nesjum ásamt Skeiðarársandi.

Vatnajökulspjóðgarður nær yfir stærstan hluta óbyggðu svæðanna og þar gilda lög og reglugerð um hann, ásamt stjórnunar- og verndaráætlun sem taka þarf tillit til í aðalskipulagi.


Innan þjóðgarðs og á jaðri hans eru allmörg þjónustusvæði sem falla, eftir umfangi og eðli starfsemi á þeim, ýmist í flokk afþreyingar- og ferðamannasvæða eða verslunar- og þjónustusvæða.

Landbúnaðarsvæði eru neðan óbyggðu svæðanna og þar er víða stunduð ferðaþjónusta auk hefðbundins búrekstrar.


Svæði fyrir íbúðarhúsnæði í bland við ferðaþjónustu eru á nokkrum verslunar- og þjónustusvæðum í dreifbýlinu. Einnig eru skilgreind þrjú svæði þar sem einungis er gert ráð fyrir íbúðum, auk Nesjahverfis.




Óbyggð svæði skv. [gildandi aðalskipulagi](#)



Vatnajökulspjóðgarður (skástrikað) og afþreyingar- og ferðamannasvæði (bleikir punktar) skv. [gildandi aðalskipulagi](#)



Landbúnaðarsvæði skv. [gildandi aðalskipulagi](#)




Verslun og þjónusta (gulir punktar) skv. [gildandi aðalskipulagi](#)

Landnotkun í þéttbýli

Þéttbýli sveitarfélagsins - Höfn - ber nafn með rentu þar sem hafnarsvæðið er umfangsmikið og afgerandi í bæjarmyndinni. Umhverfis hafnarsvæðið eru athafnasvæði, miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, auk opna svæðisins í Óslandi.


Miðsvæðið myndar hálfhring í kringum íþróttasvæðið og Hafnarskóla. Á miðsvæðinu er öll helsta þjónusta við íbúa, nema kirkjan, kirkjugarður, leikskóli og hjúkrunarheimili sem eru á reit fyrir samfélagsþjónustu norðar í bænum á milli Víkurbrautar og Kirkjubrautar.



Miðsvæði Hafnar skv. [aðalskipulagi 2012-2030](#)

Hafnarbraut liggur endilangt í gegnum bæinn og er verslun og þjónusta meðfram brautinni að hluta en íbúðarbyggð að hluta.

Akstursleiðin Hafnarbraut-Víkurbraut-Álaugarvegur, að hafnarsvæði, er skilgreind sem þjóðvegur í þéttbýli og er því í umsjá Vegagerðarinnar.²⁴ Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að þjóðvegurinn færist að hluta yfir á austurjaðar bæjarins.



Landnotkun á Höfn skv. [aðalskipulagi 2012-2030](#)

²⁴ [Vegagerðin 2024: Vegasjá](#)

2.3 Samfélag


Byggðarmynstur

Byggðin í dag dreifist á um 200 km langt svæði meðfram þjóðvegi 1 eða í grennd hans. Sveitirnar eru strjálbýlar, sérstaklega í Lóni en Nesin eru þéttbýlli. Á köflum er engin byggð, s.s. á Skeiðarársandi og í grennd Jökulsárlóns.


Höfn er eini þéttbýlisstaðurinn en vísir er að þorpi við Hofgarð í Örafum þar sem er leik- og grunnskóli og í gildandi aðalskipulagi er Nesjahverfi einnig skilgreint sem þéttbýli.

Sterkt sérkenni byggðarinnar eru bæjartorfur og stakir bæir á eða við hóla. Þetta mynstur endurspeglar bæði staðhætti og náttúruvá, þar sem í gegnum aldirnar hefur þurft að taka mið af breytingum á jöklafari, flóðahættu og afleiðingum náttúruhamfara.

Áframhaldandi hopun jökla vegna loftslagsbreytinga, mun færa enn frekari áskoranir, s.s. aukna eldvirkni, hættu á skriðu- og berghlaupum, breytingar á lífríki og hækkun sjávarborðs samhliða landrasi.²⁵ Gæta þarf vel að þeirri þróun við alla uppbyggingu.



Dreifing lögbýla gefur mynd af byggðarmynstrinu²⁶



Skráðar fornleifar sýna sama mynstur og lögbýlin²⁷

²⁵ [Vatnajökulsþjóðgarður og Veðurstofa Íslands 2023: Hörfandi jöklar](#)

²⁶ [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun 2023: Lögbýlaskrá](#). Sjá einnig [vefsia.is](#)

²⁷ [Minjastofnun 2024: Minjavefsíja](#). [Sjá einnig vefsia.is](#) Ath. gögnin sýna ekki allar skráðar fornleifar


Íbúafjöldi eftir búsetu, kyni og fjölskyldugerð

Í ársbyrjun 2023 bjuggu 2.447 manns í sveitarfélaginu, þar af 1750 á Höfn, 109 manns í Nesjahverfi og 588 í dreifbýli.

Í dreifbýlinu og Nesjum fjölgaði íbúum um rúmlega 50% frá árinu 2012 til ársins 2023, en rúmlega 8% á Höfn.


Karlar voru fleiri en konur öll árin (53% íbúa) og var mismunurinn mestur á Höfn. Kynjahlutfallið hefur þó haldist nokkuð stöðugt þó hlutfall karla hafi hækkað örlítið á hverju ári á Höfn, frá 52% upp í 53%.

Íbúasamsetning hefur breyst nokkuð þegar horft er til fjölskyldugerða, eins og sést á súluritinu hér fyrir neðan. Einstaklingum hefur fjölgað mikið og barnafólki fækkað lítillega. Fólki í sambúð án barna hefur fjölgað lítillega.



Íbúafjöldi eftir fjölskyldugerð 2013 (gular súlur) og 2023 (bláar súlur)²⁸

²⁸ Hagstofa Íslands 2024: Mannfjöldi




Íbúafjöldi eftir búsetu og kyni 2012-2023²⁹

²⁹ Hagstofa Íslands 2024: Mannfjöldi

Aldurskipting

Ungu fólki á aldrinum 20-29 ára hefur fjölgað hratt frá árinu 2016 og grunnskólabörnum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2003. Fjöldi leikskólabarna, fólks á framhaldsskólaaldri og fólks yfir áttúrett hefur haldist nokkuð stöðugur. Meðalaldur íbúa er 37,8 ár sem er áþekkt en lægra en á landsvísu þar sem meðalaldur er 38,6. Karlar eru fleiri en konur í öllum aldursflokkum nema þeim elstu.




Íbúafjöldi eftir aldurshópum 2003-2023³⁰

³⁰ Hagstofa Íslands 2024: Mannfjöldi

Ríkisfang

Íbúum með erlent ríkisfang hefur fjölgað frá árinu 2013 á meðan íslenskum ríkisborgurum hefur fækkað. Árið 2013 voru 6% íbúa sveitarfélagsins með erlent ríkisfang en 31,5% um mitt ár 2024. Hlutfallið er mjög breytilegt eftir póstnúmerum. Á Höfn eru 23,5% íbúa með erlent ríkisfang, í Nesjum, Mýrum og Suðursveit (póstnúmer 781) er hlutfallið 38,9% og í Örafum (póstnúmer 785) er það 71,7%. Í sveitarfélaginu býr fólk frá 46 löndum og öllum heimsálfum og fjölbreytnin því mikil sem er dýrmætt fyrir sveitarfélagið.³¹



Íbúafjöldi eftir kyni og ríkisfangi 2012-2023³²

³¹ Sveitarfélagið Hornafjörður, 2024: Tölfræði varðandi erlenda íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði

³² Hagstofa Íslands 2024: Mannfjöldi

Af þessu má ráða að fólksfjölgunin og þær breytingar sem hafa orðið á íbúasamsetningu sveitarfélagsins hafi að miklu leyti verið vegna einstaklinga sem koma erlendis frá til að vinna, t.d. við ferðaþjónustu eða fiskvinnslu.

Flestir aðfluttir íbúar árið 2024 voru með pólskt ríkisfang en fólk frá Rúmeníu og Króatíu voru í öðru og þriðja sæti yfir fjölmennustu hópa sveitarfélagsins það ár.³³ Þá voru árið 2023 rúmlega 19% barna í grunnskóla Hornafjarðar annað hvort innflytjendur eða börn innflytjenda og áttu þau samtals fleiri en 15 ólík móðurmál. Móðurmál flestra barnanna var pólska og næstalgengast var filippeyskt mál, fyrir utan íslensku.

³³ [Hagstofa Íslands 2024: Mannfjöldi](#)

Íbúaspár og húsnæðisþörf

Ef reiknað er með að íbúafjöldi sveitarfélagsins haldi hlutfalli sínu af heildaríbúafjölda landsins og ef gengið er út frá miðgildi mannfjöldaspár Hagstofunnar,³⁴ þá má búast við að árið 2040 verði íbúar í sveitarfélaginu um 3.400. Miðspá Bygðastofnunar³⁵ reiknar með aðeins hægari fjölgun eða að íbúar verði rúmlega 3.200 sama ár. Ef gengið er út frá miðspá HMS, sem notuð er í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2023,³⁶ verða íbúar 3.200 árið 2040. Ef íbúum fjölgar áfram með sama hraða og á árunum 2012-2023 verða íbúar rúmlega 3.300 árið 2040.

Framangreindar spár gera því ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins verði á bilinu 3.200 til 3.400 árið 2040 og þarf nýtt aðalskipulag að sjá fyrir nægjanlegu landi fyrir íbúðarhúsnæði í samræmi við þá fjölgun. Ef íbúar í hverri íbúð verða 2,74, líkt og húsnæðisáætlun 2023¹⁶ gerir ráð fyrir, verður þörf fyrir 160-270 nýjar íbúðir til ársins 2040. Það á við sveitarfélagið í heild og er hér að neðan því áætlað hver eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði gæti orðið á Höfn annarsvegar og í sveitunum hinsvegar.


³⁴ [Hagstofa Íslands 2022: Mannfjöldaspá 2023-2074](#)

³⁵ [Bygðastofnun 2023: Mannfjöldaspá 2023-2074](#)

³⁶ [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun 2023: Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar](#)


Íbúðarhúsnæði á Höfn

Íbúum á Höfn fjölgaði um rúmlega 240 manns frá 2018 til 2023 og ef reiknað er með 1,25% fjölgun til ársins 2040, sbr. miðspá í húsnæðisáætlun 2023, væru íbúar þá orðnir um 2.300. Miðað við þá 500 íbúa fjölgun og 2,74 íbúa í íbúð yrði þörf fyrir rétt rúmlega 180 íbúðir á Höfn á skipulagstímabilinu 2025-2040. Til þess að geta tekist á við óvænta þróun er þó gert ráð fyrir nægjanlegu landrými fyrir 200-250 íbúðir. Sjá nánari umfjöllun í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.



Þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu til 2040 skv. mismunandi spám³⁷

³⁷ [Hagstofa Íslands 2022: Mannfjöldaspá 2022-2073](#); [Byggðastofnun 2023: Mannfjöldaspá 2023-2074](#); [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun 2023: Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar](#)



Íbúaðróun á Höfn 2001-2023³⁸

³⁸ [Hagstofa Íslands 2024: Mannfjöldi](#)

Íbúðarhúsnæði í sveitunum

Í dreifbýlinu hefur verið vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði án tengsla við búskap, einkum vegna starfa í ferðaþjónustu. Nokkrar aðalskipulagsbreytingar hafa verið gerðar á undanförunum árum til að bregðast við þessari þróun.³⁹ Í flestum tilvikum er þar um að ræða íbúðalóðir á verslunar- og þjónustusvæðum í tengslum við ferðaþjónustu.

Í gildandi aðalskipulagi er afmarkað íbúðarsvæði á Hofi í Öræfum, á Holti á Mýrum og í Nesjahverfi í Nesjum, auk reits fyrir eitt íbúðarhús á Litlu-Brekku í Sighvatslundi í Lóni.



³⁹ [Staðfestar aðalskipulagsbreytingar má nálgast í skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar](#)

2.4 Atvinnulíf

Störf og mannaflí

Einstaklingum með aðalstarf í sveitarfélaginu fjölgaði hratt á árunum 2008-2019, eða úr 1203 í 1587 manns. Það er 32% fjölgun. Fjölgun starfa á sama tímabili á Suðurlandi öllu var talsvert minni eða um 18%. Fjölgun starfa í Hornafirði má að mestu leyti rekja til aukinna umsvifa ferðaþjónustunnar en í þeim geira fjölgaði starfsfólki um 383% innan sveitarfélagsins á sama tímabili, úr 117 í 565 manns.⁴⁰

Síðustu ár hefur nokkur fjöldi fólks flutt erlendis frá til að manna störf í sjávarútvegi og ferðaþjónustu og hefur það haft áhrif á þróun íbúasamsetningar, sbr. 5. kafla í forsendu og umhverfismatsskýrslu.

Atvinnuleysi hefur verið í algjöru lágmarki, þ.e. undir 2%, síðustu ár. Vegna Covid-19 heimsfaraldurs jókst atvinnuleysi mjög og var hátt á árunum 2020 og 2021 en lækkaði aftur hratt og stóð í 2,6% árið 2023.⁴¹

⁴⁰ [Ragnhildur Iónsdóttir 2023. Þróun ferðamennskusamfélags](#)

⁴¹ [HMS 2024: Húsnæðisáætlun 2024. Sveitarfélagið Hornafirður](#)

Ferðaþjónusta

Vægi ferðaþjónustu hefur aukist umtalsvert á liðnum áratug og er ferðaþjónustan nú öflug atvinnugrein allan ársins hring. Árið 2019 voru 565 heilsársstörf í ferðaþjónustu sem var 35,6% af öllum heilsársstörfum í sveitarfélaginu.⁴² Árið 2019 aflaði ferðaþjónustan um 25% heildaratvinnutekna og um 32% launþega í Hornafirði unnu við ferðaþjónustu.⁴³ Samhliða vexti ferðaþjónustunnar undanfarin ár hafa verið byggðir miklir innviðir fyrir móttöku ferðafólks s.s. hótél, gististaðir og veitingahús. Hraður vöxtur getur þó haft ókosti í för með sér s.s. þegar mikill fjöldi ferðamanna skapar álag á vegakerfi, heilsugæslu, lögreglu björgunarsveitir og sjúkraflutninga, sem getur dregið úr öryggi bæði heimamanna og ferðafólks.¹⁶ Einnig er víða mikið álag á vinsæla ferðamannastaði og þörf á innviðum á borð við salerni, bílastæði og stíga.¹²



⁴² [Ragnhildur Iónsdóttir 2023. Þróun ferðamennskusamfélags](#)

⁴³ [Samtök ferðaþjónustunnar 2023: Mælaborð yfir ferðagögn](#)

Sjávarútvegur

Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur í Hornafirði og hefur mikið að segja fyrir atvinnulífið og samfélagið á Höfn sem og sveitarfélagið sem heild. Aflamagn í Hornafjarðarhöfn hefur verið fremur stöðugt og eru margvíslegir nytjastofnar á Íslandsmiðum nýttir.⁴⁴ Sjávarútvegurinn stendur styrkum stöðum⁴⁵ en áframhaldandi viðhald hans og uppbygging er háð því að sandur sem safnast í Grynnslin framan við innsiglinguna að Höfn sé stöðugt fjarlægður, til að halda nægjanlegu dýpi fyrir stærri skip.⁴⁶ Dýpkun hafnarinnar er einnig viðvarandi verkefni.



⁴⁴ [Bygðastofnun 2020: Suðurland. Stöðugreining 2019](#)

⁴⁵ HMS 2022: Húsnæðisáætlun 2022. Sveitarfélagið Hornafjörður

⁴⁶ [Morgunblaðið 2023: Hornafjörður í örum vexti](#)

Landbúnaður

Í sveitunum er hefðbundinn landbúnaður með búfé en einnig er kartöflurækt mikil og korn hefur verið ræktað með góðum árangri. Landbúnaðurinn er víða stundaður í bland við ferðaþjónustu. Árið 2022 voru búfjáreigendur í sveitarfélaginu 137 talsins en umfang landbúnaðar hefur dregist saman á undangengnum áratug sem er í takt við þróun á Suðurlandi.⁴⁷

Í matvælastefnu Íslands er lögð áhersla á framleiðslu hágæða matvæla með sjálfbæra nýtingu auðlinda, kolefnishlutleysi, matvæla- og fæðuöryggi að leiðarljósi auk fleiri þátta.⁴⁸



⁴⁷ [Matvælaráðuneytið 2024: Mælaborð landbúnaðarins](#)

⁴⁸ [Matvælaráðuneytið, 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

Samfélagsþjónusta

Höfn er miðstöð samfélagsþjónustu og annarrar þjónustu. Þar er leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, tónskóli, félagsþjónusta, hjúkrunarheimili, heilsugæsla, rannsóknasetur HÍ, skrifstofur Náttúruverndarstofnunar og aðstaða fyrir starfsfólk sem vinnur „störf án staðsetningar“ fyrir hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir.

Ríkisstörfum í sveitarfélaginu fjölgaði úr 108 árið 2014 í 135 árið 2021.⁴⁹ Hjá sveitarfélaginu störfuðu árlega á bilinu 163-245 manns á árunum 2012-2022 í 133-173 stöðugildum.⁵⁰ Stöðugildum hjá sveitarfélaginu fækkaði talsvert þegar rekstur hjúkrunarheimilisins á Höfn færðist frá sveitarfélaginu árið 2021.⁵¹

Einkaþjónusta, verslun og ýmis önnur starfsemi

Aðrar atvinnugreinar eru t.d. ýmiskonar framleiðsla, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, viðgerðir á ökutækjum, flutningur og geymsla, fjármálastarfsemi og sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi. Einnig ýmiskonar einkaþjónusta, veitingastarfsemi og verslanir.⁵²



⁴⁹ [Byggðastofnun: Mælaborð](#)

⁵⁰ [Sveitarfélagið Hornaförður: Ársreikningar 2014-2022](#)

⁵¹ [Vigdísarholt: Skjólgarður](#)

⁵² [Byggðastofnun: Þjónustukort](#)

2.5 Lykiláskoranir

Helstu áskoranir sem sveitarfélagið þarf að takast á við í umhverfis- og skipulagsmálum á komandi skipulagstímabili eru metnar þessar:

- **Áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi, samfélag og efnahag.** Hvernig megi stuðla að mótvægisáðgerðum s.s. samdrætti í losun kolefnis og bindingu kolefnis. Hvernig tryggja megi aðlögun að breytingunum, s.s. með blágrænum ofanvatnslausnum, áherslum í samgöngumálum, við skógrækt, endurheimt votlendis, og vörnum vegna landbrots, flóða og skriðufalla.
- **Álag á náttúru, samfélag og innviði vegna mikils fjölda ferðafólks** og hvernig stýra megi uppbyggingu þannig að áhrifin verði sem jákvæðust fyrir umhverfi, samfélag og efnahag.
- **Þörf fyrir auðlindir** eins og raforku, neysluvatn og jarðefni, einkum í takt við uppbyggingu í ferðaþjónustu, og sjálfbær nýting þeirra.
- **Þörf fyrir samgöngubætur** innan sveitarfélagsins og við aðra landshluta til að auka umferðaröryggi, stytta vegalengdir og tryggja að viðhald sé í samræmi við aukið álag vegna fjölgunar ferðamanna. Einnig leiðir til að auka nýtingu almenningsgangna og styðja við virka og vistvæna ferðamáta.

- **Þörf fyrir innviði vegna orkuskipta** og tilheyrandi aðgengi að orku.
- **Áhrif uppbyggingar, umferðar og skógræktar** á náttúrufar, líffræðilega fjölbreytni og landslag og þróun leiða til að áhrifin verði sem jákvæðust.
- **Efling búsetumöguleika og búsetugæða í dreifbýli**, þ.m.t. íbúðir án tengsla við búskap, uppbygging sjálfbærrar ferðaþjónustu, bætt fjarskipti og samfélagsþjónusta.
- **Styrking búsetugæða á Höfn**, þ.m.t. umgjörð um íbúðarbyggð, samfélagsþjónustu, atvinnustarfsemi, útivist og ferðamáta allra aldurs- og félagshópa.
- **Viðhald og efling landbúnaðar**, t.d. með verndun góðs ræktarlands sem hentar til matvælaframleiðslu.
- **Efling Vatnajökulsþjóðgarðs** til byggðaþróunar.

Nánar er fjallað um þessar áskoranir í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins, út frá þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnuhluta aðalskipulagsins.

3. Sýn og áherslur

3.1 Framtíðarsýn og gildi

Sveitarfélagið hefur markað sér sýn og heildarstefnu undir yfirskriftinni **Hornafjörður - náttúrulega!** Sýnin er fest í sessi í þessu aðalskipulagi en hún er að:

- **Byggðarlagið - sveitir og þéttbýli styrkist** sem eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim.
- **Mannlíf og lífsgæði blómstri** í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru.
- **Fólk hafi jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi** með framúrskarandi þjónustu.
- **Lifandi menning og öflug nýsköpun** sé einkennandi.

Með virðingu, framsækni og samvinnu verður unnið að sýninni og er aðalskipulag eitt mikilvægasta verkfæri sveitarstjórnar til að stuðla að því að hún verði að veruleika. Í því er mörkuð stefna í umhverfis- og skipulagsmálum sem miðar að sýninni. Deiliskipulag, byggingar- og framkvæmdaleyfi eru síðan þau stjórnþæki sem sveitarfélagið hefur til að framfylgja stefnu aðalskipulags. Við beitingu þeirra þarf að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við markmið og skipulagsákvæði og getur aðferðafræði umhverfismats áætlana gegnt þar hlutverki.⁵³



Mottó og gildi Sveitarfélagsins Hornafjarðar

⁵³ Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Sbr. einnig gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins

3.2 Nálgun við móttun nýs aðalskipulags

Við móttun aðalskipulagsins var tekið mið af fyrirbyggjandi áætlunum og stefnum á lands- og svæðisvísu sem og stefnuskjölum og áætlunum sveitarfélagsins.⁵⁴ Einnig var hliðsjón höfð af sjónarmiðum sem komu fram á íbúafundum og í vefkönnunum meðal íbúa og landeigenda⁵⁵. Þegar umsagnir um tillögu á vinnslustigi liggja fyrir verður unnið úr þeim og tekin afstaða til hvort gerðar verði breytingar á tillögunni áður en hún verður auglýst formlega með tilskyldum 6 vikna athugasemdafresti.

Við framsetningu aðalskipulagsins var lögð áhersla á að skýra hvaða helstu forsendur liggja að baki markmiða aðalskipulagsins, sbr. forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Í henni er hvert markmið tekið fyrir og dregnar fram upplýsingar um stöðu, þróun og stefnuskjöl sem það varða, og var gátlisti fyrir umhverfismat hafður til hliðsjónar við þá samantekt, en hann er að finna í skýrslunni.

Hvað er vistkerfi?

Vistkerfi er safn lífvera „sem hafast við í afmörkuðu rými af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífveranna og tengslum þeirra við lífræna jafnt sem ólífræna umhverfispætti sem tilheyra kerfinu, svo sem loft, vatn, jarðveg og sólarljós.“

[5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.](#)

⁵⁴ Sjá lista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins

⁵⁵ [Sjá aðalskipulagsvef](#)

Þjónusta vistkerfa er dregin fram í stefnuhluta aðalskipulagsins og forsendu- og umhverfismatsskýrslu til að minna á að standa þarf vörð um vistkerfi við alla skipulagsgerð þar sem náttúran og ferlar hennar eru grundvöllur tilveru, afkomu og velferðar einstaklinga og samfélags. Þjónustan er gjarnan flokkuð í þrjá flokka:


- **Hráefni og aðföng** eins og matur, byggingarefni, eldsneyti, ferskvatn og efni sem nýtast í margskonar framleiðslu.
- **Stýri- og stuðningsþjónusta** er m.a. frjóvgun og frævnun nytjaplantna, hreinsun mengunarefna úr vatni, lofti og jarðvegi, hringrás næringarefna, myndun jarðvegs og flóð- og skriðuvarnir.
- **Meningartengd þjónusta** er t.d. vellíðan í útivist, tækifæri til þekkingaröflunar, fagurfræðilegar og andlegar upplifanir sem geta veitt innblástur til hvers konar sköpunar.

HRÁEFNI OG AÐFÖNG



Dæmi:
Frjósemi jarðvegs
Ferskt vatn
Hreint loft
Búfé, fiskur
Timbur, trefjar
Sveppir, ber o.fl.
Erfðaefni

STÝRI- OG STUÐNINGS-ÞJÓNUSTA



Dæmi:
Frævnun
Hitastýring
Kolefnisbinding
Meindýravarðnir
Stýring vatns
Hreinsun vatns
Hreinsun lofta

MENNINGAR- TENGÐ ÞJÓNUSTA



Dæmi:
Útivist
Fegurð, landslag
Meningarleg sjálfsmynd

Þjónusta sem vistkerfi veita mannfólki (*European Environment Agency*)

4. Vistkerfi og auðlindir

SÝN

Sveitarfélagið Hornafjörður er framfaradrifið sjálfbært fyrirmyndarsamfélag þar sem fólk býr í sátt og samlyndi við náttúruna.



Þjónusta vistkerfa tengd vistkerfum og auðlindum

Loftslag og náttúruvá

Votlendisvistkerfi og skógar binda kolefni og draga þannig úr loftslagsbreytingum af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda. Vistkerfi hafa einnig áhrif á nærloftslag, en til dæmis er áberandi stillt og hlýtt veðurfar í skóglendi Skaftafells. Þá eru samlegðaráhrif milli verndunar náttúru, líffræðilegs fjölbreytileika og loftslagsaðgerða. Endurheimt votlendis s.s. leira, tjarna eða vatna getur skipt miklu máli fyrir verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og á sama tíma dregið úr losun kolefnis frá landi.

Náttúruvá og tjónmætti eykst gjarnan samhliða hnignun vistkerfa. Nefna má að sandfok eykst þegar rof verður á áður grónu landi og grjóthrun og ofanflóð verða frekar úr gróðursnauðum fjallshlíðum en grónum.⁵⁶ Framræsla votlendis skerðir getu lands til að hreinsa vatn og getu til að dempa flóðasveiflur með þeim afleiðingum að flóðahætta eykst⁵⁷.

Vatn og strandsjór

Votlendi hreinsa vatn og miðla því auk þess sem þau dempa flóð. Einnig er líklegt að framræsla votlendis auki rennissveiflur í ám sem getur spillt fyrir fiskistofnum⁵⁸.

⁵⁶ [Umhverfisráðuneytið 2008: Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni](#)

⁵⁷ [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2016. Endurheimt votlendis, aðgerðaráætlun](#)

⁵⁸ [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2016. Endurheimt votlendis, aðgerðaráætlun](#)

Land og jarðvegur

Vistkerfi sjá um myndun jarðvegs, næringarhringrás í jarðvegi, frumframleiðslu lífmassa, vörn gegn jarðvegsofri og sjá um frjóvgun og frævon auk þess sem þau viðhalda gróðurþekju. Kjarr í fjallshlíðum bindur vatn og jarðveg og dregur úr líkum á aurskríðum og flóðum.⁵⁹

Lífríki og landslag

Ákveðin vistkerfi, s.s. votlendi, búa yfir fjölbreyttu lífríki og mikilli frjósemi. Landslag sveitarfélagsins er aðdráttarafi fyrir fjölda ferðamanna og er því efnahagslega mikilvægt samfélaginu. Landslagið veitir einnig menningartengda þjónustu sem felur í sér t.d. upplifanir og þekkingu. Landslag er hluti af menningararfi og staðaranda og því getur fólk upplifað breytingar á landslagi sem missi. Landslag veitir fólki einnig fegurð og kyrrð og fólk nýtir landslag til útivistar og ferðalaga.

⁵⁹ [Umhverfisráðuneytið 2008: Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni](#)

4.1 Loftslag og náttúruvá

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

LN.A Stuðla að kolefnishlutleysi sveitarfélagsins og auknum viðnámsþrótti byggðar, umhverfis og samfélags gegn loftslagsbreytingum.

LN.B Draga úr hættu vegna náttúruvár, þ.m.t. vá vegna loftslagsbreytinga, og beita aðgerðum til að koma í veg fyrir röskun vistkerfa, slys, manntjón og eignatjón vegna hennar.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvæðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og byggingar- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

LN.1 Draga úr losun kolefnis og annarra gróðurhúsa-lofttegunda, með því að:

- Forðast að raska svæðum sem binda umtalsvert magn af kolefni, s.s. votlendi og gróskumikil gras- og mólendi.
- Gera ráð fyrir innviðum vegna orkuskipta.
- Skapa byggðarmynstur í þéttbýli sem hvetur til virkra ferðamáta.
- Skapa byggðarmynstur í dreifbýli sem styður við uppbyggingu samfélagsþjónustu í nærumhverfi.
- Gera ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum og -stígum í dreifbýli til að styðja við fyrir virka ferðamáta.
- Gera ráð fyrir möguleikum á góðum aðstæðum á biðstöðum almenningsvagna bæði í þéttbýli og dreifbýli.

LN.2 Auka bindingu kolefnis með því að:

- Leitast við að endurheimta votlendi og önnur vistkerfi sem binda kolefni og forðast að skerða þau.
- Forðast að skerða birkiskóga og leitast við að endurheimta náttúrulega birkiskóga og önnur vistkerfi sem hefur verið raskað.
- Stuðla að því að landgræðsla og skógrækt í dreifbýli sé vel

undirbúin m.a. m.t.t. áhrifa á náttúrufar og landslag og getu mismunandi jarðvegs og gróðurs til að binda kolefni.

- Stuðla að aukinni gróðursetningu trjáa og annars gróðurs í þéttbýli.

LN.3 Vinna að aðlögun að breytingum á loftslagi og áhrifum þeirra, með því að:

- Beita aðgerðum gegn röskun vistkerfa, slysum, manntjóni, eignatjóni og því að verðmætar menningarminjar hverfi.
- Leggja áherslu á náttúrumiðaðar lausnir, en það eru þær sem standa vörð um vistkerfi og stuðla að fjölbreytni þeirra.
- Stuðla að aukinni meðvitund almennings, landeigenda, framkvæmdaraðila og stofnana um möguleg viðbrögð við og aðlögun að loftslagsbreytingum, s.s. með fræðslu við skipulagsgerð og leyfisveitingar.

LN.4 Taka tillit til hættu sem stafar af loftslagsbreytingum og annarri náttúruvá með því að

- Nýta tiltækar upplýsingar um náttúruvá og áhrif loftslagsbreytinga á hana, þ.m.t. gögn um hættu vegna skriðufalla, vatnsflóða, jökulhlaupa, breytinga á rennsli jökuláa, breytinga á stærð og legu jökullóna, landriss, gróðurelda, sandfoks, vindafars, aukinna öfga í veðurfari og eldgosa.
- Nýta nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.
- Gera ráð fyrir flóttaleiðum og brunavörnum í byggð og á skógi vöxnum svæðum. svo sem vegna eldgosa, flóða og gróðurelda.

4.2 Vatn og strandsjór

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

VS.A Stuðla að hreinleika vatns og nægu framboði á vatni til sjálfbærrar nýtingar.

VS.B Vernda vatnstengd vistkerfi og endurheimta eftir því sem við á. þ.m.t. vötn, ár, votlendi, leirur og strandsjó.

VS.C Koma í veg fyrir tjón vegna vatnsflóða, jökulhlaupa og sjávarflóða, þ.m.t. með náttúrumiðuðum lausnum.

VS.D Nýta jarðhitavatn og vatnsafl með sjálfbærum hætti til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styðja við orkuskipti og tryggja orkuöryggi.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

VS.1 **Stuðla að miklum gæðum og nægu framboði grunnvatns til neyslu og fyrir atvinnustarfsemi, með því að:**

- Gæta þess að einkavatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra verði skilgreind í deiliskipulagi.
- Beita, eftir því sem kostur er og við getur átt, blágrænum ofanvatnslausnum til náttúrulegrar hreinsunar vatns, einkum í þéttbýli.

VS.2 **Koma í veg fyrir mengun yfirborðsvatns og strandsjávar, með því að:**

- Draga úr losun hættulegra efna, óhreinsaðs skólps og fráveitu.
- Beina öllu skólpi á Höfn í gegnum hreinsistöð.
- Beita, eftir því sem kostur er og við getur átt, blágrænum ofanvatnslausnum til náttúrulegrar hreinsunar vatns, einkum í þéttbýli.

VS.3 **Stöðva framræslu votlendis og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er, með því að:**

- Hvetja til verndar og endurheimtar votlendis.

VS.4 **Taka mið af vatnstengdri náttúruvá við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda, með því að:**

- Meta hættu vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa sem og bráðnunar sífrera á fyrirhuguðum byggðar- og framkvæmdasvæðum, þar sem við á.
- Bregðast við niðurstöðum hættumats með viðeigandi hætti.

VS.5 **Nýta jarðhitavatn og vatnsafl með sjálfbærum hætti.**

- Sjá kafla 6.2 um orkulindir.



4.3 Land og jarðvegur

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

LJ.A Vernda jarðfræðilega fjölbreytni og merkar jarðminjar.

LJ.B Nýta jarðefni til mannvirkjagerðar með skynsamlegum hætti og með lágmarksáhrifum á landslag, lífríki og loftslag.

LJ.C Stöðva jarðvegseyðingu, ásamt því að vernda og endurheimta jarðveg.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og byggingar- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

LJ.1 Vernda stakar jarðminjar og jarðfræðilega merkileg svæði, með því að:

- Gera grein fyrir merkilegum jarðminjum í skipulagstillögum og/eða í byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum.
- Forðast að raska þeim jarðminjum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd og öðrum merkilegum jarðminjum.

LJ.2 Standa vel að efnistöku og haugsetningu jarðefna, með því að:

- Setja skýr skipulagsákvæði um gagnakröfur og málsmeðferð við veitingu framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku og efnislosun.

LJ.3 Vernda og byggja upp gróður og jarðveg og standa sérstakan vörð um kolefnisríkan jarðveg, með því að:

- Taka mið af ástandi lands og kolefnisbúskap við ákvarðanir um mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu.
- Hvetja til landgræðslu og endurheimtar vistkerfa.

LJ.4 Stöðva landbrot og efla flóðavarnir, með því að:

- Heimila gerð varnargarða og annarra varnarmannvirkja án þess að aðalskipulagið skilgreini hvar og hvernig það sé gert en að undangenginni viðeigandi málsmeðferð.



4.4 Lífríki og landslag

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

LL.A Viðhalda heilbrigði heilla vistkerfa lands, stranda og sjávar og stuðla þar með að viðhaldi og styrkingu líffræðilegrar fjölbreytni.

LL.A Vernda náttúrufars- og landslagssérkenni sveitarfélagsins og taka mið af þeim við mannvirkjagerð.

LL.C Standa vörð um Vatnajökulspjóðgarð sem sameiginlega arfleifð mannkyns.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvæðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

LL.1 **Styrkja heilbrigði vistkerfa, líffræðilega fjölbreytni og náttúrufarssérkenni**, með því að:

- Beita náttúrumiðuðum lausnum við að takast á við áhrif loftslagsbreytinga.
- Taka tillit til mikilvægra búsvæða fugla og annarra dýra, s.s. votlendis, mólendis og strandsvæða.
- Forðast að raska votlendi og stuðla að endurheimt þess.
- Vernda náttúrulegan birkiskóg og stuðla að frekari útbreiðslu hans.
- Vinna gegn ágangi framandi tegunda.
- Leggja áherslu á innlendar trjátegundir við skógrækt og taka tillit til sérkenna náttúrufars og landslags við val á landi til skógræktar.
- Stuðla að því að nýting villigróðurs og annarra lífvera valdi náttúru ekki skaða.
- Taka tillit til náttúrufars við staðsetningu og hönnun mannvirkja.
- Nýta til fulls lögbundna þátttöku í svæðisráði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

LL.2 **Taka tillit til landslagssérkenna og styrkja þau**, með því að:

- Staðsetja og hanna mannvirki þannig að þau falli vel að náttúrulegu landslagi og búsetulandslagi eins og byggð í torfum, með því að greina landslagssérkenni, meta áhrif skipulags og framkvæmda á þau og leitast við að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum.
- Velja land og trjátegundir til skógræktar með hliðsjón af landslagssérkennum og sjónrænum áhrifum.
- Huga að áhrifum á verndargildi svæða við skipulag og leyfisveitingar, s.s. á jaðarsvæði þjóðgarðs.



5. Bygging og samfélag

SÝN

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er fjölskylduvænt og heilsueflandi umhverfi og samfélag þar sem er jafnræði og gott aðgengi að þjónustu og menntun



Þjónusta vistkerfa tengd byggð og samfélagi

Íbúar, húsnæði og lýðheilsa

Vistkerfi auka lýðheilsu og bæta búsetuskilyrði m.a. með því að veita tækifæri til útivistar og hreinsa mengunarefni úr vatni og loffi og veita vörn gegn náttúruvá. Bæði útivera og útsýni yfir náttúru eða græn svæði bæta andlega líðan og draga úr streitu. Gróður í þéttbýli getur dregið úr hávaða. Einnig eiga vistkerfi þátt í að draga úr smitsjúkdómum og meindýrum.

Byggðarmynstur og bæjarmynd

Þökk sé stórbrotnu landslagi er bæjarstæði Hafnar einstaklega fagurt og skapar sterkan staðaranda. Náttúran hefur frá upphafi haft áhrif á byggðarmynstur og landnotkun í sveitarfélaginu og er hún órjúfanlegur hluti menningarlandslags og sérkennum sveitarfélagsins. Gróður hefur líka áhrif á bæjarmyndina og hefur ásamt öðru lífríki jákvæð áhrif á og upplifun íbúa og gesta.

Samgöngur og umferð

Vistkerfi geta dregið úr áhrifum náttúruhamfara á mannvirki, þar á meðal samgöngumannvirki.

Þjónusta, verslun og menningarlíf

Vistkerfi veita bæði gestum og heimamönnum menningartengda þjónustu, þ.e. fagurfræðilega upplifun, innblástur og andlega upplifun.

Útivist, íþróttir og leikir

Vistkerfi skapa umhverfi fyrir margs konar útivist, svo sem göngur, hjólreiðar, siglingu.

5.1 Íbúar, húsnæði og lýðheilsa

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

ÍL.A Stuðla að íbúafjölgun og fjölbreytileika samfélagsins í þéttbýli og dreifbýli samhliða eflingu atvinnulífs og þjónustu.

ÍL.B Skapa vandað og heilsuvænt búsetuumhverfi sem er barnvænt og styður um leið við líkamlega, andlega og félagslega vellíðan annarra aldurs- og félagshópa.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

ÍL.1 Fjölga fjölbreyttum húsnæðismöguleikum fyrir alla aldurs- og félagshópa, með því að:

- Gera ráð fyrir íbúðarsvæðum bæði í þéttbýli og dreifbýli sem svara sem best áætlaðri eftirspurn og skipulagsákvæði þeirra tryggi fjölbreytni í húsagerðum og íbúðastærðum.
- Veita möguleika á stökum íbúðarhúsum á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búskap.
- Veita möguleika á áframhaldandi þróun Nesjahverfis sem íbúðarsvæðis og gera ráð fyrir íbúðar- og þjónustukjarna í hverri sveit.
- Leggja áherslu á fjölgun minni íbúða á Höfn, einkum miðsvæðis og í grennd við þjónustu til að bregðast við líklegum lýðfræðilegum breytingum, þ.e. fjölgun eldri borgara, einhleypra, minni fjölskyldna og ungs barnlauss fólks.

ÍL.2 Veita möguleika á að dvelja tímabundið í sveitarfélaginu og styðja þannig við þjónustustarfsemi, með því að:

- Gera ráð fyrir frístundabyggðarsvæðum.
- Veita möguleika á stökum frístundahúsum á landbúnaðarsvæðum.
- Setja skipulagsákvæði sem tryggja hreinleika vatns, strandsjávar, lands og lofts, sem og góða hljóðvist og meðhöndlun úrgangs.
- Gera ráð fyrir svæðum og rýmum í þéttbýli og dreifbýli fyrir hverskonar útiveru sem veitir möguleika á hreyfingu, hvíld, endurnæringu, leik og samveru.
- Skapa byggðarmynstur í þéttbýli sem miðar að 20 mínútna bæ og hvetur til virkra ferðamáta.
- Tryggja gott aðgengi fólks með fötlun.
- Beita umhverfis- og náttúruvænum lausnum hvar sem kostur er.
- Meta áhrif skipulags og framkvæmda á lýðheilsu.

ÍL.3 Beita skipulagi til stuðnings heilsuefandi og barnvænu samfélagi, með því að:

- Setja skipulagsákvæði sem tryggja hreinleika vatns, strandsjávar, lands og lofts, sem og góða hljóðvist og meðhöndlun úrgangs.
- Gera ráð fyrir svæðum og rýmum í þéttbýli og dreifbýli fyrir hverskonar útiveru sem veitir möguleika á hreyfingu, hvíld, endurnæringu, leik og samveru.
- Skapa byggðarmynstur í þéttbýli sem miðar að 20 mínútna bæ og hvetur til virkra ferðamáta.
- Tryggja gott aðgengi fólks með fötlun.
- Beita umhverfis- og náttúruvænum lausnum hvar sem kostur er.
- Meta áhrif skipulags og framkvæmda á lýðheilsu.

ÍL.4 Stuðla að öryggi íbúa og gesta gagnvart náttúruvá og slysum, með því að:

- Setja skipulagsákvæði um viðeigandi gagnaöflun og hættumat vegna náttúruvá og slysa.
- Setja skipulagsákvæði sem heimila varnargarðagerð þar sem hennar er þörf.
- Tryggja við skipulagsgerð og hönnun, aðgengi viðbragðsaðila að fjölförnum ferðamannastöðum og öðrum þar sem hætta er talin geta skapast.
- Tryggja góðar aðstæður björgunarmiðstöðvar á Höfn.



5.2 Byggðarmynstur og bæjarmynd

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

BB.A Stuðla að jákvæðum efnahags-, félags- og umhverfislegum tengslum á milli sveitanna og Hafnar.

BB.B Stuðla að miklum gæðum hins byggða umhverfis og styrkingu sérkenna þess.

BB.C Auka vitund um menningararf, verndun hans og nýtingu, m.a. til að styrkja sérkenni, staðaranda og sögulegt samhengi hins byggða umhverfis.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

BB.1 Styrkja Höfn sem meginkjarna sveitarfélagsins með sterkt þjónustu- og vinnusóknarsvæði, með því að:

- Gera ráð fyrir nýju íbúðar-, þjónustu- og atvinnuhúsnæði á Höfn í aðlaðandi umhverfi.
- Kalla eftir umbótum á vegakerfi til að stytta vegalengdir og auka umferðaröryggi.

BB.2 Styrkja byggð í dreifbýli, með því að:

- Stuðla að fjölgun starfa í dreifbýli með möguleika á aukinni húsnæðisuppbýggingu þar, ýmist í stærri íbúðarkjarna í hverri sveit, í minni hverfum á eða við bæjartorfur, eða stökum húsum við núverandi býli, samkvæmt almennum og sértækum ákvæðum fyrir viðeigandi landnotkunarflokka.

BB.3 Stuðla að því að þróun byggðarmynsturs í sveitunum taki mið af menningarlandslagi þeirra með því að:

- Staðsetja nýja byggð í dreifbýli á bæjartorfum eða í þyrpingum líkt og hefð er fyrir víða í sveitarfélaginu.

BB.4 Stuðla að vandaðri mannvirkjagerð og sterkum staðaranda með því að:

- Setja ákvæði um að mannvirkjagerð taki mið af sögulegu samhengi, byggingarhefðum, landslagi og staðháttum og hafi

sem minnst kolefnisspor.

- Stuðla að verndun bygginga og annarra mannvirkja sem teljast verðmætur menningararfur.
- Taka mið af sérkennum í landslagi og náttúrufari við hönnun mannvirkja og almenningsrýma og leitast við að skapa fallegt sjónrænt yfirbragð.

BB.5 Umgangast fornleifar með virðingu, með því að:

- Stuðla að aukinni þekkingu um þær, einkum á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og þar sem ágangur sjávar eða áhrif loftslagsbreytinga kunna að valda skaða.
- Setja ákvæði um verndun fornleifa þar sem ástæða þykir til, s.s. áveitugarða.
- Stuðla að frekari skráningu minja og friðlýsingu verðmætra fornleifa.
- Hvetja til merkingar fornleifa og gera aðgengilegar þar sem þær eru á gönguleið eða útivistarsvæði.



5.3 Samgöngur og umferð

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

SU.A Stuðla að greiðum, öruggum og vistvænum samgöngum á landi á milli sveita og þéttbýlisins á Höfn, sem og við aðra landshluta á landi og í lofti.

SU.B Stuðla að greiðri og öruggri umferð á Höfn með áherslu á vistvæna og virka ferðamáta.

SU.C Stuðla að öruggu aðgengi ólíkra ferðamáta að Vatnajökulspjóðgarði og fjalllendi í grennd hans, með lágmarksáhrifum á landslag og lífríki.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvæðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

SU.1 **Stuðla að úrbótum á Hringvegi, Þjóðvegi 1, með því að:**

- Gera ráð fyrir styttingu og auknu öryggi Hringvegar með breytingu á legu Þjóðvegar í Örafum og Lóni og göngum um Lónsheiði. Einnig með breikkun Þjóðvegar og öðrum breytingum sem bæta umferðaröryggi.
- Kalla eftir breytingu einbreiðra brúa í tvíbreiðar.
- Kalla eftir fjölgun áningarstaða og örugga útskotum við Þjóðveginn þar sem fólk getur stöðvað, t.d. til að njóta útsýnis og taka myndir.

SU.2 **Bæta tengingu þéttbýlisins á Höfn við Hringveg og draga úr þungaumferð í gegnum bæinn, með því að:**

- Gera ráð fyrir færslu Þjóðvegar í þéttbýli yfir á austurjaðar bæjarins, þegar forsendur kalla á.

SU.3 **Bæta aðstæður fyrir virka og vistvæna ferðamáta á Höfn með því að**

- Byggja upp skilvirkt leiðakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur (þ.m.t. rafskútur) sem nýtist einnig fólki á hjólastólum og með göngugrind.
- Gróðursetja til að auka skjól á helstu ferðaleiðum.

- Gera ráð fyrir innviðum sem styðja við orkuskipti og vistvæn ökutæki.

SU.4 **Bæta aðstæður fyrir vistvæna ferðamáta í dreifbýli, með því að:**

- Gera ráð fyrir göngu-/hjólastíg og reiðstíg meðfram Þjóðvegi 1 og/eða eldri legu hans, sem og möguleika á að leggja stíga meðfram öðrum vegum og nýta aflagða vegi sem stíga.
- Hvetja til merkingar göngu-, reið- og hjólaleiða sem geta þjónað sem tengingar á milli byggðarkjarna í dreifbýli og á milli vinsælla ferðamannastaða.
- Bæta aðstæður fyrir almenningssamgöngur, í samráði við Vegagerðina þar sem við á.

SU.5 **Þróa leiðakerfi að Vatnajökulsþjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum, með því að:**

- Skilgreina skýrar ferðamannaleiðir, fyrir akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi, í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð og setja reglur um þær m.t.t. jafnvægis á milli ferðamáta og hagsmuna hefðbundinna nota s.s. beitar og smölunar.
- Vinna áfram að þróun Jöklaleiðarinnar sem er leið í nágrenni jökla eftir endilöngu sveitarfélaginu.
- Móta stefnu um lendingarstaði og umferðarsvæði loftfara í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð.
- Stuðla að bættu aðgengi að ferðamannastöðum sem þola mikinn fjölda gesta.

- Kortleggja og skrá vegi utan þjóðvega í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands í samvinnu við landeigendur og lögbundna umsagnaraðila.

SU.6 **Bæta aðstöðu fyrir áætlunarflug og flug vegna björgunarstarfa, með því að:**

- Gera ráð fyrir svigrúmi fyrir þróun Hornafjarðarflugvallar sem millilandaflugvallar, tryggja góða tengingu við Hringveg, og kalla eftir góðu viðhaldi og bættum aðstæðum þar.
- Gera ráð fyrir að flugvöllur við Skaftafell og að Fagurhólsmýri í Öræfum geti nýst fyrir sjúkraflug.
- Tryggja góðar aðstæður björgunarmiðstöðvar á Höfn.

SU.7 **Tryggja góðar aðstæður fyrir báta- og skipaferðir**

- Sjá markmið ÞA.e um hafnsækna starfsemi í 6. kafla um atvinnulíf og grunnkerfi.



5.4 Þjónusta, verslun og menningarlíf

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

ÞV.A Styrkja samfélagsþjónustu til að bæta sveitarfélagið sem búsetukost.

ÞV.B Styrkja verslunar-, þjónustu- og menningarstarfsemi til eflingar atvinnulífs og samfélags.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvæðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

ÞV.1 Bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu, með því að:

- Tryggja nægjanlegt rými fyrir framtíðarþróun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Höfn, fyrir byggingar, aðkomu og bílastæði.
- Stuðla að háhraðatengingum sem styðja við fjarheilbrigðisþjónustu.
- Stuðla að bættu vegakerfi og góðum aðstæðum fyrir almenningssamgöngur á landi og í lofti til að auðvelda sjúkraflutninga.
- Styðja við hreyfingu sem mögulegt meðferðarúrræði með því að beita lýðheilsuvænum skipulagsáherslum við þróun byggðar.

ÞV.2 Bæta aðgengi að menntun og hlúa að þekkingaröflun, með því að:

- Búa vel um öll skólastig og rannsóknarstofnanir.
- Stuðla að háhraðatengingum til að styðja við fjarnám og samskipti á milli stofnana.
- Stuðla að bættu vegakerfi og aðstæðum fyrir almenningssamgöngur á landi og í lofti til að auðvelda skólasókn og

samskipti.

ÞV.3 Bæta aðgengi að verslun og þjónustu, með því að:

- Bæta vegakerfi og aðstæður fyrir almenningssamgöngur.
- Búa vel um starfsemina á Höfn og þróa miðbæ þar.
- Heimila minniháttar verslunar- og þjónustustarfsemi á landbúnaðarsvæðum og gerasamfélagsþjónustu í íbúðarbyggð í dreifbýlinu.

ÞV.4 Hlúa að fjölbreyttu menningarlífi og skapandi greinum, með því að:

- Sinna vel viðhaldi menningarhúsa /samkomuhúsa svo þau nýtist sem best fyrir ýmiskonar viðburði og starf í þágu íbúa.
- Skapa sem best umhverfi fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.



5.5 Útivist, íþróttir og leikir

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

- ÚÍ.A Skapa fjölbreytt tækifæri til almennrar heilsueflingar úti við.
- ÚÍ.B Bjóða upp á frábær leiksvæði og fyrirmyndaraðstöðu til að stunda íþróttir hvort heldur sem er í leik eða keppni við sjálfan sig eða aðra.

ÚÍ.C Líta á göturými og önnur almenningsrými sem mikilvæg fyrir útiveru og samveru, jafnt sem samgöngur og bæjarmynd.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvæðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

ÚÍ.1 Skapa fyrirmyndaraðstæður á Höfn fyrir margskonar leik og útiveru allra aldurs- og félagshópa, með því að:

- Þróa heildstætt kerfi grænna svæða, innan og á jaðri byggðarinnar, sem tengjast með stígum eða grænum götum og bjóða upp á margvíslega hreyfingu auk sterkra tengsla við náttúru.
- Tryggja góð leiksvæði innan íbúðarhverfa og/eða í göngufæri frá heimilum.
- Hanna og móta minni og stærri almenningsrými sem áningarstaði eða samverustaði.
- Gera ráð fyrir tækifærum til matjurtaræktunar í grennd við þéttbýlið.
- Sjá nánar stefnu og skýringar í kafla 7 um þéttbýlið á Höfn.

ÚÍ.2 Viðhalda vel og bæta aðstöðu til íþróttá á Höfn, með því að:

- Tryggja rými og góðar aðstæður á keppnis- og almennings-íþróttasvæðum.
- Sjá nánar stefnu og skýringar í kafla 7 um þéttbýlið á Höfn.

ÚÍ.3 Skapa góðar aðstæður til útivistar og leikja í sveitum, með því að:

- Gera ráð fyrir leiksvæðum á íbúðarsvæðum í dreifbýli og á verslunar- og þjónustusvæðum sem eru með íbúðir. Einnig á stærri frístundabyggðarsvæðum og á svæðum fyrir samfélagsþjónustu.
- Safna gögnum um göngu- og reiðleiðir og setja fram í aðalskipulagsvefsjá þannig að auðvelt sé að átta sig á hvar hægt er að fara um og hvar þarf að taka tillit til mikilvægra leiða við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir.
- Hvetja til þess að skógarreitir og aðrir gróðurreitir séu gerðir aðgengilegir fyrir almenning þar sem hentar.
- Heimila gerð reiðstíga og reiðvalla á landbúnaðarsvæðum.
- Gera ráð fyrir rými fyrir leiksvæði við skóla og félagsheimili.

6. Atvinnulíf og grunnkerfi

SÝN

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er blómlegt og sjálfbært atvinnulíf með fjölbreyttum atvinnutækifærum sem byggist á sérkennum svæðisins, ekki síst því að vera í ríki Vatnajökuls.



Þjónusta vistkerfa tengd hagsæld og framþróun

Þróun atvinnulífs

Helstu atvinnuvegir sveitarfélagsins. ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, grundvallast á gæðum náttúrunnar og þjónustu vistkerfa. Því er sjálfbær nýting auðlinda sem tryggir heilbrigði vistkerfa hagur bæði íbúa og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Hagur ferðaþjónustunnar er að miklu leyti háður þeim náttúruþyrirbrigðum og útivistarmöguleikum sem fyrirfinnast á svæðinu. Flest ferðafólk sækir sveitarfélagið heim til að komast í snertingu við náttúru svæðisins og því nýta ferðaþjónustuaðilar náttúruna til atvinnusköpunar. Vistkerfi veita bæði gestum og heimamönnum menningartengda þjónustu, þ.e., fagurfræðilega upplifun, innblástur og andlega upplifun í gegnum ferðalög og útivist. Ferðaþjónusta sem raskar eða skaðar vistkerfi er ósjálfbær þar sem hún veikir sínar eigin stoðir.

Vistkerfi skapa skilyrði til fæðuframléiðslu með landbúnaði. Fæðan kemur úr manngerðum landbúnaðarvistkerfum en náttúran sér þó um ýmislegt s.s. vatnshringrás, jarðvegsmýndun, hringrás næringarefna, frumframléiðslu lífmassa, ljóstíllifun, ferskt vatn, orku, frjóvgun og að einhverju leyti dreifingu fræja. Vistkerfi veita einnig vörn gegn meindýrum. Þá er líffræðilegur fjölbreytileiki mikilvægur fyrir fæðuöryggi.⁶⁰ Landbúnaður getur ýmist stutt við heilbrigði vistkerfa eða dregið úr því en landbúnaður er aðeins sjálfbær sé hann stundaður í sátt við vistkerfi.

Vistkerfi sjávar og ferskvatns skapa skilyrði fyrir sjávarútveg. Einnig tryggja vistkerfi hringrás vatns, frumframléiðslu, og viðhald erfðafjölbreytileika sem er grundvöllur fyrir afkomu dýrastofna.

Orkuframléiðslu og orkuflutningur

Úr orkujurtum eins og repju og nepju má búa til eldsneyti. Sólarorka, jarðhiti, vatnsorka, vindorka og sjávarföll falla líka undir vistkerfisþjónustu þar sem um ræðir náttúrulega ferla sem hafa með beinum og óbeinum hætti jákvæð áhrif á lífsgæði fólks.

Veitur og fjarskipti

Hægt er að nýta ákveðin vistkerfi til að draga úr álagi á fráveitukerfi. Votlendi og gróður í byggð tempru flæði vatns (blágrænar ofanvatnslausnir). Einnig nýtir fólk náttúruna til menntunar, þekkingarsköpunar og vísindarannsóknar sem leiða til tækniframfara og nýsköpunar.

Úrgangsstjórnun

Úrgangi fylgir mengun en til dæmis veldur urðun úrgangsmengun í jarðvegi sem getur seyðlað út í grunnvatn. Heilbrigð vistkerfi geta hreinsað mengunarefni úr jarðvegi, vatni og andrúmslofti.

⁶⁰ Alison Power 2010. [Ecosystem services and agriculture: tradeoffs and synergies](#)

6.1 Þróun atvinnulífs

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

ÞA.A Auka fjölbreytni og sjálfbærni atvinnulífs með áherslu á sérkenni og auðlindir í umhverfi, menningu og samfélagi sveitarfélagsins og þau tækifæri sem felast í að vera innan og á jaðri Vatnajökulspjóðgarðs.

ÞA.B Stuðla að því að starfsemi á sviði landbúnaðar og ferðaþjónustu geti dafnað vel í góðu sambýli hver við aðra með jákvæðum áhrifum á samfélagið.

ÞA.C Stuðla að áframhaldandi öflugum sjávarútvegi og annarri sjávartengdri starfsemi, þjónustu henni tengdri og ýmiskonar iðnaðar-, flutninga- og byggingastarfsemi.

ÞA.D Hlúa að frumkvæði með áherslu á sjálfbæra og tæknilega nýsköpun, rannsóknar- og þekkingarstarfsemi og skapandi greinar.

ÞA.E Leggja áherslu á mikilvægi búsetugæða og traustra innviða fyrir atvinnulíf.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

ÞA.1 Nýta auðlindir á sjálfbæran og skilvirkan hátt og takmarka soun eins og mögulegt er, með því að:

- Beita leiðum sem lýst er í kafla 4 um vistkerfi og auðlindir.
- Gæta þess að uppbygging atvinnulífs sé í samræmi við þolmörk náttúru, innviða, samfélags og efnahags.
- Stuðla að þróun hringrásarhagkerfis með áherslu á staðbundna styrkleika, aukna fullvinnslu, endurnýtingu hráefna og bættu nýtingu stað- og svæðisbundinna auðlindastrauma þar sem affall eins fyrirtækis er auðlind annars.
- Beita náttúrumiðuðum lausnum hvar sem hægt er til að efla atvinnulíf og samfélag.

ÞA.2 Veita svigrúm fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi, með því að:

- Afmarka svæði og setja skipulagsákvæði sem styðja við fjölbreytta starfsemi í þéttbýli og dreifbýli í samræmi við áætlaða þörf og eftirspurn.
- Heimila búsetu án tengsla við búskap og ýmiskonar aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum, þ.m.t. ferðaþjónustu og vinnuaðstöðu fyrir fjarvinnu, s.s. rannsókn- og vísindastörf, sérfræðiþjónustu. Einnig aðstöðu fyrir handverk, listir og aðrar skapandi greinar.
- Heimila aðstöðu fyrir matarfrumkvöðla og ýmiskonar

vöruþróun á landbúnaðarsvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum í dreifbýli.

- Leggja áherslu á að starfsemi innan Vatnajökulsþjóðgarðs styðji við fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu.

ÞA.3 Stuðla að uppbyggingu í sjálfbærri ferðaþjónustu sem miðar að minnkandi kolefnisspori og leggur áherslu á einstaka upplifun heimamanna og gesta í magnaðri náttúru og einstöku landslagi, með áhugaverða sögu og samfélag, með því að:

- Krefjast þess við aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsgerð að gerð sé grein fyrir hvernig uppbyggingin fellur að stefnu aðalskipulagsins og hver áhrif hennar á atvinnulíf, húsnæðismarkað og þjónustu kunna að verða.
- Krefjast þess að við aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsgerð í dreifbýli sé gerð grein fyrir hvernig tekið er mið af náttúru, landslagi og sögu sveitarfélagsins og/eða viðkomandi staðar, bæði hvað varðar staðsetningu og útfærslu mannvirkja og stýringu umferðar sem uppbyggingin skapar.
- Hafa gögn um náttúru, landslag, minjar og sögustaði sem aðgengilegasta í aðalskipulagsvefsjá svo framkvæmdaaðilar og ferðaþjónustuaðilar geti nýtt sér þau í sinni vöruþróun og uppbyggingu.
- Stýra umferð með því að skilgreina og flokka vegi í náttúru Íslands utan þjóðvegakerfis í samræmi við lög þar um.
- Miða að því að dreifa umferð og álagi á náttúru og draga úr

hagsmunaárekstrum á milli ólíkra ferðamáta, t.d. með dreifingu áfangastaða og vel skilgreindum leiðum.

- Eiga góða samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð um skipulag innan hans og aðgengi að honum fyrir alla ferðamáta.

ÞA.4 **Styðja við þróun fjölbreytts landbúnaðar, með því að:**

- Stuðla að fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarsvæða sem byggir á rannsóknum og vöktun á beitalandi, gróðri og jarðvegi og tekur tillit til landslagseinkenna og vistkerfa sem mikilvæg eru til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.
- Stuðla að verndun verðmæts landbúnaðarlands, sem er vel fallið til ræktunar matvæla og fóðurs.
- Stuðla að aukinni kolefnisbindingu og samdrætti í losun á landbúnaðarsvæðum, s.s. með verndun og endurheimt votlendis, endurheimt jarðvegs og gróðurs og með ræktun.
- Leggja áherslu á að skógrækt bæti landgæði, virði náttúru, líffræðilegan fjölbreytileika, landslag og minjar, bindi kolefni, skapi skjól og aðstöðu til útivistar um leið og til verður ný auðlind til ýmiskonar úrvinnslu.
- Hvetja til aukinnar endurnýtingar og endurvinnslu hráefna, þ.m.t. úrgangsefna.
- Veita með skipulagsákvæðum sveigjanleika til að stunda margvíslegar búgreinar á landbúnaðarsvæðum.
- Veita með skipulagsákvæðum sveigjanleika til búsetu í

dreifbýli án beinna tengsla við hefðbundinn búskap, í völdum kjörnum og stökum íbúðarhúsum.

ÞA.5 **Búa vel um sjávarútveg og aðra hafnsækna starfsemi, sem og iðnaðar- og athafnastarfsemi, með því að:**

- Beita þeim leiðum sem lýst er í kafla 7 um þéttbýlið.

ÞA.6 **Hlúa að þróun ýmiskonar þjónustu, þekkingarstarfsemi og skapandi greina, með því að:**

- Setja skipulagsákvæði sem heimila slíka starfsemi á landbúnaðarsvæðum og á verslunar- og þjónustusvæðum, svæðum fyrir þjónustustofnanir og í íbúðarbyggð í dreifbýli.
- Beita þeim leiðum sem lýst er í kafla 7 um þéttbýlið.

ÞA.7 **Stuðla að sem bestu búsetuumhverfi sem veitir lífsgæði og styður þannig við atvinnulíf, með því að:**

- Beita þeim leiðum sem lýst er í kafla 5 um byggð og samfélag og í köflum 6.2-6.4 um grunnkerfi orku, veitna, fjarskipta og úrgangsmeðhöndlunar.

6.2 Orkuframleiðsla og orkuflutningur

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

00.A Stuðla að því að nýting hverskonar orkulinda verði með sjálfbærum hætti í sátt við náttúru og samfélag og til að tryggja næga raforku, auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku, bæta orkunýtni og styðja við búsetu og atvinnulíf.

00.B Tryggja öruggan flutning raforku og innviði vegna orkuskipta.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

00.1 Tryggja að hverskonar orkuframleiðsla sé vel undirbúin og hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, með því að:

- Gera kröfu um vandaða beitingu umhverfismats á áætlana- og framkvæmdastigi og taka ákvarðanir og setja skilyrði með hliðsjón af niðurstöðum þess.
- Setja skýr skipulagsákvæði um vindorkunýtingu, smávirkjanir og ræktun orkujurta á landbúnaðarsvæðum.

00.2 Tryggja örugga afhendingu raforku sem hefur sem minnst neikvæð áhrif á landslag og stuðlar að orkuskiptum, með því að:

- Leggja áherslu á að þrífösun og lagningu dreifikerfa raforku í jörð verði hraðað.
- Gera ráð fyrir innviðum vegna orkuskipta í þéttbýli og dreifbýli.
- Skilgreina aðgerðir sem hægt er að grípa til í orkuskorti t.d. af völdum veðurfars eða náttúruhamfara.



6.3 Veitur og fjarskipti

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð og landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

VF.A Tryggja veitukerfi sem styðja við íbúa- og atvinnuþróun, heilnæmi umhverfis og heilbrigði vistkerfa sem geta staðist áföll, t.d. vegna loftslagsbreytinga.

VF.B Stuðla að fjarskiptakerfi sem er öflugt, öruggt, hagkvæmt og umhverfisvænt sem styður við búsetugæði og þróun atvinnulífs.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla þeirra í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum miði að því að:

VF.1 Tryggja skilvirk og hagkvæm hita- og vatnsveitukerfi, með því að:

- Hvetja til samnýtingar veitna við uppbyggingu svæða.
- Tryggja að vandað sé til verka þegar veitur eru lagðar í dreifbýli.

VF.2 Bæta fráveitumál í þéttbýli og dreifbýli, með því að:

- Vinna markvisst eftir aðgerðaáætlun í fráveitumálum.
- Takast á við aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga með því að beita blágrænum ofanvatnslausnum þar sem unnt er og tryggja að fráveitukerfi muni þola álagið.
- Beina öllu skólpi á Höfn í gegnum hreinsistöð.
- Stuðla að úrbótum fráveitumála í sveitum.

VF.3 Greiða fyrir uppbyggingu öflugra, öruggra, hagkvæmra og umhverfisvænna fjarskiptainniða, með því að:

- Heimila ljósleiðara og annan minniháttar fjarskiptabúnað innan allra landnotkunarflokka í dreifbýli og þéttbýli á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn sem skilgreind eru í almennum ákvæðum fyrir veitur og fjarskipti.
- Hvetja til bættra fjarskiptainniða.
- Gera ráð fyrir að ratsjárstöð með tilheyrandi starfsemi verði áfram á Stokksnesi.



6.4 Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi

MEGINMARKMIÐ

Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að:

ÚH.A Minnka úrgang og sóun og auka flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu.

ÚH.B Minnka losun skaðlegra efna út í andrúmsloft, vatn og jarðveg.

ÚH.C Styðja við heilbrigði vistkerfa svo þau geti hreinsað vatn, jarðveg og loft sem best.



MARKMIÐ OG LEIÐIR

Landnotkunarákvarðanir og skipulagsákvæði aðalskipulags, sem og útfærsla í deiliskipulagi og bygginga- og framkvæmdaleyfum, miði að því að:

ÚH.1 **Stuðla að hreinleika og heilnæmi umhverfis**, með því að:

- Beita viðeigandi ráðstöfunum og umhverfisvænum lausnum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.

ÚH.2 **Draga úr úrgangi til förgunar og auka möguleika á endurvinnslu og endurnýtingu**, með því að:

- Setja skipulagsákvæði sem heimila svæði og aðstöðu í þéttbýli og dreifbýli.
- Skipuleggja svæði fyrir söfnun á flokkuðum úrgangi sem er hæfur til endurvinnslu eða endurnýtingar.
- Vinna markvisst eftir svæðisáætlun um meðferð úrgangs.

7. Skipulag Hafnar

SÝN

Höfn verði fallegur 20-mínútna bær sem er aðgengilegur, náttúrulegur, skemmtilegur og öflugur.



7.1 Nálgun

Fjallað er um skipulag Hafnar út frá tveimur sjónarhornum skipulagsmála:

- Annarsvegar út frá skipulagi landnotkunar og grunnkerfa (land-use planning).
- Hinsvegar út frá bæjarhönnun (urban design) og er sá hluti skilgreindur sem rammahluti aðalskipulags, sbr. 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga.

Í kafla 7.2 eru sett fram leiðarljós fyrir þéttbýlið sem öll stefnumótun og markmið eiga að vinna að. Í kafla 7.3 er fjallað um þéttbýlið sem ein heild, heildarmynd Hafnar. Síðan er fjallað um helstu skipulagsviðfangsefni undir yfirskrifunum:

- Grænt grunnkerfi
- Umferðarkerfi
- Skemmtilegt íbúðarsvæði
- Samfélags- og íþróttasvæði
- Athafna- og hafnarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- Kjarni Hafnar

Umfjöllun um hvert viðfangsefni skiptist í eftirfarandi undirkafla:

- Greining
 - Landnotkunarskipulag
 - Bæjarhönnun
- Stefna
 - Meginmarkmið
 - Leiðir að markmiðum
 - Kort og fordæmismyndir til skýringar



Höfn í Hornafirði

7.2 Leiðarljós

Leiðarljósum aðalskipulagsins er ætlað að styðja við stefnu sveitarfélagsins um að vera barnvænt og heilsueflandi samfélag sem leitast við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.



Fallegur 20 mínútna bær

Þetta leiðarljós snýst um að á Höfn verði:

- Stuttar fjarlægðir milli íbúða og þjónustu þannig að hægt verði að fara daglegar ferðir á innan við 20 mínútum með virkum ferðamáta.
- Falleg og sérkennandi almenningrými og byggingar með virðingu fyrir sögu og landslagi.



Náttúrulegur bær

Þetta leiðarljós snýst um að á Höfn verði:

- Staðinn vörður um lífríki og landslag bæjarlandsins.
- Unnið gegn loftslagsbreytingum og brugðist við óhjákvæmilegum áhrifum þeirra.
- Gróðurrikt og náttúrulegt yfirbragð sem veitir skjól og ánægju.
- Frábærar aðstæður til að njóta útiveru til heilsueflingar.



Aðgengilegur bær

Þetta leiðarljós snýst um að á Höfn verði:

- Skilvirkt leiðarkerfi fyrir alla ferðamáta sem ánægjulegt og öruggt er að fara um.
- Gönguvænt umhverfi sem jafnframt er gott fyrir alla aðra ferðamáta.



Skemmtilegur bær

Þetta leiðarljós snýst um að á Höfn verði:

- Góðar aðstæður fyrir alla aldurs- og félagshópa til leikja, íþróttar, útiveru og samveru sem næst heimili.
- Umhverfi sem hvetur, nærir og veitir innblástur.
- Áfangastaður sem skemmtilegt er að heimsækja.



Öflugur bær

Þetta leiðarljós snýst um að á Höfn verði:

- Góðar aðstæður fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Mjög góð hafnaraðstaða og vel búið um hafnsækna starfsemi.
- Vaxandi verslun og þjónusta.
- Sterkur miðbæjarkjarni.
- Öflug ferðaþjónusta.


7.3 Heildarmynd Hafnar

GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG

Eldri byggðin upp af höfninni (Útbær) einkennist af blandaðri landnotkun og fíngerðu byggðarmynstri miðsvæðis, þar sem íbúðarhús eru í göngufæri við verslun - og þjónustu og athafnastarfsemi.

Einhæfara og grófara byggðarmynstur einkennir nýju byggðina vestan Hafnarbrautar (Innbær) með fremur stórum íbúðarhverfum fjær kjarna byggðarinnar.

Hafnarbraut er aðalgata bæjarins og jafnframt stofnvegur sem skilgreindur er að hluta til sem þjóðvegur í þéttbýli. Brautin er eina akstursleiðin inn og út úr bænum og um hana fer mest öll innanbæjarumferð. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir færslu þjóðveggarins yfir á austurjaðar bæjarins frá gatnamótum við Vesturbraut niður á Álaugarveg og að höfninni. Við endurskoðun aðalskipulagsins hafa aðrir legukostir verið til skoðunar, sjá nánar í kafla um gatnakerfið í kafla 7.5 og og í kafla 8.16 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Færslu þjóðveggar austur fyrir bæinn er ætlað að létta á þungaumferð í gegnum bæinn og bæta aðstæður íbúa, verslana og samfélagsþjónstu í grennd Hafnarbrautar.



Landnotkun skv. Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030, með staðfestum breytingum. Mannvirkjagrunnur miðað við árið 2023

20 mínútna bærinn

All stór hluti af landsvæði bæjarins er í 5-10 mínútna göngufjarlægð frá kjarna bæjarins en hinsvegar er fremur líttill hluti íbúðarbyggðarinnar innan þess radíusar og því er líklegt að íbúar aki frekar en gangi til vinnu og í útréttingar.

Bærinn hefur að hluta til verið byggður á landfyllingum og vegna landriss af völdum hörfunar jökla má reikna með að í framtíðinni verði til nýtt land þar sem nú eru leirur (sjá nánar kafla 7.6 hér aftar og kafla 4.1 og 8.16 í forsendu- og umhverfismatskýrslu).

Þá skapast mögulega betra tækifæri til að halda bænum innan 20 mínútna göngufæris frá helstu þjónustu s.s. skóla, heilsugæslu, leik-, íþrótt- og útivistarsvæði og verslunum. Það markmið stuðlar að góðri lýðheilsu og til að styðja við það enn frekar er mikilvægt að huga að bæjarhönnun s.s. hönnun göturýma og annarra almenningsrýma svo bærinn verði enn gönguvænni og aðgengilegri fyrir alla virka ferðamáta (sjá nánar í næsta kafla).

Uppbygging á landi sem „rís úr sæ“ er þó ekki sjálfgefin og þarf að skoða vel m.t.t. áhrifa á umhverfi og samfélag þegar þar að kemur, sem er eftir skipulagstímabil þessa aðalskipulags.



20 mínútna göngufjarlægð frá kjarna bæjarins á Höfn

GREINING: BÆJARHÖNNUN

Bæjarmyndin

Kort af fótsporur bygginga og húsa á Höfn sýnir hvers konar götumyndir og rými einkenna byggðina, sem og hvort göturými eru skýrt afmörkuð eða ekki. Kortið sýnir einnig stærð og form húsa, sem gefur vísbendingar um þéttleika og yfirbragð byggðarinnar.

Íbúðarhverfin einkennast af reglulegum húsagötum með skýr göturými og stærð húsa er sambærileg. Byggðarmynstrið miðsvæðis, á verslunar- og þjónustusvæðum og á athafna- og hafnarsvæði er að hluta til sundurlaust vegna þess að byggingarnar standa ekki í reglulegu mynstri við götu og sumstaðar er talsvert bil á milli þeirra.

Ráðandi byggingarform eru stakstæðar byggingar á rúmgóðum lóðum. Í bænum eru annarsvegar einbýli á 1-2 hæðum, raðhús og lítil fjölbýli í jöðrum og svo stærri atvinnuhúsnæði tengt sjávarútvegi, iðnaði og íþróttastarfsemi.



Kort af fótsporur bygginga, götumyndir og rými sem einkenna byggðina

Göturými


Byggingar og lóðir sitthvoru megin götu afmarka rými sem íbúar fara um dags daglega í ólíkum erindum og með einum eða öðrum fararmáta. Útfærsla og umgjörð göturýmanna skiptir því miklu máli fyrir aðgengi, öryggi og almenna vellíðan.

Á Höfn bjóða aðalgöturými upp á fremur fábreytta upplifun vegfarenda. Þau einkennast víðast hvar af lítilli afmörkun þ.e.a.s. aðliggjandi hús liggja ekki upp að götu heldur eru þar opnar grasflatir og bílastæði. Lítið er um að götutré og annar gróður eða fjölbreytni í yfirborðsefnum sé nýtt til afmörkunar.

Víða væri því hægt að bæta göturýmið með byggingum, gróðri eða landslagsmótun sem afmarkar rýmin og gerir þau áhugaverðari, skjólríkari, öruggari og þægilegri fyrir alla ferðamata.



Göturými Hafnarbrautar, við innkomuna inn í bæinn og að höfninni



Snið af Hafnarbraut og Víkurbraut. Lítill afmörkun er í göturýminu við innkomuna inn í bæinn (snið A-A1), þegar höfnin nálgast eru byggingarnar komnar nær götu og göturýmið verður afmarkaðra og gönguuhverfið ánægjulegra (snið B-B1). Við Víkurbrautina minnkar afmörkunin aftur, þar sem bílastæði og grasflatir koma á milli húsa og götu


Sjónlínur og kennileiti

Sérkenni bæjarmyndarinnar mótast m.a. af kennileitum, þ.e. byggingum, mannvirkjum eða landslagsþáttum sem augun beinast að. Þau eru hluti af ímynd staðarins en einnig læsileika byggðarinnar með því að hjálpa til við að rata um hana.

Höfn er umvafinn náttúru sem má segja að sé sterkasta kennileitið hvert sem litið er. Þegar horft er á milli húsanna inn í landið blasir fjallahringurinn við og þá helst Vestrahornið. Niðri við strandlengjuna vestan megin eru það skriðjökklar Vatnajökuls sem fanga augað. Sjórinn og höfnin setja mikinn svip á suðurenda bæjarins. Talsvert er um skemmtilegar sjónlínur á haf út eftir götum víðsvegar um bæinn. Frá Merkishóli og minnisvarða á Óslandi er gott útsýni yfir og að bænum.

Manngerð kennileiti í bænum eru ekki mjög áberandi, þó finna megi nokkur sem skera sig úr umhverfi sínu. Þar má helst nefna vatnstanka, rennibraut við sundlaug, íþróttahúsið Bárúna, Sindrabæ og Skreiðarbraggana.

Við höfnina og Heppu eru elstu byggirnarnar s.s. Gamlabúð, Pakkhúsið, Kaupmannshúsið, Mikligarður, sláturhúsið og verbúðin. Þessar byggingar hafa mikið sögulegt gildi fyrir bæinn og mynda órjúfanlega heild.



Sjónlínur og kennileiti á Höfn



Fjallahringurinn og Vestrahorn, minnisvarði á Óslandi, Skreiðarskemman og þyrping eldri húsa eru áberandi kennileiti sem og útsýnið að skriðjöklum frá Vatnajökli

Heildarmynd Hafnar

MEGINMARKMIÐ



1. 20 mínútna heilsueflandi bær með sterkan mannlífskjarna og öruggar umferðarleiðir fyrir alla ferðamáta.



2. Fallegur bær með skýr sérkenni sem taka mið af sögu bæjarins og landslagsumgjörð.



3. Aðlaðandi og örugg almenningrými sem eru barnvæn og hvetja alla aldurs- og getuhópa til virkra ferðamáta, útiveru og samveru.



Stefna um heildarmynd Hafnar, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

20 mínútna heilsueflandi bær

Til þess að Höfn verði 20 mínútna heilsueflandi bær, sem býður upp á öruggar umferðarleiðir fyrir alla ferðamáta og hefur sterkan miðkjarna sem styður við líflegt mannlíf, verði lögð áhersla á að:

- **Byggja heildstætt net göngu- og hjólaleiða** og örugg göturými með gott aðgengi fyrir öll, sem hvetja til virkra ferðamáta í daglegum ferðum og auka um leið tækifæri til útiveru og hreyfingar, sjá nánar kafla 7.5 um umferðarkerfi.
- **Halda íbúðarbyggð sem mest innan núverandi byggðarmarkna** til að nýta grunnkerfi sem fyrir eru og auka ekki um og of fjarlægðir á milli íbúða og þjónustu, sjá nánar kafla um 7.6 um íbúðarsvæði.
- **Styrkja samfélagsþjónustukjarna** sem fyrir eru, byggja upp sterkan miðbæ og fylla upp í eyður í byggðinni, svo mestöll verslun og þjónusta verði áfram í göngufæri, sjá nánar kafla 7.7 um samfélags- og íþróttasvæði, 7.8 um athafna- og hafnarsvæði, 7.9 um verslun og þjónustu og 7.10 um kjarna Hafnar.

Fallegur bær með skýr sérkenni

Til þess að Höfn verði fallegur bær með skýr sérkenni sem taka mið af sögu bæjarins og landslagsumgjörð verði lögð áhersla á að:

- **Vernda og skýra sögulegan byggingararf og bæjarrými**, t.d. með því að hvetja til þess að byggingar séu færðar til upprunalegs útlits, vísa í sérkenni þeirra við hönnun nýrra

bygginga og vernda og styrkja rými sem þykja sögulega verðmæt. Vernda og styrkja sérkennandi línur í landslagi og mikilvægar sjónlínur til sjávar, fjalla og jökuls.

- **Skapa ný kennileiti**, t.d. við gerð nýrra bygginga, með landslagshönnun og listaverkum. Sérstaklega verið stefnt að því að nýjar stærri verslunar- og þjónustubyggingar í kjarna bæjarins verði bæjarprýði.
- **Vanda til verka við alla hönnun** þannig að nýjar byggingar falli vel að núverandi byggð og endurspegli þá notkun eða starfsemi sem þær hýsa.

Aðlaðandi og örugg almenningsrými

Til þess að Höfn verði með aðlaðandi og örugg almenningsrými sem eru barnvæn og hvetja alla aldurs- og getuhópa til virkra ferðamáta, útiveru og samveru verði lögð áhersla á að:

- **Afmarka göturými og gera þau öruggari og ánægjulegri** t.d. með trjám og öðrum gróðri, breiðari gangstéttum, gangbrautum, fjölbreytni í yfirborðsefnum, götugögnum og lýsingum.
- **Mynda vel afmörkuð rými með skilgreind hlutverk**, sem eru fjölnota og ekki of stór. Huga sérstaklega að rýminu á milli bygginga hvort sem það er ætlað til íveru eða sem ferðarými.
- **Huga sérstaklega að jarðhæð bygginga** sem snúa að göturýminu og hafa þar glugga og lifandi starfsemi ef kostur er, sérstaklega í kjarna Hafnar, s.s. við Hafnarbraut og Víkurbraut.

7.4 Grænt grunnkerfi

GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG

Græn svæði, útivistarsvæði og leiksvæði


Bæjarstæði Hafnar á nesi á milli Hornafjarðar og Skarðsfjarðar býður upp á sterk tengsl við náttúru. Töluvert er af grænum svæðum sem dreifast jafnt um bæinn. Svæðin eru ýmist manngerð innan bæjar eða náttúruleg við strandlengjuna. Á svæðunum er gjarnan að finna minni áfangastaði með t.d. upplýsingaskiltum, bekkjum og annarri aðstöðu.

Manngerðu svæðin eru ætluð til mismunandi notkunar og á þeim er t.d. að finna minigolfvöll, tjaldsvæði, frísbíggjvöll, ærslabelg og leiksvæði. Á náttúrulegu svæðunum við strandlengjuna eru víða bekkir og aðstaða til að njóta útsýnis til sjávar og fjalla. Öll svæðin hafa mikla möguleika sem góð græn svæði með skýran tilgang og sérstöðu án mikils tilkostnaðar.

Við skóla og íþróttasvæði er stórt útivistar- og afþreyingarsvæði með ærslabelg, boltavöllum, hjólabrettavelli, leikvelli, hlaupaketti og þess háttar tækjum. Lítið er um minni leikvelli innan íbúðarbyggðar og er unnið að því að fjölga þeim.

Torg, götuhorn og samkomusvæði

Torg má finna á opnu svæði við sundlaug og íþróttavöll þar sem hátíðarhöld hafa farið fram. Hóteltúnið hefur einnig verið notað til hátíðarhalda. Við Heppu er vísir að fallegu torgi við Pakkhúsið og Gömlubúð. Götuhorn og minni rými, þess utan má finna víðsvegar um bæinn og eru þau hluti af bæjarmyndinni á Höfn.



Græn svæði á Höfn og notkun

GREINING: BÆJARHÖNNUN

Einkenni svæða

Manngerðu svæðin, sem flest eru fyrir tiltekin not, einkennast af látlausu yfirbragði, grasflötum, trjám og runnum til rýmismyndunar og einstaka blómabeðum. Svæðin eru: Golfvöllur, kirkjugarður, steinatorgið við strandstíginn, hóteltún, tjaldsvæði, svæðið á og umhverfis Fiskhól og opið svæði í miðbæ við sundlaug og Hafnarskóla. Fyrir norðan núverandi byggð er Þorgeirslundur.

Náttúrulegu svæðin við strandlengjuna bjóða upp á útsýni yfir sjávarflötinn, til fjalla og upp að jöklum. Á þeim er víða náttúrulegur gróður, klettur og leirur. Svæðin eru: Silfurnes, Ægissíða, Leiðarhöfði, Ósland og strandlengjan sem umlykur bæinn.

Torg, götuhorn og minni rými eru víðast hvar einföld í sniðum. Sumstaðar er umhverfið skreytt með efni og munum tengdum hafinu sem er viðeigandi á Höfn, svo sem fjörusteinum, akkerum, grjóthleðslum og þess háttar.

Víðsvegar um bæinn má finna einföld blómaker sem lífga upp á umhverfið og skapa heildaryfirbragð. Talsvert er um hellulögn í opnum rýmum sem fegra umhverfið.



Torg og minni svæði á Höfn eru víðast hvar einföld í sniðum



Manngerðu svæðin sem hér eru sýnd (hóteltúnið, golfvöllurinn og tjaldsvæðið) einkennast af látlausu yfirbragði, grasflötum, trjám og runnum



Náttúrulegu svæðin sem hér eru sýnd (Ósland og Leiðarhöfði) einkennast af útsýni og náttúrulegum gróðri, klettum og grunnsævi

Grænt grunnkerfi

MEGINMARKMIÐ




1. Heildstætt kerfi fjölbreyttra opinna svæða með margvísleg hlutverk m.t.t. loftslagsbreytinga, náttúruverndar, líffræðilegs fjölbreytileika, útiveru, fræðslu og upplifana.



2. Gróðurriður loftslagsþolinn bær þar sem tré og annar gróður bindur kolefni og tekur við regnvatni, auk þess að veita skjól og ánægju.



3. Fín aðstaða og markviss uppbygging á opnum svæðum sem hvert hefur sitt hlutverk og sérstöðu og sem hvetja til hreyfingar, samskipta og samveru utandyra.



Stefna um grænt grunnkerfi, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Heildstætt kerfi fjölbreyttra opinna svæða

Til þess að á Höfn verði heildstætt kerfi fjölbreyttra opinna svæða með margvísleg hlutverk m.t.t. loftslagsbreytinga, náttúruverndar, líffræðilegs fjölbreytileika, útiveru, fræðslu og upplifana, verði lögð áhersla á að:

- **Skilgreina hlutverk hvers svæðis** og hanna það og móta í takt við það. Skapa hverju svæði sérstöðu og auka þar með fjölbreytni í heildarkerfinu. Draga sérstaklega fram hlutverk svæðanna í aðlögun að loftslagsbreytingum, s.s. út frá getu þeirra til að taka við regnvatni. Sjá nánar um áherslur fyrir hvert svæði hér aftar.
- **Þróa leiðakerfi á milli svæðanna** sem þjónar bæði daglegum samgöngum og útivist, sjá einnig kafla 7.5 um umferðarkerfi.

Gróðurrikur loftslagsþolinn bær

Til þess að Höfn verði gróðurrikur bær þar sem tré og annar gróður bindur kolefni og veitir skjól og ánægju verði lögð áhersla á að:

- **Vinna heildstæða stefnu um gróðursetningu** og plöntunotkun fyrir stór opin svæði, minni almenningsrými og göturými.
- **Stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika** með því að styðja við náttúrulega framvindu gróðurs og velja íslenskar plöntur sem við eiga á hverju svæði.
- **Huga að viðhaldsfríum svæðum** í bland við svæði sem þurfa meira viðhald og draga þannig úr kostnaði við grasslátt og plöntun sumarblóma.

- **Auka árstíðabundna upplifun** svæða með plöntunotkun og huga að hlutverki og karakter svæða við val á plöntum.
- **Innleiða blágrænar ofanvatnslausnir**, s.s. með gróðurrásum í götum og tjörnum á völdum svæðum, í þeim tilgangi að taka við regnvatni og léttu á álagi á fráveitukerfið, en um leið viðhalda vatnshringrás, hreinsa ofanvatn og fegra umhverfið.

Góð aðstaða á opnum svæðum

Til þess að á Höfn verði góð aðstaða á opnum svæðum sem hvetur til hreyfingar, samskipta og samveru utandyra, verði lögð áhersla á að:

- **Fjölga skjólsælum áfangastöðum** innan opnu svæðanna, sem liggja vel við sólu og eru með gott aðgengi.
- **Huga að árstíðabundinni notkun** og að svæðin séu skemmtileg og nærandi allan ársins hring.
- **Huga vel að skuggavarpi** við staðsetningu og hæðarsetningu nýrra bygginga við almenningssvæði.

Markviss uppbygging hvers svæðis

Til þess að uppbygging á hverju svæði verði markviss út frá sýn á hlutverk og sérstöðu, verði eftirfarandi áherslur hafðar til hliðsjónar:

- **Hóteltúnið:** Reiturrinn nýtur skjóls vegna lægðar í landi og aðliggjandi byggðar og liggur nálægt íbúðum, heilbrigðisstofnun, kirkju og gistiþjónustu. Hann hentar því vel fyrir alvöru skrud- og almenningsgarð til fjölbreyttra nota fyrir alla aldurshópa. Í garðinum verði fjölbreyttur gróður, vandaðir stígar og aðstaða til dvalar og leiks.


- **Tjaldsvæði:** Reiturinn er vel staðsettur í göngufæri við kjarna byggðarinnar og með fína grunnaðstöðu. Lögð verði áhersla á sterkar tengingar við aðliggjandi náttúru, leiksvæði með náttúruþema, fjölbreyttan gróður til skjóls og yndisauka og að skapa náttúrulegri og hlýlegri ásýnd þjónustuhúsa.
- **Svæði á og umhverfis Fiskhól:** Reiturinn er fremur stór og umvefur íbúðarbyggðina á Fiskhól þar sem hægt er að horfa yfir bæinn. Lögð verði áhersla á að skapa góða aðstöðu til þess að njóta útsýnis af hólnum. Landhallinn verði nýttur til landslagshönnunar með t.d. stöllum, tröppum, rennibraut, steinum, fjölærum gróðri og vatni. Þannig verði aðgengi að hólnum bætt sem og möguleikar til að bregða á leik í daglegu lífi.
- **Opið svæði við sundlaug og Hafnarskóla:** Reiturinn er vel staðsettur í kjarna byggðar og hefur verið notaður fyrir bæjarhátíðir. Lögð verði áhersla á að bæta aðstöðu til hátíðarhalda og að styrkja tengsl hátíðarsvæðis, skólasvæðis og íþróttasvæðis.
- **Silfurnes:** Svæðið liggur meðfram strandlengjunni vestan megin og er í tengslum við golfvöllinn og býður upp á sjávartengda útivistaraðstöðu. Lögð verði áhersla á stíga inn í byggðina með jöfnu millibili og gefa hverri tengingu sérstöðu með fjölbreytni í útfærslu og jafnvel sterkari tengingu við sjó.
- **Ægissíða / Eystraklettur:** Svæðið er stórt og náttúrulegt í jaðri byggðar við tjaldsvæðið. Varðveita ætti náttúrulegt yfirbragð og standa vörð um lífríkið en bæta einnig aðstöðu til útivistar með skjólgóðum dvalarsvæðum og góðu stígakerfi, sem og viðeigandi lýsingu með hliðsjón af árstíðabundinni notkun.
- **Leiðarhöfði:** Svæðið er lítið en með afgerandi landslag þar sem

njóta má útsýnis upp að jökli og út á haf. Lögð verði áhersla á að bæta aðstöðu til að njóta útsýnis og lífríkis við sjóinn, sem og að bæta tengingu við strandstíg.

- **Ósland:** Í Óslandi er fólkvangur sem er með mikið fuglalíf og sérstakar jarðmyndanir. Lögð verði áhersla á að bæta aðstæður fyrir almenna útivist, fuglaskoðun og útikennslu í náttúrufræðum.



Fordæmi um almenningsgarð með fjölbreytt not fyrir alla aldurshópa





Fordæmi um náttúrulegt yfirbragð og tengingar við náttúru fyrir tjaldsvæði




Fordæmi fyrir opið svæði og tengsl milli skóla- og íþróttasvæðis á Höfn



Fordæmi fyrir náttúrulegt yfirbragð og útivistaraðstöðu í Ægissíðu



Fordæmi fyrir sjávartengda útivistaraðstöðu í Silfurnesi



Fordæmi fyrir aðstöðu fyrir útivist, fræðslu og fuglaskoðun í Óslandi



7.5 Umferðarkerfi

GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG


Stígakerfi

Meðfram strandlengjunni vestan megin Hafnar er strandstígur en austan megin er einungis stígur fyrir botni Sílavíkur. Tengingar frá strönd inn í byggð eru víðast góðar og aðgengilegar, oftast yfir græn óskilgreind svæði. Inni í byggðinni eru stígar, gjarnan yfir græn svæði á milli þjónustustofnanna. Meðfram strandstíg, miðsvæðis og við dvalarheimili er búið að koma fyrir bekkjum með reglubundnu millibili.

Strandstígurinn er verðmætur fyrir heilsueflandi samfélag og stígar innan bæjar veita möguleika á ólíkum leiðum í daglegum ferðum um bæinn. Mikill ávinningur væri þó af samhangandi strandstíg meðfram allri strandlengjunni og fleiri stígatengingum inn í byggðina þannig að þeir séu með reglulegu millibili. Strandstígurinn gegnir einnig fræðsluhlutverki sem stjórnustígur þar sem líkan af sólkerfinu og fræðslu um það er að finna á leiðinni.

Virkir ferðamátar í göturýminu

Hjólreiðar hafa aukist á síðustu árum, sérstaklega með tilkomu rafhjóla og rafskúta. Ekki eru sérstakar hjólareinar í götum á Höfn en mögulega mætti koma þeim þar fyrir á helstu umferðarleiðum við endurhönnun og endurnýjun gatna




Stígakerfið á Höfn og flokkun skv. hönnunarleiðbeiningum hjólareiða

Megingötur

Akstursleiðin Hafnarbraut - Víkurbraut - Álaugarvegur að vegamótum Álaleiru er skilgreind sem stofnvegur í vegaskrá Vegagerðarinnar en það er sá flokkur þjóðvega sem tengir byggðir landsins saman. Umferðarþungi og öryggismál á þjóðveginum hafa verið íbúum áhyggjuefni og í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir færslu þjóðvegarins yfir á austurjaðar bæjarins frá gatnamótum Hafnarbrautar og Vesturbrautar niður á Álaugarveg og svo Víkurbraut og þaðan að höfn. Sú lega er þó áfram mjög nálægt núverandi og áformaðri íbúðarbyggð og því hefur verið litið til annarra valkosta, einkum þeirra sem myndu leiða þungaumferð austur fyrir bæinn áður en ekið er inn í hann. Þessir valkostir eru bornir saman m.t.t. tiltekinna matsþátta í kafla 8.16 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Á vinnslustigi aðalskipulagstillögu var leitað eftir sjónarmiðum íbúa og umsagnaraðila um valkostina. Við umfjöllun um umsagnir um tillöguna taldi umhverfis- og skipulagsnefnd ekki tilefni til að breyta legunni að svo stöddu, m.a. með hliðsjón af því að starfsemi sem kallar á þungaumferð kann að færast norður fyrir bæinn á skipulagstímabilinu.

Auk stofnvega á aðalskipulag að taka til legu tengivega en það eru götur sem tengja einstaka bæjarhluta við stofnveg. Ekki hefur þótt ástæða til að skilgreina tengivegi á Höfn vegna smæðar bæjarins og þar sem flestar götur eru húsagötur. Nokkrar lengri götur þjóna þó sem aðaltengingar íbúðarhverfa og megin stofnana- og athafnasvæða við stofnveginn, en þær eru Vesturbraut, Víkurbraut vestan Hafnarbrautar, Litlabrú og Bugðuleira.



Gatnakerfið á Höfn og valkostir fyrir mögulega færslu þjóðvegjar

Almenningubílastæði


Bílastæðasvæði opin almenningi eru við þjónustubyggingar, skóla, stærri fyrirtæki, opin svæði og hafnarsvæði. Skipulögð bílastæði samsíða götu eru aðeins að finna á þeim hluta Hafnarbrautar sem liggur að ráðhúsi.

Mikil ásókn er í bílastæði miðsvæðis þannig að upp getur komið sú staða að skortur sé á bílastæðum, einkum fyrir almenna ferðamenn sem heimsækja bæinn. Ekki er alls staðar skýrt hvar má leggja, en víða eru stór rými á einkalóðum sem gætu virst vera opin bílplön.

Víða er tækifæri til að fjölga bílastæðum meðfram götu og hægt væri að skipuleggja safnstæði og setja reglur um samnýtingu bílastæða á mismunandi tímum dags.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur tengja Höfn við aðra byggðarkjarna í sveitarfélaginu og utan þess.



Bílastæði á Höfn, núverandi staða


GREINING: BÆJARHÖNNUN

Einkenni stíga


Strandstígurinn vestan bæjar, frá Óslandi að Leiðarhöfða og síðan að golfskála er malbikaður og því aðgengilegur öllum. Meðfram stígunum eru minni dvalarsvæði og ólík íbúðarhverfi sem gerir ferðalagið skemmtilegt. Strandstígurinn meðfram Sílavík er malarstígur og nær út í Ægissíðu.

Flestir stígar á Höfn eru með samskonar yfirbragði óháð staðsetningu, malbikaðir með grasi beggja vegna. Miðsvæðis er tækifæri fyrir útfærslur sem gefa til kynna leik og gleði í átt að hátíðarsvæði. Í Óslandi eru stígar með náttúrulegra yfirbragði sem er viðeigandi fyrir fólkvanginn.

Flestir stígar eru um 2 metrar á breidd sem er ekki fullnægjandi fyrir ólíka ferðamáta á sama tíma, t.d. gangandi og hjólandi.



Strandstígurinn er malbikaður og aðgengilegur öllum



Stígar í Óslandi með náttúrulegt yfirbragð og regnbogastígur miðsvæðis

Gangstéttir

Miðsvæðis við Hafnarbraut er búið að endurnýja gangstéttir að hluta til. Í eldri íbúðarhverfum er gangstéttakerfið hinsvegar nokkuð gloppótt og algengt er að gangstéttir séu mjög mjóar (minna en 1 m á breidd) beggja vegna götu eða aðeins gangstétt öðru megin götu. Kantar eru oft háir, án fláa, sem dregur úr flæði vegfarenda, sérstaklega á hjóli eða með barnavagn.

Í nýrri íbúðarhverfum er búið að endurnýja stéttir að hluta til þar sem breidd stétta er veglegri. Meðfram Hafnarbraut, frá hafnarsvæði og upp úr bænum, er um 2 metra breið gangstétt öðru megin sem tengir tjaldsvæði og íbúðarhverfi við miðsvæðið. Á athafna- og hafnarsvæði eru gangstéttir takmarkaðar og varla gert ráð fyrir gangandi vegfarendum sem getur valdið hættu samhliða þungaumferð.

Víða má því lagfæra og breikka gangstéttir. Gangstéttir sem eru 1-1,5 metrar eru ekki nægilega breiðar fyrir barnavagn eða hjólastól og lítið pláss er til þess að ganga hlið við hlið eða hjóla. Götótt net í íbúðarhverfum hefur áhrif á öryggi barna á leið í skólann, hvort heldur sem er gangandi eða hjólandi.

Gangséttum að grunnskóla frá íbúðarhverfi vestan megin Hafnarbrautar er ábótavant. Kostur væri að hafa gangbraut upphækkaða og með góðri lýsingu.

Yfirbragð bílastæða


Mörg bílastæðanna á Höfn eru stór og áberandi í göturýminu og lítið er um uppbot eða gróður. Þau eru oftast staðsett á milli gangstétta og bygginga sem gerir það að verkum að virkar framhliðar bygginga snúa að bílastæði og ýta því ekki undir líf á gangstétt eða almenningsrýmum.



Miðsvæðis við Hafnarbraut er búið að endurnýja gangstéttir að hluta til en í eldri hverfum er algengt að gangstéttir séu mjóar og gangstéttakerfið gloppótt



Bílastæði á Höfn eru oft stór og áberandi í göturýminu og lítið er um uppbot



Umferðarkerfið

MEGINMARKMIÐ




1. Greiðfært og öruggt leiðakerfi fyrir virka ferðamáta



2. Greiðfært og öruggt gatnakerfi fyrir akandi umferð



3. Vel staðsett bílastæði með góða ásjýnd



Stefna um umferðarkerfi á Höfn, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Greiðfært og öruggt leiðakerfi fyrir virka ferðamáta

Til þess að á Höfn verði greiðfært og öruggt leiðakerfi fyrir virka ferðamáta verði lögð áhersla á að:

- **Byggja upp heildstætt leiðakerfi** stíga, gangstétta, gangbrauta og sér götureina, sem þægilegt og áhugavert er að fara um í öllum helstu daglegum ferðum - á tveimur jafnfljótum, hjóli, rafskútu eða í hjólastól - og sem hvetur til hreyfingar, útiveru og samveru utandyra í frítíma.
- **Stígar hafi samfelld undirlag** til að auðvelda för bæði gangandi vegfarenda og þeirra sem fara um á farartækjum á hjólum. Gætt verði að fjölbreyttu undirlagi sem hentar mismunandi notkun.
- **Samfelldar og hæfilega breiðar gangstéttir** leiði vegfarendur áfram milli gatna. Áhersla verði á að bæta helstu leiðir í grunnskóla og megingötur. Hugað verði að breytingum á undirlagi við gatnamót, á gangbrautum og þar sem gangstétt fer yfir innkeyrslur að stóru bílastæði til að tryggja forgang og öryggi vegfarenda.
- **Sérreinar í götum:** Á svæðum þar sem þung umferð er mikil skiptir miklu máli að afmarka rými gangandi vegfarenda vel t.d. á athafna- og hafnarsvæði og meðfram Hafnarbraut og Víkurbraut.
- **Skjól, lýsing, merkingar, gróður, áningarstaðir:** Mörkuð verði skýr stefna um hönnun stíga og gangstétta og umhverfi þeirra í samræmi við legu þeirra sem er ýmist um opin svæði eða í göturými.

- **Hjólastæði:** Gert verði ráð fyrir stæðum fyrir hjól og rafskútur á helstu áfangastöðum og við allar stofnanir bæjarins. Kostur er ef þau eru yfirbyggð.

Greiðfært og öruggt gatnakerfi fyrir akandi umferð

- **Færa þjóðveg í þéttbýli,** stofnveg, austur fyrir bæinn, til að léttu á þungaumferð á Hafnarbraut og dreifa umferð inn og út úr bænum.
- **Þróa Hafnarbraut sem fallega, örugga og græna bæjargötu,** sjá nánar stefnu í kafla 7.9 um verslun og þjónustu.
- **Þrengja akbrautir,** þar sem við á, til að hægja á umferð, skapa möguleika á hjólareinum og breiðari gangstéttum og/eða gróðri í göturýminu.
- **Móta göturými** sem eru með skýr sérkenni sem tryggja öryggi, flæði og áhugaverða upplifun. Sjá nánar stefnu í kafla 7.10 um kjarna hafnar.



Vel staðsett bílastæði með góða ásýnd

Til þess að á Höfn verði vel staðsett bílastæði með góða ásýnd verði lögð áhersla á að:

- **Tryggja staði fyrir íbúa og almenning** við verslun og þjónustu ýmist á bílplönunum inn á lóðum, í götum eða á safnstæðum og sleppistöðum. Leitast verði við að dreifa minni bílplönunum um bæinn frekar en að hafa fá en stór bílplön. Einnig verði leitast við að auka á bílastæði í götum, einkum í miðkjarna (sjá kafla 7.10 um kjarna Hafnar). Koma mætti fyrir safnstæði fyrir ferðamenn og rútur á viðeigandi stað með góðum tengingum við kjarna byggðar og aðstöðu fyrir hjól og rafskútur. Sleppistöði verði við helstu þjónustustofnanir.
- **Gera ráð fyrir bílastæðafjölda** sem miðar við daglega þörf frekar en hámarksþörf til að draga úr áhrifum bílastæðasvæða á bæjarmyndina. Markmiðið verði að bílastæðafjöldi sé fullnægjandi í um 70% tilfella. Á öðrum tímum sé vísað til nærliggjandi bílastæða sem eru í innan við 5 mínútna göngufæri frá miðbænum.
- **Samnýta bílastæði** í og við kjarna bæjarins, s.s. utan skólatíma og opnunartíma stofnana, skrifstofa og verslana. Einnig geta bílastæði á tjaldsvæði nýst yfir vetrartímann. Sett verði upp skilti við bílastæði sem segir til um hvenær megi leggja þar og hvenær ekki en samnýting bílastæða stuðlar að betri landnýtingu miðsvæðis.
- **Nýta gróður og landslagsmótun** til að fegra ásýnd bílastæða.
- **Staðsetja bílastæði** á einkalóðum þannig að neikvæð áhrif þeirra á götumynd séu sem minnst. Reglur um fjölda og

staðsetningu bílastæða á einkalóðum verði að öðru leyti sett í deiliskipulag.

- **Við hönnun og uppbyggingu** skuli gera ráð fyrir bílastæðum, hjólastæðum og gestastæðum eins og þörf er á og skal það metið í hvert skipti. Sjá töflu til hliðar til viðmiðunar.

Tegund	Íbúðarhús	Atvinnuhúsnæði
Hjólastæði	Gera skal ráð fyrir hluta hjólastæða í læstu rými og staðsett sem næst inngangi	Gera skal ráð fyrir hluta hjólastæða í læstu rými og staðsett sem næst inngangi
Bílastæði	Almennt skal miðað við 1 staði fyrir hverja íbúð 90 m ² eða minni, en 2 staði fyrir hverja íbúð sem er fjögurra herbergja eða stærri	Almenna viðmiðið um að 1 bílastæði skuli vera fyrir hverja 50 m ² atvinnuhúsnæðis, 20-35 m ² verslunarhúsnæðis eða 150 m ² geymsluhúsnæðis
Hreyfihamlaðir	Sérmerktum stæðum fyrir hreyfihamlaða	Sérmerktum stæðum fyrir hreyfihamlaða
Gestabílastæði	Hæfilegum fjölda gestabílastæða. Stefna ber að samnýtingu bílastæða þar sem aðstæður leyfa.	Hæfilegum fjölda gestabílastæða. Stefna ber að samnýtingu bílastæða þar sem aðstæður leyfa.

Almenn viðmið um fjölda bíla- og hjólastæða innan þéttbýlis



Fordæmi fyrir samfellda og hæfilega breiða gangstétt, áhugaverða og sérkennandi stíga og yfirbyggð hjólastæði



Fordæmi fyrir fallega, örugga og græna bæjargötu og gegndræp bílastæði með góða úsýnd og uppbot í formi gróðurs

7.6 Skemmtileg íbúðarsvæði


GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG

Svæði fyrir íbúðir

Íbúðarbyggð bæjarins er að stærstum hluta vestan við Hafnarbraut og eru þau hverfi nánast fullbyggð. Austan Hafnarbrautar og Víkurbrautar er Leiruhverfi sem enn er í byggingu. Ekki verður hægt að fullbyggja það hverfi fyrr en landfylling á eystri hluta svæðisins hefur þornað og fests nægilega eða fram hafa farið jarðvegsskipti. Nýtt hverfi, Hagahverfi, nyrst í bænum austan Hafnarbrautar, hefur því verið deiliskipulagt. Þar er gert ráð fyrir allt að 150 íbúðum í sérbýli og fjölbýli. Einnig hefur verið gengið frá deiliskipulagi fyrir miðbæjarhverfi á lóðunum Víkurbraut 1 og 5 og Álaugarveg 2 þar sem gert er ráð fyrir íbúðum í fjölbýli í bland við ýmiskonar þjónustustarfsemi.

Reiknað er með að þessi þegar skilgreindu íbúðarsvæði dugi á skipulagstímabili nýs aðalskipulags (sjá nánar um íbúðarþróun í kafla 2.3 í skipulagsgreinargerð og kafla 5.1 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu). Til lengri tíma litið mun þróun atvinnustarfsemi mögulega skapa tækifæri til að blanda víðar íbúðarbyggð við þjónustustarfsemi og/eða reisa byggð þar sem land rís og þornar upp vegna hopun jökla. Bærinn yrði þá meira hringlaga sem styður við virka ferðamáta og þar með lýðheilsu. Fyrir liggur minnisblað frá Náttúrustofu Suðausturlands (2024) um landrís og leirurnar við Höfn og er hægt að hafa það til hliðsjónar við þróun bæjarins til lengri tíma litið. Með góðri nýtingu

núverandi og þegar skilgreindra svæða fyrir íbúðarbyggð verða fjárfestingar í gatnakerfi og veitum bæjarins einnig best nýttar. Fram hafa komið hugmyndir um þéttingu innan núverandi byggðar, m.a. á tjaldsvæðisreit, við hóteltúnið, í Mönguvík og á fleiri stöðum.



Íbúðarsvæði á Höfn

GREINING: BÆJARHÖNNUN

Húsagerðir og íbúðastærðir

Meirihluti íbúðarhúsnæðis er einbýlishús en inn á milli eru nokkur raðhús og minni fjölbýli. Nokkur skortur er á minni íbúðum fyrir ungt og eldra fólk og hefur í ofangreindri deiliskipulagsgerð verið tekið mið af því. Með því að huga að húsnæði fyrir eldra fólk sem vill minnka við sig er hægt að losa um einbýli fyrir stærri fjölskyldur og aðra sem kjósa þann valkost.

Yfirbragð íbúðarsvæðanna

Eldri íbúðarhverfin upp af höfninni og sunnan Vesturbrautar búa yfir sterkum karakter einkennum og meiri gróðri. Þar er meiri fjölbreytni í arkitektúr húsa, efnisnotkun og þakgerð sem er oft einkennandi í eldri reitina. Meira uppbot einkennir húsin og smáatriði á borð við glugga, hurðar og girðingar skapa oft sterk karaktereinkenni og auka enn frekar á fjölbreytileikann. Talsvert er um tveggja hæða einbýli.

Nýrri íbúðarhverfin norðan Vesturbrautar og Leiruhverfi eru byggð á flatlendi. Þar er mikið um einsleit hús á einni hæð með bílskúr og kvistpaki. Nokkur fjölbreytni er í efnis- og litanotkun.

Innra skipulag íbúðarsvæða

Eldri íbúðarhverfin upp af höfninni einkennast af minni íbúðarhverfum og blandaðri landnotkun þar sem verslun, þjónusta og athafnastarfsemi er í göngufæri. Það skapar skemmtilegri og líflegri byggð. Stóru íbúðarhverfin á Höfn, vestan við Hafnarbraut, eru frekar einhæf og lítið er um áningarstaði og minni leikvelli innan þeirra þar sem íbúar geta komið saman. Þjónusta í nálægð við íbúðarhverfin er meðfram Hafnarbraut en það eru helst gistiheimili

og bensínstöðvar sem íbúarnir sækja lítið í. Græn svæði í nálægð við stóru íbúðarhverfin bjóða upp á nærandi umhverfi og endurheimt frá náttúrunni en lítið er um dvalarsvæði og afþreyingu þeim tengdum.



Eldri íbúðarhverfin búa yfir sterkum karaktereinkennum, meira landslagi og ríku uppboti og smáatriðum á borð við glugga, hurðar og girðingar



Nýrri íbúðarhverfin eru byggð á flatlendi og eru húsin einsleitari

Skemmtileg íbúðarsvæði


MEGINMARKMIÐ



1. Húsagerðir og íbúðastærðir fyrir alla aldurs- og félagshópa



2. Skemmtileg íbúðarhverfi fyrir öll lífsskeið



Stefna um íbúðarhverfin á Höfn, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Húsagerðir og íbúðastærðir fyrir alla

Til þess að Höfn verði bær fyrir alla aldurs- og félagshópa verði lögð áhersla á að:

- **Blanda fjölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum** og einbýlishúsum með fjölbreyttum íbúðastærðum í nýjum hverfum.
- **Auka blöndun húsagerða og íbúðastærða** í eldri hverfum.
- **Fjölga minni íbúðum** í og nærri miðsvæði bæjarins.

Skemmtileg íbúðarhverfi

Til þess að Höfn verði bær með skemmtileg íbúðarhverfi verði lögð áhersla á að:

- **Fjölga litlum áningarstöðum** fyrir börn sem fullorðna innan hverfa eða á jaðri þeirra, t.d. með bekkjum, leiktækjum, æfingataækjum, grillaðstöðu og gróðri til skjóls og ánægju.
- **Bæta aðgengi niður að sjó** og koma þar fyrir aðstöðu fyrir sjótengda upplifun á völdum stöðum, t.d. sjósund, gufubað, kajakróður og fuglaskoðun.
- **Beita fjölbreyttum aðferðum** til að gera hverfin áhugaverðum og nærandi, t.d. með litríkum götugögnum, málningu á götu, vegglistaverkum, litríkum ljósum í skammdeginu eða einhverju óvæntu í göturýminu, eins og litríkum ljósastaur, diskókúlu sem glampar á, rólu óháð leikvelli og skemmtilegum rafmagnskassa.



Fordæmi fyrir fjölbreyttar húsagerðir í íbúðarhverfum, mismunandi efnisnotkun og grænt yfirbragð



Fordæmi fyrir áningarstaði sem bjóða upp á afþreyingu fyrir unga sem aldna og bættu aðgengi niður að sjó

7.7 Samfélags- og íþróttasvæði


GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG

Samfélags- og íþróttasvæði

Á Höfn eru tvö megin svæði fyrir samfélagsþjónustu. Annarsvegar skóla- og íþróttasvæði í miðkjarna þar sem eru tvær grunnskólabyggingar, íþróttahús, sundlaug og íþróttavöllur. Hinsvegar er stór reitur við norðvesturenda Víkurbrautar þar sem er leikskóli, heilsugæsla, hjúkrunarheimili, dagdvöl eldri borgara, sjúkráþjálfun, félagsþjónusta, kirkja og kirkjugarður. Önnur samfélagsþjónusta, s.s. ráðhús, framhaldsskóli, tónlistarskóli og lögreglan, er á skilgreindu miðsvæði.

Talsverð uppbygging er framundan á íþróttasvæði en þar er nú fótbolta- og frjálsíþróttavöllur með áhorfendastúku, fjölnota íþróttahús, grasvöllur fyrir knattspyrnuæfingar, auk strandblakvalla. Samkvæmt deiliskipulagi fyrir skóla- og íþróttasvæðið á Höfn er ráðgert að lagfæra skólalóðir og þróa svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaðar. Á svæðinu er einnig fyrirhuguð frekari uppbygging samfélagsþjónustu í bland við íþróttastarfsemi og þjónustu sem styður við núverandi byggðarmynstur. Það mun styrkja miðsvæði bæjarins og styðja við íþróttaiðkun bæjarbúa.

Silfurnesvöllur er 9 holu golfvöllur sem staðsettur er nyrst í bænum.



Samfélags- og íþróttasvæði á Höfn

GREINING: BÆJARHÖNNUN

Tengingar á milli svæða

Skóla- og íþróttasvæðið hefur mikið aðdráttarafl og því er hentugt að það er miðsvæðis þar sem það ýtir undir líf í kjarna bæjarins. Mikill ávinningur er að börn geti gengið á milli skóla og íþróttaaðstöðu og tryggja þarf öruggar og aðlaðandi leiðir á milli skólasvæðanna og íþróttaaðstöðunnar, sem og milli íbúðarbyggðar og þessara svæða. Einnig þarf að huga að góðum og öruggum tengingum á milli þessara tveggja samfélagssvæða fyrir eldri borgara sem stunda sundlaug og íþróttaiðkun.

Landslagsmótun og nýting svæða

Það sem einkennir svæðin er að þarna eru stakstæðar byggingar á stórum lóðum sem mætti nýta betur og móta umhverfið nánar. Tækifæri er til samnýtingar á byggingum og meiri tengslum á milli stofnana.

Heilbrigðisstofnanir og leikskóli eru staðsett í rólegu umhverfi í sterkum tengslum við náttúru og sjávarsíðu. Ungir sem aldnir njóta góðs af því.

Kennileiti

Stofnanabyggingar ættu að vera bæjarprýði og auka sérkenni og læsileika byggðar.



Skóla og íþróttasvæðið á Höfn



Svæði fyrir samfélagsþjónustu á Höfn

Samfélags- og íþróttasvæði

MEGINMARKMIÐ



1. Barnvæn og heilsueflandi skólasvæði með öruggum tengingum inn í öll hverfi



2. Frábært íþróttasvæði sem hvetur til íþróttaiðkunar



3. Heilsueflandi samfélagsstofnanir



Stefna fyrir samfélags- og íþróttasvæði á Höfn, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Barnvæn og heilsueflandi skólasvæði

Til þess að á Höfn verði barnvæn og heilsueflandi skólasvæði verði lögð áhersla á að:

- **Bæta aðgengi að svæðum og byggingum** með því að tryggja öruggar göngutengingar yfir aðliggjandi umferðargötur. Gatnamót ættu að vera upphækkuð með umferðarljósum og/eða góðri lýsingu og aðliggjandi gangstéttir breiðar og samhangandi alla leið að skóla og leikskóla. Hjólastæði eiga að vera nálægt inngangi og kostur ef þau eru yfirbyggð. Sérstök stæði fyrir rafskútur er kostur.
- **Virkja svæðin og auka fjölbreytta afþreyingu** með því að leggja áherslu á skýrar, öruggar og skemmtilegar tengingar sem auka flæði. Huga þarf að góðri lýsingu, skýrum merkingum, hentugu yfirborðsefni og götugögnum á borð við vatnshana, bekki o.fl. Skólaleiksvæði ætti að vera samnýtanlegt með aðliggjandi hátíðarsvæði og íþróttasvæði til þess að skapa fjölbreyttari afþreyingu og huga þarf að áskorunum fyrir alla aldurshópa og árstíðabundinni afþreyingu og lýsingu.

Frábært íþróttasvæði

Til þess að á Höfn verði frábært íþróttasvæði sem styður við öflugt félagsstarf og nýttist öllum bæjarbúum verði lögð áhersla á að:

- **Samnýta byggingar** sem getur t.d. falið í sér íþróttahús sem rúmar sem fjölbreyttasta hreyfingu sem og að gert sé ráð fyrir að hægt sé að nýta mannvirknið sem félagsheimili og til skemmtanahalds fyrir samfélagið og skólana.

- **Skapa vel útbúið og aðlaðandi íþróttasvæði** sem styður við og eykur fjölbreytileika almenningsrýma í kjarna byggðar. Leggja þarf áherslu á gróður til yndisauka og skjólmyndunar.
- **Möguleika á að stækka** eftirsóknarverðan golfvöll með góða aðstöðu.

Heilsueflandi samfélagsþjónusta

Til þess að á Höfn verði heilsueflandi samfélagsþjónusta verði lögð áhersla á að:

- **Skapa nærandi umhverfi og dvalarsvæði** við byggingar sem eykur möguleika til útiveru í nærumhverfinu. Þéttari byggð umhverfis byggingar skapa betra nærveður.
- **Auka þjónustu og afþreyingu** innan svæðanna með því að samnýta byggingar og auka notkun á þeim yfir daginn.
- **Styrkja tengslin við aðliggjandi samfélagsþjónustu** t.d. hóteltún og kirkju.



Fordæmi fyrir barnvæn og heilsueflandi skólasvæði með fjölbreyttri afþreyingu, skemmtilegum tengingum og áskorunum fyrir alla aldurshópa



Fordæmi fyrir heilsueflandi samfélagsþjónustusvæði með nærandi umhverfi og dvalarsvæði sem eykur möguleika til útiveru

7.8 Athafna- og hafnarsvæði

GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG


Athafnasvæði

Stórt athafnasvæði er syðst í bænum fyrir ofan hafnarsvæðið. Það liggur að miðsvæði og íbúðarsvæði og kalla það þess því á sérstaka athygli. Á svæðinu er margvísleg starfsemi þ.m.t. þjónusta og skrifstofur t.d. ferðaþjónusta, efnalaug, bílaverkstæði, slökkvistöð, áhaldahús, sorpmóttökustöð, hús viðbragðsaðila, bifreiðaskoðun, skrifstofur, auk geymslulóða og gámasvæða. Með tíð og tíma er æskilegt að beina hluta þessarar starfsemi á athafna- og þjónustusvæði sem eru fyrir ofan bæinn. Við það gætu skapast tækifæri fyrir blandaða byggð íbúða og snyrtilegrar atvinnustarfsemi í stuttu göngufæri frá helstu þjónustu bæjarins.

Hafnarsvæði

Hornafjarðarhöfn er stór fiski- og flutningahöfn og eru skipalægi á fjórum stöðum sem og flotbryggja fyrir smábáta. Hafnarsvæðið nær yfir Krossey, Álaugarey og Ósland og er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir byggingu Faxeyrarhafnar út af Óslandi. Ferðaþjónusta er vaxandi á Höfn og vænta má frekari ásóknar ferðamanna í að upplifa líf á hafnarsvæðinu. Lítið hefur verið um skemmtiferðaskip á Höfn vegna takmörkunar á stærð skipa sem geta lagst að. En líklegt er að eftirspurn eftir aðstöðu fyrir ýmikunar sjávertengda ferðaþjónustu aukist. Mikilvægt er að stuðla að sem bestu samspili þessa við hefðbundna hafnarstarfsemi. Krosseyjarsvæðið er nánast fullnýtt en þar er

fyrst og fremst hafnsækin starfsemi eins og fiskvinnsla en einnig flutningastarfsemi, bílaleiga, byggingavöruverslun, Rarik, og skrifstofur. Þörf er á endurskipulagningu lóða og er endurskoðun deiliskipulagsins í vinnslu.



Athafna- og hafnarsvæði, mörk skv. gildandi aðalskipulagi

Á Álaugarey er flutningahöfn, verslun og olíubirgðastöð. Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur bókað að verslun og þjónusta skuli vera víkjandi á þessu svæði. Í Óslandi hafa verið skipulagðar lóðir fyrir hafnsækna starfsemi og þar er nú nokkuð fjölbreytt starfsemi en allmargar lóðir af sveigjanlegri stærð eru óbyggðar. Hafnarsvæðið er af skornum skammti og því er mikilvægt að nýta það vel fyrir hafnsækna starfsemi og annað sem henni tengist.

Gengið er út frá að framkvæmdir við nýja Faxeyrarhöfn, sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi, fari fram í áföngum sem verði skilgreindir þannig að uppbygging svari raunverulegri þörf. Landfyllingar utan við Ósland verða takmarkaðar við þörf til samræmis við áfanga framkvæmdanna "(sjá nánar skýringar við markmið SU.7 og ÞA.5 í forsendu- og umhverfismatskýrslu.



GREINING: BÆJARHÖNNUN

Umhverfisfrágangur og umgengni

Á **athafnasvæði** eru **snyrtilegar byggingar** innan um geymslulóðir og gámasvæði. Bæta mætti ásýnd svæðisins þar sem eru ófrágengnar malargötur, stór malarplön og óskilgreindir grasblettir. Hafnarsvæðið neðan Heppu er mjög snyrtilegt og laðar til sín gesti og gangandi sem taka þarf tillit til við stýringu umferðar.

Samspil ólíkrar starfsemi

Á **hafnarsvæðinu** eru **öflug sjávarútvegsfyrirtæki** í bland við aðra hafnsækna starfsemi og ýmiskonar athafnastarfsemi. Á jaðri svæðisins eru veitingahús og gististaðir og höfnin laðar að sér gesti og gangandi. Því þarf að huga vel að samspili milli ferðapjónustu og athafna- og hafnarstarfsemi. Tryggja þarf öryggi vegfarenda og samspil í hönnun á jöðrum svæðanna.



Á athafnasvæði eru snyrtilegar byggingar innan um geymslulóðir og gámasvæði



Hafnarsvæðið neðan Heppu er mjög snyrtilegt og laðar til sín gesti og gangandi sem taka þarf tillit til við stýringu umferðar. Myndir: Google street view

Athafna- og hafnarsvæði

MEGINMARKMIÐ



1. Öruggar og góðar hafnaraðstæður fyrir fjölbreyttan skipaflota með gott landrými fyrir hafnsækna starfsemi



2. Góðar aðstæður fyrir aðra fjölbreytta athafnastarfsemi



3. Snýrtilæg ásýnd og fyrirmyndar umhirða svæða



Stefna fyrir athafna- og hafnarsvæðið á Höfn, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Öruggar og góðar hafnaraðstæður

Til þess að Höfn bjóði upp á öruggar og góðar hafnaraðstæður fyrir fjölbreyttan flota fiski- og flutningaskipa, smábáta og skemmtiskipa, verði lögð áhersla á að:

- **Viðhalda vel hafnarmannvirkjum** og þróa áfram eftir þörfum á hverjum tíma, þ.m.t. Faxeyrarhöfn.
- **Gæta öryggis- og umhverfissjónarmiða** við skipulag, hönnun og rekstur mannvirkja.
- **Beita umferðar- og aðgangsstýringu** til að tryggja öruggt samspil athafnalífs á hafnarsvæði og almennrar umferðar íbúa og ferðafólks, meðal annars t.d. með því að sérmerkja bílastæði og gera hluta af hafnarsvæði aðgengilegt ferðamönnum með fallegum áningarstað t.d. þar sem Akurey stóð.
- **Tryggja öruggan stofnveg** milli hafnarsvæðis og þjóðveggar 1 sem aðskilur sem mest þungaumferð frá annarri umferð.

Gott landrými fyrir hafnsækna starfsemi

Til þess að Höfn hafi gott landrými fyrir hafnsækna starfsemi verði lögð áhersla á að:

- **Tryggja skilvirka nýtingu og markvissa uppbyggingu** á hafnarsvæðinu öllu.
- **Nýta Krossey** fyrst og fremst fyrir starfsemi tengda sjávarútvegi.
- **Nýta Álaugarey** einkum fyrir blandaða atvinnustarfsemi.
- **Bjóða upp á lóðir á Óslandi** af sveigjanlegri stærð fyrir starfsemi sem hefur hag af nálægð við höfn eða þjónustar

hafnsækna starfsemi.

- **Beina starfsemi sem ekki er háð hafnaraðstöðu** eða er ótengd hafnsækinni starfsemi yfir á skilgreind athafnasvæði.
- **Gera ráð fyrir áframhaldandi þróun** sjávertengdrar ferðarþjónustu og við skipulag hennar skuli sérstaklega huga að öryggi gagnvart annarri starfsemi á hafnarsvæðinu.

Góðar aðstæður fyrir aðra fjölbreytta athafnastarfsemi


Til þess að á Höfn hafi góðar aðstæður fyrir fjölbreytta aðra athafnastarfsemi verði lögð áhersla á að:

- **Nýta núverandi athafnalóðir** innanbæjar betur og beina þangað einkum starfsemi sem ekki kallar á mikla þungaumferð og fellur vel að nálægð við hafnarstarfsemi og/eða miðsvæði.
- **Gera ráð fyrir athafnastarfsemi í bland** við verslun og þjónustu á nýju svæði við innkomu í bæinn.
- **Gera ráð fyrir stækkun athafnasvæða norðan við bæinn** og beina einkum þangað grófri iðnaðarstarfsemi og annarri athafnastarfsemi sem ekki er háð tengingu við höfn, sem og starfsemi sem fylgir þungaumferð.


Snyrtileg ásýnd og fyrirmyndar umhirða

Til þess að á Höfn verði athafna- og hafnarsvæði með snyrtilega ásýnd og fyrirmyndar umhirðu svæða verði lögð áhersla á að:

- Huga að jöðrum svæða við deiliskipulagsgerð, hönnun mannvirkja og lóða og framkvæmdir og leggja áherslu á skýra aðkomu inn á svæði.
- Gera ráð fyrir gangstéttum, götutrjám og öðrum gróðri í göturými á athafna- og hafnarsvæðum, þar sem við á.
- Gera kröfu um gróður í kringum hús og á lóðum svæðanna til að fegra þau og skerma af, eftir því sem við á.



Dæmi of hafnarsvæði sem áfanga- og áningarstað



Dæmi um útfærslur á athafna- og hafnarsvæði

7.9 Verslun- og þjónusta

GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG


Núverandi verslunar- og þjónustusvæði

Miðsvæðið á Höfn er stórt og nær yfir fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi í bland við íbúðarbyggð, s.s. stofnanir, menningarstarf, skrifstofu, gistiþjónustu, verslanir og veitingahús.

Önnur verslunar- og þjónusta dreifist vítt um bæinn, s.s. meðfram Hafnarbraut og inn á athafnasvæði ofan hafnarsvæðis. Þá er gististarfsemi að finna í nánast öllum bæjarhlutum.

Talsvert uppbygging er áætluð á þessum svæðum, s.s. hótelluppbygging í Útbæ. Enn er svigrúm til þéttingar á nánast öllum svæðum sem ætti að huga að áður en nýtt land er tekið undir verslun- og þjónustu. Það myndi styrkja heildarmynd Hafnar og skapa gönguvænni bæ.

Til þess að auka fjölbreytileika þjónustu á Höfn mætti bæta aðstöðu fyrir bæði lítil og stór fyrirtæki og bjóða upp á mismunandi lóðir. Einnig ætti að gera fyrirtækjum aðgengilegt að hasla sér völl á þeim grundvelli sem á Höfn er, sem er náttúran, sjávarútvegur og ferðamennska.



Verslun og þjónusta á Höfn

GREINING: BÆJARHÖNNUN

Yfirbragð verslunar- og þjónustusvæða

Þegar núverandi verslunar- og þjónustusvæði á Höfn eru skoðuð má sjá að öll svæðin bera með sér ákveðið „big box“ yfirbragð. Byggingar eru ekki staðsettar við götu, á milli gangstéttar og byggingar eru oft bílstæði eða grasflöt og virkar framhliðar snúa að bílastæðunum. Þetta veldur því að götumyndin er gisin og verslun og þjónusta styður ekki við miðbæjarrýmin. Byggingar falla ekki inn í aðliggjandi byggðarmynstur og verða því einskonar eyland fyrir akandi umferð. Ekki er mikið gert úr almenningsrýmum við inngang bygginga og lítið er um gróður við byggingar.

Þetta yfirbragð gerir bæjarmyndina sundurlausa og vinnur ekki að markmiðum um heildstæða bæjarmynd og líflegt götulíf.



Byggingar á verslunar- og þjónustusvæðum falla ekki inn í aðliggjandi byggðarmynstur og verða því einskonar eyland



Húsnæði á verslunar- og þjónustuvæðum þar sem byggingar eru ekki staðsettar við götu, á milli gangstéttar og byggingar eru oft bílstæði eða grasflöt og virkar framhliðar snúa að bílastæðunum. Þetta veldur því að götummyndin er gisin og verslun og þjónusta styður ekki við miðbæjarrýmin

VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Markmið



1. Tveir megin kjarnar verslunar- og þjónustu; miðbær í hjarta bæjarins og nýr verslunar- og þjónustukjarni við innkomu í bæinn



2. Hafnarbraut er falleg, örugg og græn aðalgata á milli kjarnanna tveggja



3. Aðgengileg og aðlaðandi minni svæði dreifð um bæinn, einkum fyrir gistiþjónustu og ýmiskonar nærþjónustu, í góðu sambýli við íbúðarbyggð



Stefna fyrir verslunar- og þjónustusvæði á Höfn, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Tveir meginkjarnar verslunar- og þjónustu

Til þess að á Höfn verði til tveir meginkjarnar verslunar og þjónustu verði lögð áhersla á að:

- **Þróa sterkan og sjarmerandi miðbæjarkjarna** í hjarta bæjarins með blöndu íbúða, verslana og ýmiskonar þjónustu, með falleg almenningsrými og í góðum tengslum við öll hverfi bæjarins, sjá nánar í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.
- **Þróa nýjan verslunar- og þjónustukjarna** við innkomu í bæinn fyrir rýmisfrekar verslanir og þjónustu í bland við snyrtilega athafnastarfsemi og með góðar tengingar fyrir virka ferðamáta jafnt sem akandi.

Hafnarbraut sem falleg, örugg og græn bæjargata

Til þess að Hafnarbraut verði falleg, örugg og græn bæjargata á milli kjarnanna tveggja verði lögð áhersla á að:

- **Þróa göturými Hafnarbrautar** þannig að það verði skýrt afmarkað með byggingum, gróðri, götugögnum, yfirborðsefnum og lýsingu eftir því sem við á og þykir henta á hverjum reit.
- **Hlúa sem best að virkum ferðamátum** í göturýminu og tryggja umferðaröryggi, s.s. með breiðum gangstéttum, lýsingu, götugögnum, yfirborðsefnum og merkingum.

- **Tryggja góðar tengingar** fyrir alla ferðamáta inn á bæjargötuna úr öllum hverfum og huga sérstaklega að stöðum þar sem leiðir virkra ferðamáta krossa götuna.

Aðgengileg og aðlaðandi minni svæði

Til þess að minni verslunar- og þjónustusvæði á Höfn verði aðgengileg og aðlaðandi og í góðu sambýli við nálæga íbúðarbyggð verði lögð áhersla á að:

- **Setja skipulagsskilmála** sem tryggja að starfsemi á svæðunum trufla íbúðarbyggð sem minnst.
- **Tryggja góðar tengingar fyrir alla ferðamáta** inn á svæðin.
- **Takmarka neikvæð áhrif bílastæða** á ásýnd bæjarins.



Fordæmi fyrir aðgengileg og aðlaðandi verslunar- og þjónustusvæði með falleg almenningsrými og í góðu sambýli við nálæga íbúðarbyggð

7.10 Kjarni Hafnar


GREINING: LANDNOTKUNARSKIPULAG

Landnotkunarmynstur og starfsemi

Landfræðilega var miðsvæðið á Höfn á nesi í jaðri byggðar en er í dag umkringt landfyllingum sem gerir það að verkum að miðsvæðið er tengipunktur á milli svæða með fjölbreytta landnotkun á borð við íbúðarbyggð, verslun- og þjónustu, samfélagsþjónustu, opin græn svæði og íþróttasvæði. Saman mynda þessir reitir kjarna Hafnar sem skoða þarf í samhengi til þess að skapa heildarsýn, samræma áætlanir og efla og styrkja.

Meðfram Hafnarbrautinni miðsvæðis er fjölbreytt starfsemi á borð við verslun og þjónustu, stofnanir, menningarstarf og nýsköpun, gistiþjónustu sem og íbúðarbyggð. Við enda Hafnarbrautar og Víkurbrautar á Heppusvæðinu eru aðallega veitingahús, menningarstarfsemi og gistiheimili.

Þar eru tengslin við hafnarstarfsemi sterk og útsýni út á sjó sem laðar að sér gesti og gangandi. Fyrir neðan Afkastahól er svo gistiþjónusta og veitingastaður og hótél í Útbæ. Á milli Víkurbrautar og Hafnarbrautar er þungamiðja skóla- og íþróttastarfs sem styrkir miðbæinn og ýtir undir líf á svæðinu öllu.



Kjarni Hafnar og helsta starfsemi innan kjarnans

Gatnakerfi og stígar

Hafnarbraut er aðalgata bæjarins og eina innkoman inn í bæinn í dag. Um hana fer stór hluti innanbæjarumferðar bæði akandi og gangandi. Aðrar minni götur, innan kjarna Hafnar, tengja niður að strandlengju frá Hafnarbraut. Gatnakerfið miðsvæðis er opið þannig að hægt er að velja ýmsar leiðir um bæinn. Það hjálpar til við að dreifa umferðinni.

Hafnarbrautin er nánast bein að miðsvæðinu en í gegnum miðsvæðið er hún sveigð sem gerir götuna áhugaverðari og byggir upp spennu hjá vegfarendum áður en hún leiðir niður að Heppu og hafnarsvæðinu.

Stígatengingar miðsvæðis liggja um græn svæði eða minni húsagötur.

Færsla þjóðvegjar og uppbygging miðsvæðis kallar á endurskoðun umferðar miðsvæðis.

Innkomur / gatnamót

Gatnamót kalla á sérstaka athygli þar sem þau eru einskonar hlið inn á svæðið.

Aðalinnkoman að kjarna Hafnar er í dag við gatnamót Hafnarbrautar og Víkurbrautar. Þaðan er hægt að keyra bæði Hafnarbraut og Víkurbraut sem mætast aftur við höfnina þar sem má segja að sé annað aðkomutorg.

Aðrar innkomur eru frá aðliggjandi götum, frá sjávarsíðunni og Leiruhverfinu.



Gatnakerfi og stígar í kjarna Hafnar

GREINING: BÆJARHÖNNUN


Sjónlínur og sérkenni

Hæðir í landi eru áberandi, afmarka svæði og gefa bænum karakter í kjarna Hafnar. Strandlínan skapar skýra afmörkun bæjarins. Afkastahóll aðskilur hafnarsvæðið frá miðsvæðinu við Hafnarbraut sem gerir það að verkum að fólk upplifir þessi tvö svæði ekki sem samhangandi svæði. Við Heppu er einnig landmótun sem aðskilur það svæði frá restinni af miðsvæðinu sem skapar smá dulúð, áhugaverðar tengingar og gott útsýni. Garðshóll og Ytri-Garðshóll afmarka íbúðarbyggð frá íþróttasvæði sem og Fiskhóll.

Mikilvægar sjónlínur gatna til sjávar eru einkennandi á Höfn sem og sjónlínur sem mætast í kjarna gamla bæjarins við hús með sögulegt gildi við Heppu.

Við Höfnina eru mikilvægar útsýnissjónlínur yfir hafnarsvæðið og út að Leiðarhöfða.

Allt skapar þetta sterkan staðaranda miðsvæðis.



Sjónlínur, kennileiti og landslagssérkenni í kjarna Hafnar



Hæðir í landi gefa bænum karakter. Fiskhóll afmarkar íbúðarbyggð frá íþróttasvæði og við Heppu er hæðarbreyting sem aðskilur það svæði frá restinni af miðsvæðinu



Afkastahóll aðskilur hafnarsvæðið frá miðsvæðinu við Hafnarbraut og strandlínan skapar skýra afmörkun bæjarins (Ljósmyndir: Þorsteinn Roy)



Mikilvægar sjónlínur gatna til sjávar eru einkennandi á Höfn sem og sjónlínur sem mætast í kjarna gamla bæjarins við hús með sögulegt gildi við Heppu. (Ljós. Þorsteinn Roy)



Við Höfnina eru mikilvægar útsýnissjónlínur yfir hafnar svæðið og út að Leiðarhöfða og skriðjöklum Vatnajökuls. Allt skapar þetta sterkan staðaranda miðsvæðis (Ljós. Þ. Roy)

Karaktersvæði

Aðkomusvæðið: Flest húsin eru byggð eftir 1930. Starfsemi er helst stjórnarsýsla, verslun og þjónusta. Þau endurspeglar ríkjandi strauma í byggingarlist opinberra bygginga og verslunar og þjónusturýma upp úr miðri öld og fram yfir aldamót og bera þau ummerki tímans sem þau voru reist á. Byggingarnar eru í miðlungs skala og ekki staðsettar meðfram götu sem veldur því að götumyndin er gisin. Húsin eru fremur einsleit, í ljósum litum og lítið er um kennileiti.

Gamla svæðið: Gamla svæðið teygir anga sína frá Hafnarbraut og niður að Hafnarvík og flest húsin eru byggð á milli 1897-1939. Starfsemi er helst veitingahús, gistipjónusta og menningarstarfsemi í bland við íbúðarhús. Svæðið er mikilvægt vegna sögu byggðarlagsins, varðveislu bygginga og staðsetningu við höfnina. Skali bygginga er minni og fíngerðari og þær staðsettar nær götu sem gerir götumyndina þéttari og afmarkaðri. Hér er mikil fjölbreytni í litum, þakgerðum, formi og efnisnotkun húsa. Hér er sterkur staðarandi sem mótast at tengingum við sögu, menningu og höfnina.

Próunarsvæðið: Svæðið liggur meðfram Víkurbraut og tengist frekar aðliggjandi athafnasvæði þegar kemur að starfsemi og yfirbragði. Á þessu svæði eru þó einhver veitingahús og ferðapjónusta innan um athafnastarfsemi.



Karaktersvæði á Höfn

Skali bygginga stækkar með iðnaðarhúsnæði, byggingar fjarlægjast gangstétt og götumyndin verður aftur gisnari. Skreiðarskemman er sterkt kennileiti sem hefur menningarsögulegt gildi og myndar einstaka götumynd sem endurspeglar staðaranda fyrri tíma á Höfn.

Pungamiðja skóla- og íþróttastarfs: Svæðið liggur á milli íbúðarbyggðar á Garðshól og Víkurbrautar. Starfsemin er Heppuskóli, Sundlaugin á Höfn, Íþróttahús, Sindravöllur, Bárán knattspyrnuhús og Hafnarskóli. Þarna er líka bæjargarður/ hátíðarsvæði. Svæðið ber yfirbragð skóla- og íþróttasvæðis þar sem íþróttavellir og stórar byggingar taka undir sig mikið landrými. Einkennandi fyrir skipulagssvæðið eru opin og vel gróin svæði og íþróttavellir sem eru vel tengd við mannvirki innan skipulagssvæðisins ásamt íbúðarbyggðum sem liggja að svæðinu. Reynt hefur verið að skapa öruggt og heilsueflandi umhverfi sem endurspeglar mikilvægi barna- og ungmenna í sveitarfélaginu (Húsakönnun 2022: Miðsvæði Hafnar og Álaugarvegur).



Þróunarsvæðið og pungamiðja skóla- og íþróttastarfs. Ljósmyndir: Þorsteinn Roy og Google Earth



Aðkomuvæðið þar sem virkar framhliðar bygginga snúa oftast að bílastæðum og styðja því ekki við almenningslíf í göturýmum (Ljósmyndir: Þorsteinn Roy)



Gamla svæðið þar sem skali bygginga er minni og fíngerðari og mikil fjölbreytni er í litum, þakgerðum, formi og efnisnotkun húsa (Ljósmyndir: Þorsteinn Roy)

KJARNI HAFNAR

MEGINMARKMIÐ



1. Lifandi kjarni með sjarmerandi staðaranda



2. Ólík karaktarsvæði styrkjast og mynda aðlaðandi heild.



3. Göturými með skýr sérkenni sem tryggja öryggi, flæði og áhugaverða upplifun



Stefna fyrir kjarna Hafnar, markmið og leiðir að markmiðum

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Lifandi kjarni með sjarmerandi staðaranda

Til þess að á Höfn verði lifandi kjarni með sjarmerandi staðaranda verði lögð áhersla á að:

- **Beina sem mest af verslun og þjónustu í miðkjarna** bæjarins þannig að með tíð og tíma verði til greinilegur miðbær sem dregur til sín íbúa jafnt sem gesti og er hjarta bæjarins.
- **Blanda saman fjölbreyttri starfsemi** í miðbænum; verslun, veitingastarfsemi og aðra þjónustu á jarðhæðum og skrifstofum og íbúðum á efri hæðum.
- **Virkja jaðra göturýma og annarra almenningsrýma** með því að gluggar og dyr snúi að þeim og starfsemi bygginga geti flætt út í rýmið, þar sem við á. Gróður, veggplöntur, blómapottar, götugögn og mismunandi yfirborð verði einnig nýtt til að gera jaðrana áhugaverða og fallega.

Ólík karaktersvæði styrkjast

Til þess að ólík karaktersvæði miðkjarnans styrki sinn karakter og myndi um leið aðlaðandi heild verði tekið mið af eftirfarandi áherslum fyrir hvert þeirra:

- **Aðkomusvæðið:** Götumynd bæjargötunnar Hafnarbrautar verði afmörkuð betur og jaðrar virkjaðir eins og mögulegt er. Fjölbreytileiki í litum húsa verði aukinn og ný kennileiti sköpuð með nýbyggingum.

- **Gamla svæðið:** Tengsl við sögu og landslag verði styrkt með uppgerð gamalla húsa í sem upprunalegustum stíl, efnisnotkun almenningsrýma og húsa, leiksvæði með sjávarþema og góðum tengingum við sjó og höfn.
- **Próunarsvæðið:** Gætt verði að skýrum tengslum við Heppusvæðið og öruggu umferðarflæði að hafnar- og athafnasvæði og Óslandi. Nýbyggingar falli vel eldri byggð hvað varðar skala, efnis- og litaval. Skapaðar verði nýjar sjónlínur að sjó, fjöllum og landslagssérkennum.
- **Pungamiðja skóla- og íþróttastarfs:** gætt verði að því að auka skjól með nýbyggingum og afmarka rými með gróskumiklum gróðri. Flæði og tengingar innan svæðis verði bætt með frumlegum og skemmtilegum lausnum.


Göturými með skýr sérkenni

Til þess að göturými í miðkjarna Hafnar verði með skýr sérkenni sem tryggja öryggi, flæði og áhugaverða upplifun, verði gengið út frá eftirfarandi áherslum við endurnýjun gatna og gönguleiða:

- **Bæjargatan Hafnarbraut:** Lykilgata sem er í senn mikilvæg samgöngutenging og mannlífs- og þjónustuás. Gert verði ráð fyrir samsíða bílastæðum (þegar þjóðvegur í þéttbýli hefur verið færður) þar sem við á og hellulagðar gangstéttir beggja vegna götu. Æskilegt er að yfirborð götunnar og gróðurþekjan meðfram henni sé einnig síbreytileg fyrir áhugaverða upplifun vegfarenda. Jaðrar götunnar séu virkir með dyrum, gluggum og útirýmum og með brotnir reglulega upp með plöntum og

gróðurreitum þar sem aðstæður leyfa.

- **Gönguás milli skóla og íþróttasvæðis:** Ásinn er tenging fyrir gangandi og hjólandi á milli mikilvægra svæða og við hann verði hugað að samkomustað fyrir alla aldurshópa með bekkjum og setusvæðum, öðrum skemmtilegum götugögnum, vönduðu yfirborði og góðri lýsingu. Grænir jaðrar gönguássins verði nýttir til að skapa skjól og gróðurþekjan sé síbreytileg til að skapa fjölbreytta upplifun vegfarenda.
- **Grænar húsagötur:** Bílastæði meðfram götu eru skuggamegin í götunni, þar sem við á. Gangstéttir beggja vegna götu. Hámarkshraði 30 km/klst. Til að skapa vistlegt umhverfi verði öll bílastæði lögð grassteini eða öðru álíka gegndræpu efni. Grænt uppbot skal vera með jöfnu millibili sólarmegin í götu, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir sem veita ofanvatni sem fellur í götu, yfir í viðeigandi viðtaka. Götutré þurfa að vera harðgerð, vind- og saltþolin. Plöntuval taki mið af nærliggjandi grænu svæði og nota mætti fjölæringa og grös.
- **Vistgata - Heppuvegur, Tjarnarbrú og Svalbarð, Skólabrú og Bogaslóð:** Eru í senn umferðargötur og leik- og dvalarsvæði fyrir íbúa og gangandi og verði útfærðar m.t.t. þess.
- **Göngustígar:** Mikilvægt að gönguleiðir séu samfelldar, t.d. þannig að botnlangi breytist í gangstétt og svo í göngustíg þannig að gönguvefurinn rofni ekki.



Dæmi um græna húsagötu með grænt uppbot á milli einka- og almenningsrýmis og bæjargötu með virkri framhlið þar sem starfsemin dreifist út í göturýmið



Dæmi um húsagötur með virkum jaðar þar sem íbúar hafa áhrif á göturýmið

8. Skipulagsákvæði í þéttbýli


8.1 Inngangur

Í næstu köflum er hver landnotkunarflokkur fyrir sig tekinn fyrir og fyrir hvern flokk eru sett almenn skipulagsákvæði. Fyrir einstaka reiti innan flokksins eru sett sértæk ákvæði. Ákvæðin eru fyrir mæli sem stýra landnotkun og mannvirkjagerð í átt að þeim markmiðum sem sveitarfélagið hefur sett sér um einstök viðfangsefni aðalskipulagsins (sjá kafla 4, 5 og 6) og um þéttbýlið (sjá kafla 7). Ákvæðunum er framfylgt í gegnum deiliskipulag og bygginga- og framkvæmdaleyfi.

Almennu ákvæðin segja hvað gildir um landnotkun, grunnkerfi, byggingar og staðarmótun á öllum reitum landnotkunarfloksins.

Sértæku ákvæðin segja svo nánar til um landnotkun og tilgreina hámarks umfang uppbyggingar þar sem við á. Þau snúa einnig byggingum og staðarmótun, eftir því sem tilefni er talið til á viðkomandi reit.

Við mótun deiliskipulags og vinnslu leyfisumsóknar er hvatt til að nýttar séu tiltækar leiðbeiningar um ýmsa þætti skipulagsmála. Jafnframt er minnt á að meta deiliskipulagstillögur og leyfisumsóknir út frá markmiðum í stefnuhluta aðalskipulagsins (sjá kafla 4, 5, 6 og 7) og nota gátlista umhverfismats (sjá forsendu- og umhverfismatsskýrslu).



Tillaga að aðalskipulagi Hafnar 2025-2040

8.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á svæðum fyrir íbúðarbyggð í þéttbýli skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Íbúðarhúsnæði er ráðandi landnotkun.
- Nærþjónusta og önnur minniháttar atvinnu- eða menningarstarfsemi sem samræmist búsetu er heimil, enda hafi slík þjónusta og starfsemi hógvært yfirbragð og valdi ekki óþægindum, t.d. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.
- Ekki er heimilt að selja gistipjónustu í íbúðarbyggð umfram heimild til heimagistingar í 90 daga á ári skv. 13. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Rekstrarleyfi útg. fyrir 6.10.2021 eru gild en ekki er heimilt að selja þau til nýrra aðila þar sem leyfið er bundið við viðkomandi fasteign og leyfishafa.

- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Gera skal ráð fyrir greiðfæru og öruggu stígakerfi innan svæðanna fyrir fjölbreytta ferðamáta og góðu aðgengi að öðrum bæjarhlutum og nálægum náttúrusvæðum.
- Við gerð og endurskoðun deiliskipulags verði lögð áhersla á fjölbreytta ferðamáta, samnýtingu bílastæða og aðgengilega úrgangsflokkun.
- Gera skal ráð fyrir leiksvæðum og minni opnum svæðum innan íbúðarbyggðar sem þjónað geta öllum aldurshópum.

Byggingar og byggðarmynstur

- Gera skal ráð fyrir úrvali íbúðargerða í bænum með aukinni áherslu á litlar og hagkvæmar íbúðir.
- Ný íbúðarbyggð skal falla vel að þeirri sem fyrir er hvað varðar tegund, stærðir, þéttleika og ásýnd. Byggðin falli einnig vel að náttúrulegu umhverfi og lagður skal metnaður í að skapa sterk tengsl á milli byggðar og náttúru.
- Leitast skal við að byggja á óbyggðum lóðum innan núverandi byggðar og þá í góðu samræmi við nálæga byggð og götummynd.

- Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar skulu falla að lóðarnýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar sem fyrir er.
- Gæta skal að varðveislu byggingararfs í elstu hlutum bæjarins.
- Heimilt er að útbúa aukaíbúð í núverandi sérbýlishúsnæði verði því við komið án þess að gera sér fasteignanúmer.

Rými og umhverfismótun

- Taka skal tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja. Vanda skal til mannvirkja m.t.t. útlits, varanleika og viðhalds.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð (ÍB)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ÍB-52 11,2 ha	Leirusvæði 1 og Fiskhóll, Höfn Deiliskipulag í gildi.	<p>Notkun/starfsemi: Uppbygging leikskóla er heimil á reitnum.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynsturs sem fyrir er en með fjölbreytni húsagerða að markmiði. Einbýli-, keðju- og sambýlishús, 1-2 hæðir. Allt að 13 íbúðir/ha.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Gera skal ráð fyrir grænu svæði á og við Fiskhól sem nýtir útsýni og halla landsins.</p>
ÍB-51 4,5 ha	Leirusvæði 2, Höfn Ódeiliskipulagt.	<p>Byggingar og byggðarmynstur: Einbýli, par- og raðhús og fjölbýlishús, allt að 2 hæðir. Allt að 15 íbúðir/ha.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Við hönnun hverfis þarf að taka tillit til útsýnis frá núverandi byggð og tengslum við aðliggjandi hverfi.</p>
ÍB-49 36,4 ha	Innbær, Höfn Deiliskipulag í gildi, að hluta til.	<p>Notkun/starfsemi: Uppbygging á hóteltúni heimil að undangengnu deiliskipulagi meðfram Kirkjubraut og Víkurbraut. Þar skal gera ráð fyrir þjónustuíbúðum og íbúðum fyrir eldri borgara.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynsturs - en auka blöndun húsagerða og íbúðastærða. Allt að 13 íbúðir/ha.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Aðgengi niður að sjó verði bætt og litlum áningarstöðum innan hverfis og á jaðri þess verði fjölgað. Huga þarf að aðkomu að opnum svæðum og leiksvæðum.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ÍB-54 3,6 ha	Höfði, Höfn Deiliskipulag í gildi, að hluta til.	<p>Byggingar og byggðarmynstur: Fullbyggður reitur, smágerð byggð tveggja hæða húsa. Endurbætur og viðbyggingar taki mið af núverandi byggðarmynstri við Ránarslóð og Höfðaveg.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Tryggja skal auðvelt aðgengi að Leiðarhöfða og að strandstíg.</p>
ÍB-48 13,5 ha	Hagahverfi, Höfn Deiliskipulag í gildi.	<p>Notkun/starfsemi: Heimilt er að vera með þjónustuíbúðir á reitnum.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Einbýli, par- og raðhús og fjölbýlishús, allt að 3 hæðir. Allt að 17 íbúðir/ha.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Tryggja skal opið og auðvelt aðgengi að náttúrulegri strönd við Sílavík og að strandstígur liggja gegnum svæðið. Gera skal ráð fyrir leiksvæði í góðum tengslum við strandstíg og stígakerfi. Forðast skal að raska náttúrulegri fjöru.</p>
ÍB-53 2,3 ha	Milli Hafnarbrautar og Víkurbrautar, Höfn Ódeiliskipulagt.	<p>Notkun/starfsemi: Verslunar- og þjónustustarfsemi heimil á jarðhæð meðfram Hafnarbraut, enda sé hún í samræmi við mælikvarða byggðarinnar.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Nær fullbyggður reitur, smágerð byggð tveggja hæða húsa. Endurbætur og viðbyggingar taki mið af núverandi byggðarmynstri. Allt að 20 íbúðir/ha.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.</p>
ÍB-55 1,1 ha	Afkastahóll og Bogaslóð, Höfn Ódeiliskipulagt.	<p>Byggingar og byggðarmynstur: Allt að 15 íbúðir/ha.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.</p>

8.3 Miðsvæði (M)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar byggingar- og framkvæmdaleyfa á svæðum fyrir miðsvæði skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Fjölbreytt blanda íbúða, verslana og ýmiskonar þjónustu.
- Leitast skal við að staðsetja verslunar- og þjónustustarfsemi á jarðhæðum og íbúðir á efri hæðum.
- Leyfi fyrir gistingu í flokki II, III og IV skv. rg. 1277/2016 eru háð því að næg bílastæði séu fyrir hendi.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Gera skal ráð fyrir greiðfæru og öruggu stígakerfi á miðsvæði fyrir fjölbreytta ferðamáta og góðu aðgengi að öðrum bæjarhlutum og nálægum náttúrusvæðum.
- Við gerð og endurskoðun deiliskipulags verði lögð áhersla á fjölbreytta ferðamáta, samnýtingu bílastæða og hjólastæðum þar sem við á.
- Til þess að göturými og gönguleiðir í miðkjarna Hafnar verði með skýr sérkenni sem tryggja öryggi, flæði og áhugaverða upplifun, verði gengið út frá áherslum í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.
- Sleppistæði fyrir rútur eru heimil en ekki stæði þar sem þær geta stöðvað í lengri tíma. Gert er ráð fyrir biðsvæði fyrir rútur sé sett upp í jaðri bæjarins.

Byggingar og byggðarmynstur

- Leggja skal áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, m.a. með því að, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.
- Heimilar eru breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar, sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og hlutverki svæðisins sem miðkjarna bæjarins.
- Byggingar verði almennt 1-3 hæðir.
- Uppbygging skapi skýr og aðlaðandi almenningsrými og fallega götumynd.
- Breytingar á mannvirkjum og viðbætur virði menningar-

verðmæti sem fólgin eru í byggingararfi og rótgrónum götumyndum.

- Gætt verði að húsafriðun.

Rými og umhverfismótun

- Áhersla skal lögð á skjólmyndun, aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar. Almenningsrými nýtist vel til fjölbreyttra sameiginlegra þarfa, t.d. sem vettvangur viðburða í samfélaginu. Áhersla skal lögð á gott aðgengi, virka og vistvæna ferðamáta.
- Virkja skal jaðra göturýma og annarra almenningsrýma með því að snúa dyrum og gluggum að þeim og gera ráð fyrir að starfsemi bygginga geti flætt út í rýmið, þar sem við á.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir miðsvæði (M)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>M-53 12,9 ha</p>	<p>Kjarni Hafnar Deiliskipulag í gildi, að hluta til.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Verslun, þjónusta og veitingastarfsemi á jarðhæð, stofnanir, menningar- og safnastarfsemi, gistiþjónusta og íbúðir eftir atvikum á efri hæðum. Hreinleg atvinnustarfsemi þar sem við á.</p> <p>Við Heppuveg er heimilt að hafa veitingaþjónustu og verslun, gisting heimil á efri hæðum.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Fjölbreytileiki í litum húsa verði aukinn og ný kennileiti sköpuð með nýbyggingum. Byggingar skulu vera á 2-4 hæðum auk bílastæðakjallara þar sem við á. Allt að 500 gistirúm.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum um ólík karaktarsvæði í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.</p>

8.4 Verslun og þjónusta (VÞ)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á svæðum fyrir verslunar- og þjónustusvæði skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Verslunar- og/eða þjónustustarfsemi skal vera ráðandi landnotkun.
- Heimilt er að vera með íbúðir og athafnastarfsemi ýmist í sér húsnæði eða sem hluta af verslunar- og þjónustuhúsnæði, skv. nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Tryggja skal að starfsemi á svæðunum trufla íbúðarbyggð sem minnst.
- Leyfi fyrir gistingu í flokki II, III og IV skv. rg. 1277/2016 eru háð því að næg bílastæði séu fyrir hendi.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og

bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Tryggja skal góðar tengingar fyrir alla ferðamáta inn á svæðin og gott aðgengi innan þeirra, með áherslu á virka og vistvæna ferðamáta.
- Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.
- Sleppistæði fyrir rútur eru heimil en ekki stæði þar sem þær geta stöðvað í lengri tíma. Gert er ráð fyrir biðsvæði fyrir rútur sé sett upp í jaðri bæjarins.

Byggingar og byggðarmynstur

- Styrkja skal heildaryfirbragð byggðarinnar með því að fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.
- Nýta skal tækifæri til að skapa ný kennileiti til að styrkja og fegra bæjarmyndina.
- Vanda skal mannvirki m.t.t. útlits, varanleika og viðhalds.

Rými og umhverfismótun

- Takmarka skal neikvæð áhrif bílastæða á ásýnd bæjarins.
- Áhersla skal lögð á aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu (VP)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VP-50 1,0 ha	Víkurbraut, Júllatún, Höfn Deiliskipulag í gildi, að hluta til.	Notkun/starfsemi: Heimilt er að breyta gististarfsemi í íbúðir. Byggingar og byggðarmynstur: Allt að 280 gistirúm.
VP-51 0,3 ha	Hafnarbraut, Víkurbraut, Höfn Ódeiliskipulagt.	Notkun/starfsemi: Verslun, þjónusta og gististarfsemi. Eldsneytissala er heimil á reitnum. Byggingar og byggðarmynstur: Byggingar skulu vera á 1-2 hæðum og hámarksnýtingarhlutfall 0,5. Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.9 um verslun og þjónustu.
VP-49 2,3 ha	Hafnarbraut, Vesturbraut, Höfn Ódeiliskipulagt.	Notkun/starfsemi: Verslun, þjónusta og gististarfsemi. Eldsneytissala er heimil á reitnum. Heimilt er að vera með íbúðarhúsnæði. Byggingar og byggðarmynstur: Lágrest byggð á einni hæð. Allt að 110 gistirúm. Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.9 um verslun og þjónustu.
VP-46 1,4 ha	Hafnarvegur, Dalbraut, Höfn Deiliskipulag í gildi, að hluta til.	Notkun/starfsemi: Verslun, gistihús, samkomuhús, safnaðarstarf. Byggingar og byggðarmynstur: Allt að 140 gistirúm. Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.9 um verslun og þjónustu.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VP-48 0,4 ha	Hvannabraut, Höfn Deiliskipulag í gildi.	Notkun/starfsemi: Gistihús. Heimilt að nota húsnæði sem íbúðir. Byggingar og byggðarmynstur: Allt að 70 gistirúm.
VP-55 3,5 ha	Við Óslandsveg sunnan Ásgarðs, Höfn Deiliskipulag í gildi.	Notkun/starfsemi: Verslun, ferðaþjónusta og hreinleg atvinnustarfsemi. Tjaldsvæði verða ekki heimiluð á svæðinu og óheimilt er með öllu að tjalda. Byggingar og byggðarmynstur: Heildstæð byggð sem nýtir kosti umhverfisins og styrkir bæjarmynd Hafnar. Allt að 1.000 gistirúm. Rými og umhverfismótun: Byggingarreitir innan svæðis skulu ekki vera nær sjávarmáli en 20 m, svo ekki skerði rétt almennings til útivistar og til að njóta strandlengjunnar. Bílastæðin skulu opin almenningi og ferðafólki.
VP-47 6,6 ha	Hafnarbraut, norðan Hagahverfis, Höfn Deiliskipulag í gildi, að hluta til.	Notkun/starfsemi: Reiturinn er einkum ætlaður fyrir stórverslanir, s.s. matvörumarkaði og byggingavörverslanir, sem krefjast athafnarýmis og fjölda bílastæða. Á því er einnig heimil ýmiskonar rýmisfrek þjónusta sem þarf athafnasvæði og gott aðgengi fyrir stóra bíla og aðra akandi umferð. Grunnkerfi: Aðkoma að svæðinu verði frá Hafnarbraut. Byggingar og byggðarmynstur: Minni verslunar- og þjónusturými eru heimil en takmarkist við 1.000 m ² til að framtíðarmöguleikar á uppbyggingu sterks miðbæjar skaðist ekki. Hámarks heildarbyggingarmagn á reitnum er 30.000 m ² . Byggingar verði 1-2 hæðir
VP-40 1,2 ha	Stekkaklettur, Höfn Deiliskipulagt.	Notkun/starfsemi: Menningarstarfsemi. Föst búseta heimiluð. Gististarfsemi/skammtímaleiga óheimil.

8.5 Samfélagsþjónusta (S)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á svæðum fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Samfélagsþjónusta ýmiskonar er ráðand starfsemi.
- Íbúðir eru ekki heimilar nema þjónustuíbúðir.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Tryggja skal góðar tengingar fyrir alla ferðamáta inn á svæðin og gott aðgengi innan þeirra með áherslu á virka og vistvæna ferðamáta.
- Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.

Byggingar og byggðarmynstur

- Nýta skal tækifæri til að byggja í eyður og skapa ný kennileiti til að styrkja og fegra bæjarmyndina og heildaryfirbragð bæjarins.
- Vanda skal mannvirki m.t.t. útlits, varanleika og viðhalds.
- Almennt er gert ráð fyrir að viðbætur og breytingar á mannvirkjum og aðstöðu séu mögulegar eftir því sem þarfir fyrir þjónustu breytast.

Rými og umhverfismótun

- Áhersla skal lögð á aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, s.s. hvað varðar bílastæði, yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir samfélagsþjónustu (S)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>S-53 1,0 ha</p>	<p>Garðshóll, Höfn Deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Reitur fyrir samfélagsþjónustu. Starfsemi grunnskóla færist á reit S-2.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Nýbygging/viðbygging heimil og skal taka mið af byggðarmynstri. Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.</p>
<p>S-52 3,1 ha</p>	<p>Víkurbraut, Höfn Deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Grunnskóli.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Uppbygging vegna skóla og íþróttamannvirkja heimil.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Innan svæðis skal gera ráð fyrir vel útbúinni skólalóð sem nýst geti til hátíðarhalda. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.10 um kjarna Hafnar.</p>
<p>S-50 7,6 ha</p>	<p>Víkurbraut, Kirkjubraut og Norðurbraut, Höfn Deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Velferðarþjónusta, Kirkja, kirkjugarður, leikskólar, heilsugæsla og íbúðir fyrir aldraða og fatlaða.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Uppbygging vegna þessarar starfsemi heimil.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.7 um Samfélags- og íþróttasvæði.</p>

8.6 Íþróttasvæði (Íþ)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á íþróttasvæðum skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Á íþróttasvæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem vænta má á slíkum svæðum án þess að þeirra sé sérstaklega getið í sértækum skilmálum, t.d. bílastæðum, stígum, pöllum, salernum og öðrum þjónustuhúsum.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Tryggja skal góðar tengingar fyrir alla ferðamáta inn á svæðin og gott aðgengi innan þeirra, með áherslu á virka og vistvæna ferðamáta.
- Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.

Byggingar og byggðarmynstur

- Við uppbyggingu á íþróttasvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- Vanda skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.

Rými og umhverfismótun

- Takmarka skal neikvæði áhrif bílastæða á ásýnd svæðanna/bæjarins.
- Áhersla skal lögð á aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði (ÍÞ)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ÍÞ-53 2,9 ha	Íþróttaaðstaða milli Víkurbrautar og Garðshóls, Höfn Deiliskipulag í gildi.	<p>Notkun/starfsemi: Skipulagðir íþróttavellir og aðstaða sem þeim fylgir, byggingar til íþróttaiðkunar.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Uppbygging vegna íþróttamannvirkja heimil skv. deiliskipulagi.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum um frábært íþróttasvæði í kafla 7.7 um Samfélags- og íþróttasvæði.</p>
ÍÞ-44 53,8 ha	Golfvöllur á Silfurnesi, Höfn Ódeiliskipulagt.	<p>Notkun/starfsemi: Skipulagður golfvöllur og aðstaða sem rekstri hans og golfklúbbsins fylgir, þ.m.t. byggingar.</p>
ÍÞ-43 12,4 ha	Mótorkrossbraut við Eystri Langhóla, Höfn Deiliskipulagt.	<p>Notkun/starfsemi: Skipulögð akstursbraut og aðstaða vegna hennar.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Uppbygging heimil skv. deiliskipulagi og skal setja skilmála í deiliskipulag um hljóðmanir og opnunartíma.</p>

8.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem vænta má á slíkum svæðum án þess að þeirra sé sérstaklega getið í sértækum skilmálum, t.d. bílastæðum, stígum, pöllum, salernum og öðrum þjónustuhúsum.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Tryggja skal góðar tengingar fyrir alla ferðamáta inn á svæðin og gott aðgengi innan þeirra, með áherslu á virka og vistvæna ferðamáta.
- Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.

Byggingar og byggðarmynstur

- Við uppbyggingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- Vanda skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.
- Gera skal grein fyrir útfærslum í deiliskipulagi.

Rými og umhverfismótun

- Takmarka skal neikvæði áhrif bílastæða á ásýnd svæðanna/bæjarins.
- Áhersla skal lögð á aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
AF-50 7,2 ha	Tjaldsvæðið, Höfn Deiliskipulag í gildi.	Notkun/starfsemi: Tjaldsvæði og gisting í smáhýsum. Heimilt er að setja upp tímabundna aðstöðu á OP-4 Ægissíða, í tengslum við sérstaka viðburði. Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum um markvissa uppbyggingu hvers svæðis í kafla 7.4 um grænt grunnkerfi.

8.8 Opin svæði (OP)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á opnum svæðum skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Á opnum svæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum, fræðsluskiltum og aðstöðu sem vænta má á slíkum svæðum án þess að þeirra sé sérstaklega getið í sértækum skilmálum, t.d. bílastæðum, stígum, pöllum, salernum og öðrum þjónustuhúsum.
- Á opnum svæðum geta verið leikvellir og minniháttar aðstaða fyrir samkomur og skemmtanir eftir því sem staðhættir gefa færi á.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Tryggja skal góðar tengingar fyrir alla ferðamáta inn á svæðin og gott aðgengi innan þeirra, með áherslu á virka og vistvæna ferðamáta.
- Gert er ráð fyrir bílastæðum á helstu aðkomustöðum og öðrum viðkomustöðum við vegi innan opinna svæða. Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.

Byggingar og byggðarmynstur

- Við uppbyggingu á opnum svæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- Vanda skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.
- Gera skal grein fyrir útfærslum í deiliskipulagi.

Rými og umhverfismótun

- Takmarka skal neikvæði áhrif bílastæða á ásýnd svæðanna/bæjarins.
- Áhersla skal lögð á aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar.
- Hafa skal til hliðsjónar umfjöllun um markvissa uppbyggingu í kafla 7.4 um grænt grunnkerfi.
- Ræktun útivistarskóga til skjóls, landbóta og fegrunar er heimil að fengnu framkvæmdaleyfi en í leyfisumsókn skal gera grein fyrir skógræktaráformum, hvernig skógræktin fellur að landi og hvernig

gætt hefur verið að vernd annarra vistkerfa, menningarminja og náttúrugæða, svo sem hallamýra, berjalanda, válistategunda, útsýnisstaða og annars þess sem við getur átt á hverjum stað. Sérstaklega skal gætt að ákvæðum 61. og 70. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Sjá einnig þemauppdrátt um náttúruvernd.

- Leitast verði við að hefta útbreiðslu ágengra tegunda á svæðum sem eru viðkvæm fyrir breytingu á náttúrulegri ásýnd og tegundasamsetningu.
- Gert er ráð fyrir að opin svæði geti nýst sem úthagi fyrir landbúnað.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir opin svæði (OP)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>OP-49 2,8 ha</p>	<p>Dreifð opin svæði, Höfn Svæði meðfram Hafnarbraut, Silfurnes, svæði við golfvöll, svæði við Sílavík og Lyngey.</p>	<p>Rými og umhverfismótun: Áhersla á náttúrulegt yfirbragð, skjólgóð dvalarsvæði, leiktæki og gróður. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.4 um Grænt grunnkerfi.</p>
<p>OP-58 20,2 ha</p>	<p>Ósland, Höfn Deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Svæðið er friðlýst sem fólkvangur, sjá FS-4. Rými og umhverfismótun: Áhersla á að bæta aðstæður fyrir almenna útivist, fuglaskoðun og útikennslu í náttúrufræðum. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.4 um Grænt grunnkerfi. Sjá nánari ákvæði 8.15 friðlýst svæði (FS).</p>
<p>OP-51 0,5</p>	<p>Hóteltún, Höfn Ódeiliskipulagt.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Áhersla á almenningsgarð til fjölbreyttra nota fyrir alla aldurshópa. Rými og umhverfismótun: Í garðinum verði fjölbreyttur gróður, vandaðir stígar og aðstaða til dvalar og leiks. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.4 um Grænt grunnkerfi.</p>
<p>OP-44 142,2 ha</p>	<p>Ægissíða, Eystriketlar, Höfn Deiliskipulagt, að hluta til.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Útvistarsvæði, svæði fyrir frístundabúskap og matjurtagarða. Heimilt er að setja upp tímabundna aðstöðu fyrir tjaldsvæði, í tengslum við sérstaka viðburði. Byggingar og byggðarmynstur: Uppbygging heimil vegna landmælingastöðvar við Miðfjárhúshól. Rými og umhverfismótun: Varðveita ætti náttúrulegt yfirbragð og standa vörð um lífríkið en bæta einnig aðstöðu til útivistar með skjólgóðum dvalarsvæðum og góðu stígakerfi í sátt við náttúru og landslag. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.4 um Grænt grunnkerfi.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>OP-54 1,6 ha</p>	<p>Leiðarhöfði, Höfn Deiliskipulagt.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Útivistarsvæði, Leiðarhöfði á að þjóna breiðum hópi með fjölbreyttri menningartengdri afþreyingu og þjónustu, þar sem náttúran, umhverfið, sjálfur Leiðarhöfði og magnað útsýni fær að njóta sín.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Lögð verði áhersla á að bæta aðstöðu til að njóta útsýnis og lífríkis við sjóinn, sem og að bæta tengingu við strandstíg. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.4 um Grænt grunnkerfi.</p>

8.9 Athafnasvæði (AT)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á athafnasvæðum skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

Notkun/starfsemi

- Gert er ráð fyrir því að hluti starfsemi á athafnasvæðum feli í sér sölu og afgreiðslu til almennings, líkt og gerist á svæðum fyrir verslun og þjónustu.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Tryggja skal góðar tengingar fyrir alla ferðamáta inn á svæðin og áhersla er lögð á gott aðgengi, virka og vistvæna ferðamáta.
- Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.

Byggingar og byggðarmynstur

- Við skipulag og byggingu svæðisins í þéttbýlinu á Höfn og í Nesjahverfi skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og fylla í bæjarmyndina.

Rými og umhverfismótun

- Á athafnasvæðum er lögð áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði.
- Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum þannig að ásýnd verði sem snyrtilægust.
- Gera ráð fyrir gangstéttum allavega öðru megin götu, götutrjám og öðrum gróðri í göturými, þar sem við á.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði (AT)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>AT-53 15,9 ha</p>	<p>Heppa og Leirusvæði norðan við Álaugarveg að Bugðuleiru, Höfn Deiliskipulag í gildi að hluta til.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð byggðar á nálægum svæðum. Sérstök áhersla á góða ásýnd vegna nálægðar við miðsvæði og umferðagötur. Heimilt er að starfrækja verslun.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Hæð bygginga skal vera í samræmi við aðliggjandi byggð.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum um snyrtilega ásýnd og fyrirmyndar umhirðu í kafla 7.8 um athafna- og hafnarsvæði.</p>
<p>AT-44 1,7 ha</p>	<p>Við Hafnarveg norðan við Miðfjánhúshól, Höfn Ódeiliskipulagt.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Léttur iðnaður og snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við yfirbragð byggðar á nálægum svæðum.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Hæð bygginga skal vera í samræmi við aðliggjandi byggð.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum um snyrtilega ásýnd og fyrirmyndar umhirðu í kafla 7.8 um athafna- og hafnarsvæði.</p>
<p>AT-45 7,7 ha</p>	<p>Við Fjánhúsvík, Höfn Ódeiliskipulagt.</p>	<p>Notkun/starfsemi: Geymslusvæði, léttur iðnaður og snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við yfirbragð byggðar á nálægum svæðum.</p> <p>Byggingar og byggðarmynstur: Hæð bygginga skal vera í samræmi við aðliggjandi byggð.</p> <p>Rými og umhverfismótun: Taka skal mið af markmiðum um snyrtilega ásýnd og fyrirmyndar umhirðu í kafla 7.8 um athafna- og hafnarsvæði.</p>

8.10 Hafnir (H)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfararfarþega og smábátahafnir.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Hornafjarðarhöfn er eina höfn Suðurlands á milli Landeyjarhafnar og Dúpavogshafnar. Mikilvægi hafnarinnar fyrir atvinnulíf sveitarfélagsins er ótvírætt, sem og fyrir almannavarnir á Suðausturlandi. Þróun og viðhaldi hafnarinnar þarf því að sinna vel.

Vegna aðstæðna í innsiglingunni um Hornafjarðarós eru rannsóknir, dæling og dýpkun viðvarandi verkefni. Koma þarf efni sem dælt er upp tímabundið fyrir innan hafnarsvæðisins, eða í grennd þess, áður en því er endanlega fyrirkomið annarsstaðar. Í gegnum tíðina hefur efnið m.a. verið nýtt í landfyllingar til að gera ný byggingarsvæði á Höfn en ekki eru skilgreind ný svæði fyrir slíkar landfyllingar í þessu aðalskipulagi.

Áfram gert ráð fyrir nýrri höfn, Faxeyrarhöfn, í Hornafjarðarósi, vegna mikils aurburðar, landriss og þróunar atvinnulífs. Hafnarmynni nýju hafnarinnar verður nær ósnum og innsiglingin því styttri og auðveldari en nú er. Höfnin yrði jafnframt stærri og

gæti þjónað stærri skemmtiferðaskipum og veitt möguleika á þjónustu við flutningaskip. Framkvæmdirnar eru háðar lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. t.d. lið 10.09, 10.10 og 10.18 í 1. viðauka laganna.

Í umhverfismatsskýrslu gildandi aðalskipulags er áhrif Faxeyrarhafnar á lífríki, sjó/vötn, landslag/ásýnd og samfélag metin, annarsvegar m.v. að höfnin verði framkvæmd í einum áfanga og hinsvegar í tveimur áföngum þar sem fyrri áfanginn næði til hafnarmannvirkisins sjálfs og vegtengingar við land en sá seinni fæli í sér meiri landfyllingar fyrir hafnsækna starfsemi. Í umhverfismatsskýrslunni er einnig gerð grein fyrir áhrifum óbreytts ástands á framangreinda umhverfisþætti.

Þar sem stefna og landnotkunarákvörðun nýs aðalskipulags er sú sama og í fyrra/gildandi aðalskipulagi, þ.e. að gera ráð fyrir Faxaeyrarhöfn í áföngum eftir þörfum og fjárveitingum, er vísað til þessarar fyrri umhverfismatsskýrslu. Nánara umhverfismat verði gert á deiliskipulags- og framkvæmdastigi þegar frekari forsendur liggja fyrir um umfang og tímasetningu mannvirkja. Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir SN-reiti (í kafla 8.11) og ST-reiti (í kafla 8.12).

Almenn skipulagsákvæði

Notkun/starfsemi

- Auk þeirrar starfsemi sem talin er upp í skilgreiningu skipulagsreglugerðar er ýmiskonar önnur hafnsækin starfsemi heimil á hafnarsvæðum, sem og starfsemi sem nýtur góðs af nálægð við hafnsækna starfsemi. Það getur t.d. átt við minni og stærri framleiðslufyrirtæki, verkstæði, smiðjur og geymsluhúsnæði.
- Íbúðir, veitingastaðir og hótél eru ekki heimil á hafnarsvæði.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.

Grunnkerfi

- Heimilt er að endurbyggja og þróa viðlegukanta, bryggjur og landfyllingar og dýpka höfnina innan þess svæðis sem skilgreint er sem H-reitur og SN-reitur, samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi og/eða á grundvelli umhverfismats og framkvæmdaleyfisgagna eftir því sem við á. Sjá í samhengi við kafla 8.13 um sérstök not strand- og hafsvæða sem eru svæði innan netlaga þar sem gert er ráð fyrir tilteknum notum, t.d. siglingaleiðum. Gætt verði að ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Huga skal að öruggri umferð virkra ferðamáta innan hafnarsvæðis og milli þess og annarra hluta bæjarins.
- Heimild til að setja upp umferðar- og aðgangsstýringu til að

tryggja öruggt samspil athafnalífs á hafnarsvæði og almennrar umferðar íbúa og ferðafólks.

- Huga skal að samnýtingu bílastæða og hjólastæðum við helstu þjónustubyggingar.

Byggingar og byggðarmynstur

- Gæta þarf að breytingum á sjávarstöðu við deiliskipulag, hönnun mannvirkja og framkvæmdir.
- Vanda skal frágang lóða og gæta þess að ekki stafi hætta á mengun af þeim. Á lóðum þar sem gert er ráð fyrir meðhöndlun olíu gildir reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- Lögð skal áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang almenningsrýma, lóða og mannvirkja á svæðinu.
- Við skipulag og byggingu svæðisins skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og fylla í bæjarmyndina.

Rými og umhverfismótun

- Á hafnarsvæðinu er lögð áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði.
- Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum þannig að ásýnd verði sem snyrtilegust.
- Gera ráð fyrir gangstéttum, götutrjám og öðrum gróðri í göturými á hafnarsvæði, þar sem við á.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir hafnarsvæði (H)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>H-57 67,2 ha</p>	<p>Hornafjarðarhöfn og Faxeyrarhöfn, Höfn</p> <p>Deiliskipulag Hornafjarðarhafnar við Ósland 6.7.2023.</p> <p>Deiliskipulag Krosseyjar 10.12.2014 m.s.br.</p> <p>Deiliskipulag Hafnarvíkur - Heppu 19.1.2012.</p>	<p>Hafnarsvæðinu H-57 er skipt upp í þrjú undirsvæði:</p> <p>Krossey og Álaugarey: Í Álaugarey er blönduð atvinnustarfsemi heimil. Verslun og gistiþjónusta með allt að 40 gistirúm er heimil en til lengri tíma skal starfsemin vera víkjandi þar sem hún er umkringd hafnarstarfsemi. Krossey er fyrst og fremst fyrir starfsemi tengda sjávarútvegi.</p> <p>Ósland: Í Óslandi eru lóðir af sveigjanlegri stærð fyrir starfsemi sem hefur hag af nálægð við höfn eða þjónustar hafnsækna starfsemi. Skólphreinsistöð er á Óslandi. Við stöðina skal vera svigrúm fyrir mannvirki og aðgangur skal vera óhindraður vegna eftirlits og viðhalds. Áhersla er lögð á góða ásýnd og vandaðan frágang.</p> <p>Faxeyrarhöfn: Reiknað er með allt landfyllingu út í Hornafjarðarós og nýjum hafnarmannvirkjum þar, sem útfærð verði nánar á deiliskipulags- og framkvæmdastigi og á grundvelli umhverfismats skv. lögum nr. 111/2021. Lögun og stærð landfyllingar taki mið af því mati. Afmörkun og lögun svæðis skal skilgreind í deiliskipulagi.</p>

8.11 Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.”

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Afmörkun reits í þessum landnotkunarflokki við núverandi og framtíðar Hornafjarðarhöfn tekur mið af því svæði þar sem þarf stöðugt að dýpka og færa til efni til að halda siglingaleið að höfn greiðri (sjá í samhengi við kafla 8.10 um hafnarsvæði).

Almenn skipulagsákvæði

- Heimilt er að endurbyggja og þróa viðlegukanta, bryggjur og landfyllingar og dýpka höfnina innan þess svæðis sem skilgreint er sem SN-reitur og H-reitur, samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi og/eða á grundvelli umhverfismats og framkvæmdaleyfisgagna eftir því sem við á. Gætt verði að ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana um tilkynningarskyldu og matskyldu eftir því sem við á.
- Unnt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku og efnislosun innan SN-reita, án þess að svæði fyrir efnistöku eða efnislosun sé afmarkað í aðalskipulagi, ef framkvæmdin fellur ekki undir tilkynningarskyldu eða matskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Áningarstaður á Höfn (Ljósm. Þorsteinn Roy)

Skipulagsákvæði fyrir sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
SN-60 160,8,1 ha	Hornafjarðarós og innsiglingin að Hornafjarðarhöfn	

8.12 Strandsvæði (ST)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.“


Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Í þennan flokk falla fjörur, eyjar og sker sem og vatnsfletir Hornafjarðar, Skarðsfjarðar, Papafjarðar og Lónsfjarðar (sjá í samhengi við ST-reiti í dreifbýli í kafla 9.22).

Almenn skipulagsákvæði

Notkun/starfsemi

- Mannvirkjagerð er óheimil, nema minniháttar aðstaða vegna útivistar og náttúruskoðunar, s.s. fuglaskoðunarbyrgi og áningarborð.
- Hlunnindanýting er heimil.
- Aðgengi almennings að fjörum skal tryggt.



Skarðsfjörður og Eystrahorn (Ljósmynd. Þorsteinn Røy)

Skipulagsákvæði fyrir strandsvæði (ST)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ST-593 5465,2 ha	Hornafjörður Ódeiliskipulagt.	
ST-560 1593,6 ha	Suðurfjörur Ódeiliskipulagt.	
ST-644 3205,8 ha	Skarðsfjörður Ódeiliskipulagt.	
ST-659 938,7 ha	Austurfjörur Ódeiliskipulagt.	

8.13 Vegir, götur og stígar (VE)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.“

Almenn skipulagsákvæði

Grunnkerfi


- Gert verði ráð fyrir færslu þjóðvegjar í þéttbýli, stofnvegjar, austur fyrir bæinn, til að létta á þungaumferð á Hafnarbraut og dreifa umferð inn og út úr bænum.
- Þróa skal Hafnarbraut sem fallega, örugga og græna bæjargötu.
- Leggja skal áherslu á að bæta helstu leiðir í grunnskóla og megingötu.
- Gera skal ráð fyrir stæðum fyrir hjól og rafskútur á helstu áfangastöðum og við allar stofnanir bæjarins.
- Taka skal mið af markmiðum og áherslu í kafla 7.5 um umferðarkerfi og 7.10 um kjarna Hafnar.

Rými og umhverfismótun

- Leitast skal við að afmarka vel rými gangandi vegfarenda og útfæra aðlaðandi og gróðurrikar götur og stíga með öryggi og

aðgengi fyrir alla að leiðarljósi.

- Taka skal mið af markmiðum og áherslu í kafla 7.5 um umferðarkerfi og 7.10 um kjarna Hafnar.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir vegi, götur og stíga (VE)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VE-SV-1	Stofnvegir / stofnbrautir	<p>Stofnvegir, skv. vegalögum, ásamt tengdum mannvirkjum, s.s. göngum, brúm og áningarstöðum. Taka þarf tillit til takmarkana sem gilda á helgunarsvæðum stofnvega.</p> <p>Legu stofnvega og tengivega, eins og hún er sýnd skipulagsuppdráttum, er bindandi í þeirri nákvæmni sem uppdrættirnir eru. Nákvæm lega er ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi.</p> <p>Gert er ráð fyrir að aðrir innviðir geti legið samhliða stofnvegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Ef sýnd er lega annarra innviða meðfram stofnvegi telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins hún er sýnd.</p> <p>Veghelgunarsvæði er 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar.</p>
	Aðrar götur í þéttbýli	Legu þeirra ákvörðuð á deiliskipulagsstigi.
	Stígar í þéttbýli	Taka skal mið af markmiðum um greiðfært og öruggt leiðakerfi í kafla 7.5 um umferðarkerfi.

8.14 Veitur (VH)


Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.“

Almenn skipulagsákvæði

Grunnkerfi

- Heimilt er að gera lagfæringar og breytingar á legu stofnæðar vatnsveitu og hitaveitu innan þéttbýlismarkna á grundvelli framkvæmdaleyfisgagna.
- Lega rafveitu og fjarskiptalagna er ákveðin á framkvæmdaleyfisstigi.
- Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.



Vatnstankurinn á Fiskhóli var upphaflega reistur 1949 og er friðlýstur (Ljósm. Þorsteinn Roy)

Sértæk skipulagsákvæði fyrir veitur (VH)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VH-V-1	Stofnæð vatnsveitu, Rimavatn - Höfn	
VH-H-1	Stofnæð hitaveitu, Hoffell - Höfn	
VH-R-3	Hafnarlína 1	

8.15 Friðlýst svæði (FS)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.“

Almenn skipulagsákvæði

Notkun/starfsemi

- Stefnt skal að því að upplýsa gesti að þeir séu á friðlýstu svæði en markmiðið er að gestir svæðisins fari fróðara heim heldur en þegar þeir komu og þeir séu upplýstir um náttúrufar, gönguleiðir og reglur á svæðinu.

Grunnkerfi

- Innviðum og mannvirkjum á svæðinu skal vera vel við haldið og skal starfsemi þeirra hæfa markmiðum svæða.
- Fólkvangurinn skal vera aðgengilegur öllum eins og kostur er.
- Gönguleiðir skulu vera í samræmi við friðlýsingarskilmála, gildandi deiliskipulag og stjórnunar og verndaráætlun. Göngustígar skulu vera vel merktir, öruggir og með góðu undirlagi þannig að gestir svæðisins gangi síður utan þeirra.

Byggingar og byggðarmynstur


- Ekki er stefnt að frekari uppbyggingu innan svæðisins umfram það sem kemur fram í deiliskipulagi. Stefnt skal að því að

starfsemi bygginga hæfi svæðum.

- Allir innviðir skulu hannaðir með þeim hætti að þeir falli vel að landslagi og sinni hlutverki sem viðeigandi er fyrir svæðið. .

Rými og umhverfismótun

- Friðlýst svæði verði varin fyrir ágengum tegundum.
- Ekki skal skerða gróður og jarðminjar eða trufla dýralíf.



Sértækar takmarkanir á landnotkun vegna friðlýsingar (FS)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
FS-58 16,9 ha	Ósland, Höfn Friðlýst sem fólkvangur. Deiliskipulagt.	Áhersla skal lögð á að bæta aðstæður fyrir almenna útivist, fuglaskoðun og útikennslu í náttúrufræðum. Taka skal mið af markmiðum í kafla 7.4 um Grænt grunnkerfi. Landnotkun, framkvæmdir og umgengni á svæðinu skal vera í samræmi við markmið og ákvæði fyrir fólkvanginn skv. auglýsingu nr. 427/1982 í Stjórnartíðindum B og stjórnunar- og verndaráætlun Óslands 2021-2030.

8.16 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.“

Almenn skipulagsákvæði

Við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar bygginga- og framkvæmdaleyfa á svæðum undir annarri náttúruvernd skal fylgja eftirfarandi almennum skipulagsákvæðum.

- Gera skal grein fyrir svæðum sem falla undir aðra náttúruvernd og áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á þau. Fara skal með gát og leitast við að raska lífríki og landslagi sem minnst. Huga skal að mikilvægi og sérstöðu svæðanna í íslensku og alþjóðlegu samhengi.
- Um vistkerfi og jarðminjar sem taldar eru upp í 61. gr. laga um náttúruvernd gilda ákvæði þeirrar greinar.
- Þegar B-hluti náttúruminjaskrár hefur verið samþykktur gilda ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd.
- Þegar C-hluti náttúruminjaskrár hefur verið útgefinn gilda ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd. Fram að því gilda bráðabirgðaákvæði laganna.



Horft til hafs (Ljós. Þorsteinn Roy)

8.17 Minjavernd (MV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.“

Almenn skipulagsákvæði

Afla skal upplýsinga um fornleifar og aðrar minjar (sjá m.a. í minjavefsjá Minjastofnunar) og gæta ákvæða laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Gæta skal að aldursfriðuðum húsum sem er að finna innan einstakra landotkunarreita, en þau eru árið 2025:

- Sólstaðir, Fiskhóll 5. Timburhús byggt árið 1907, hönnuður óþekktur.
- Bogaslóð 2. Timburhús byggt árið 1897, hönnuður óþekktur.
- Kaupfélagshúsið, Hafnarbraut 2. Timburhús byggt árið 1897, hönnuður óþekktur.
- Gamlabúð, Heppuvegur 1. Timburhús byggt árið 1864, hönnuður Pétur Vilhelm Jensen.
- Mikligarður-Verbúð, Krosseyjarvegur 7. Timburhús byggt árið 1918, hönnuður óþekktur.



Gamlabúð (Ljósmynd. Þorsteinn Roy)

Sértækar takmarkanir minjaverndar (MV)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
MV-51 ≤5 ha	Fiskhóll, vatnstankur. Aldur 1945-2016. Minjaflokkur óskilgreindur.	Friðlýst mannvirki.

9. Skipulagsákvæði í dreifbýli

9.1 Inngangur

Ákvarðanir á skipulagsuppdráttum

Í skipulagsreglugerð⁶¹ eru skilgreindir 25 flokkar landnotkunar og 10 tegundir takmarkana á landnotkun og skal í aðalskipulagi ákvarða hvaða land sveitarfélagsins fellur í hvern flokk og hvaða tegundir takmarkana gilda á tilteknum svæðum s.s. vegna náttúruvár eða verndarsjónarmiða. Einnig skal ákveða legu grunnkerfa eins og stofn- og tengivega og setja ákvæði um veitur og fjarskipti. Þessar ákvarðanir birtast á aðalskipulagsuppdráttum og vefsjá. Þær eru teknar á grundvelli ákvæða í skipulagslögum og -reglugerð, sm og út frá stefnu sveitarfélagsins á sviðum umhverfis-, samfélags- og atvinnumála, sbr. 4., 5. og 6. kafla, sem aftur byggir á greiningu í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.

Stefnusvið og viðfangsefni aðalskipulagsins		
Vistkerfi og auðlindir 4. kafli	Byggð og samfélag 5. kafli	Atvinnulíf og grunnkerfi 6. kafli
Loftslag og náttúruvá Vatn og strandsjór Lífriki og landslag Land og jarðvegur	Íbúar, húsnæði og lýðheilsa Byggðarmynstur og bæjarmynd Samgöngur og umferð þjónusta, verslun og menningarlíf Útivist, íþróttir og leikir	Þróun atvinnulífs Orkuframleiðsla og orkuflutningur Veitukerfi og fjarskipti Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi



⁶¹ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Landnotkunarflokkar	Takmarkmarkanir á landnotkun
<ul style="list-style-type: none"> • Íbúðarbyggð • Miðsvæði • Verzlun og þjónusta • Samfélagsþjónusta • Athafnasvæði, • Lónaðarsvæði • Efnistöku- og efnislosunarsvæði • Frístundabyggð • Afþreyingar- og ferðamannasvæði • Íþróttasvæði • Kirkjugarðar og grafreitir • Opin svæði • Vegir, götur og stígar • Flugvellir • Hafnir • Veitur og helgunarsvæði • Landbúnaðarsvæði • Skógræktar og landgræðslusvæði • Óbyggð svæði • Vötn, ár og sjór • Sérstök not haf- og vatnssvæða • Vatnsból • Strandsvæði • Varnar- og öryggissvæði 	<ul style="list-style-type: none"> • Náttúruvá • Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir Friðlýst svæði • Önnur náttúruvernd • Minjavernd • Vatnsvernd, fjarsvæði • Vatnsvernd, grannsvæði • Vatnsvernd, strandsvæða • Hverfisvernd • Hindranafötur flugvallar

Skipulagsákvæði í skipulagsgreinargerð

Fyrir hvern landnotkunarflokk eru sett almenn skipulagsákvæði sem gilda um alla reiti í þeim flokki. Fyrir einstaka reiti innan flokksins eru sett sértæk ákvæði sem gilda aðeins á þeim tiltekna reit. Hvorutveggja er birt í [aðalskipulagsvefsjá](#). Ákvæðin eru fyrir mæli sem stýra landnotkun og mannvirkjagerð í átt að þeim markmiðum sem sveitarfélagið hefur sett sér um einstök viðfangsefni aðalskipulagsins. Ákvæðunum er framfylgt í gegnum deiliskipulag og bygginga- og framkvæmdaleyfi.

Í næstu köflum er hver landnotkunarflokkur tekinn fyrir og uppbygging kaflanna er sýnd í töflunni á næstu blaðsíðu. Fyrst er vitnað í skilgreiningu skipulagsreglugerðar. Síðan er áherslum fyrir landnotkunarflokkinn lýst sem og tengslum við markmið í stefnuhluta og við aðra landnotkunarflokka, eftir því sem við á. Síðan eru sett fram almenn og sértæk ákvæði sem byggja á áherslunum og markmiðunum.

Almennu ákvæðin draga fram það sem gildir um landnotkun, grunnkerfi, byggingar og staðarmótun á öllum reitum landnotkunarflokksins. Þau lýsa einnig, þar sem við á, hvaða málsmeðferð skal beita eftir umfangi starfsemi og mannvirkjagerðar sem landnotkunarflokkurinn heimilar.

Sértæku ákvæðin segja svo nánar til um landnotkun og mannvirkjagerð á tilteknum reit, eftir því sem tilefni þykir til að setja sérákvæði.

Reitir eru númeraðir eftir ákveðnu kerfi frá vestri til austurs.

Við mótun deiliskipulags og vinnslu leyfisumsóknar er hvatt til

að nýttar séu tiltækar, innlendar og erlendar, leiðbeiningar um ýmsa þætti skipulagsmála, s.s. um hönnun ferðamannastaða, lýðheilsuvænt skipulag og um vegamál.⁶²

Minnt er á að nota gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins til að nýta við umhverfismat og gera grein fyrir samræmi við viðmið um sjálfbæra þróun eins og hún birtist í stefnu á heims- og landsvísu.

Samræmis við markmið aðalskipulags, í köflum 4-6, þarf einnig að gæta við mótun deiliskipulagstillagna og leyfisumsókna, sbr. einnig skýringar við markmiðin í samsvarandi köflum forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Skilgreining skipulagsreglugerðar

- Bein tilvitnun í reglugerðina

Áherslur og tengsl við aðra landnotkunarflokk

- Umfjöllun sem lýsir hvernig almenn ákvæði eru hugsuð og færir rök fyrir þeim, en þau tala m.a. til markmiða og leiða í stefnuhluta

Almenn skipulagsákvæði fyrir alla reiti landnotkunarflokksins

- Um landnotkun, umfang, grunnkerfi, byggingar og staðarmótun
- Um málsmeðferð eftir umfangi þeirrar starfsemi og mannvirkjagerðar sem flokkurinn heimilar

Sértæk skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti

- Um landnotkun, umfang, grunnkerfi, byggingar og staðarmótun eftir því sem við á

Uppbygging kafla um hvern landnotkunarflokk

⁶² Dæmi um innlendar leiðbeiningar: [Skipulagsstofnun 2015: Skipulag og ferðamál - hugmyndahefti](#), [Skipulagsstofnun 2023: Ferðamannastaðir - frá hugmynd til framkvæmdar](#), [Ferðamálastofa 2011: Góðir staðir - leiðbeiningarit um uppbyggingu ferðamannastaðar](#), [Matthildur Kr Elmarsdóttir 2020: Lýðheilsa og skipulag](#), [Vegagerðin og Samband íslenskra sveitarfélaga 2014: Vegir og skipulag](#)

9.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Aðalskipulagið veitir sveigjanleika til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis víða í dreifbýlinu en að uppbyggingin verði með skipulegum hætti í sveitarkjörnum, á bæjartorfum og bæjarhlöðum, eins og nánar er lýst hér að neðan.



Flokkar íbúðarbyggðar eftir íbúðafjölda og umfangi þjónustu

Sveitarkjarnar: Sveitarfélagið telur ákjósanlegast að íbúðarhúsnæði byggist einkum upp í fjórum sveitarkjörnum, þ.e. á

Hofi í Öræfum, Hrollaugsstöðum í Suðursveit, Holti á Mýrum og í Nesjahverfi í Nesjum. Þessi svæði eru hugsuð sem íbúðar- og þjónustukjarni hversrar sveitar, hér nefnt *sveitarkjarni*, þar sem samfélagsþjónusta og verslun geti þróast með tíð og tíma ef íbúðafjöldi og önnur byggðarþróun leyfir. Kjarnarnir eru skilgreindir í landnotkunarflokkinn *íbúðarbyggð* þar sem íbúðarhúsnæði er ráðandi í þeim. Með skilgreiningu sveitarkjarnanna er leitast við að styðja við þróun atvinnulífs og búsetu í dreifbýlinu. Mikilvægt er talið að íbúðarbyggðin myndi samstæðan og samfelldan kjarna til að auðvelda að þjónusta hana s.s. með gatnagerð, veitum, mokstri og almenningsamgöngum. En ekki síður til að með tíð og tíma skapist aðstæður fyrir nærþjónustu, s.s. leikskóla, póstbox, skrifstofuhúsnæði eða fjarvinnurými, útstöð heilbrigðis- og félagsþjónustu og/eða aðra samfélagsþjónustu. Virkir ferðamátar eru einnig líklegri í kjörnum en í dreifðri byggð, sem er bæði lýðheilsu- og umhverfismál. Auknir húsnæðismöguleikar, í grennd við samfélagsþjónustu, eru sérstaklega taldir mikilvægir í vesturhluta sveitarfélagsins sem er fjarri eina þéttbýlinu og jafnframt fjarri þéttbýli í aðliggjandi sveitarfélagi. Í austurhluta sveitarfélagsins er lögð áhersla á að beina íbúðarbyggð til Hafnar og Nesjahverfis, til að styrkja þar grundvöll margskonar þjónustu fyrir sveitarfélagið allt.

Bæjartorfur og þyrpingar: Auk íbúða í þar til gerðri íbúðarbyggð í sveitarkjörnum, er talið mikilvægt að veita sveigjanleika til uppbyggingar minni *íbúðarþyrpinga* í tengslum við ferðaþjónustu eða annað atvinnulíf í sveitunum. Ekki er gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélagsins að slíkri uppbyggingu, s.s. hvað varðar gatnagerð

og veitur. Lögð er áhersla á að íbúðaruppbygging af þessu tagi verði á eða út frá núverandi *bæjartorfum* sem er í samræmi við stefnu fyrra aðalskipulags og sögulegt byggðarmynstur sem náttúruvá, s.s. flóðahætta, hefur m.a.a haft mikil áhrif á. Bæjartorfa telst vera staður þar sem þrjú eða fleiri lögbýli eru saman í hnapp eða mynda ákveðna heild og nota sameiginlega heimreið. Þessi regla á við bæjartorfa sem falla í landnotkunarflokkinn *verslun og þjónusta*. Í einhverjum tilvikum kann að vera tilefni til að heimila íbúðir á VP-reitum sem ekki teljast til bæjartorfa og skal það ákveðið með sérákvæðum og tilheyrandi rökstuðningi. Sjá áherslur og almenn ákvæði fyrir þann landnotkunarflokk í kafla 9.3 og kafla 9.9.

Bæjarhlöð: Veitt er svigrúm til að reisa stök íbúðarhús á eða við bæjarhlöð, innan marka sem almenn skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði segja til um, sjá kafla 9.9.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um íbúðarbyggð í dreifbýli skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Landnotkun og grunnkerfi

- **Auk íbúðarhúsnæðis** er samfélagsþjónusta, ýmis minniháttar einkaþjónusta, list- og menningarstarfsemi og hreinleg athafnastarfsemi heimil á íbúðarsvæðum í dreifbýli, enda hafi slík þjónusta og starfsemi hógvært umfang og yfirbragð og valdi ekki óþægindum, t.d. vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar. Starfsemin getur t.d. verið í skrifstofuhúsnæði, vinnustofum eða verkstæðum.

- **Gera skal ráð fyrir leiksvæði** í íbúðarbyggð.
- **Hefðbundnir sveitabæir**, með íbúðar- og útihúsum, teljast eðlilegur hluti íbúðarreita í dreifbýli.
- **Aðstaða fyrir móttöku og flokkun** heimilisúrgangs er heimil í íbúðarbyggð en koma skal þeim þannig fyrir að þær truflar sem minnst.
- **Rekstrarleyfisskyldir gististaðir og veitingahús**⁶³ eru ekki heimil í íbúðarbyggð í dreifbýli.
- **Gera skal grein fyrir hvernig byggðinni er séð fyrir** vatni, raforku, og fjarskiptum og hvernig fráveitu og meðhöndlun ofanvatns og úrgangs verður háttáð.
- **Gera skal grein fyrir gatna- og stígatengingum** við þá byggð sem fyrir er á reitnum eða aðliggjandi honum. Í því samhengi skal skoða tiltæk gögn um göngu- og ferðaleiðir til að tryggja að tekið sé tillit til þeirra eftir því sem við á og unnt er. Gera skal grein fyrir leiðum sem tengja kjarnana við helstu áfangastaði og/eða gönguleiðir í grennd.
- **Gera skal ráð fyrir innviðum vegna orkuskipta** og gera grein fyrir fjölda bílastæða og fyrirkomulagi þeirra.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum

⁶³ Sbr. [lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007](#) og [reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016](#).

raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15 og 9.17, sem og hindranafötum flugvallanna, sbr. kafla 9.16.

Byggingar og staðarmótun

- **Gera skal grein fyrir húsagerðum, fjölda og stærð íbúða,** innan þeirra marka sem ákvæði fyrir hvern reit setja.
- **Almennt skal miða við 1-2 hæða byggingar** en hámarkshæð skal ákveðin í deiliskipulagi og skal gæta þess að mannvirki falli sem best að landslagi og byggð sem fyrir er. Kjallari telst ekki með í hæðum húsa en niðurgrafin jarðhæð telst sem hálf hæð.
- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki,** m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.
- **Landslagsmótun og gróðursetning falli sem best að náttúrufari og landslagi.**
- **Huga skal að flóttaleiðum og brunavörnum** t.d. m.t.t. gróðurelda, flóða og öskufalls, eftir því sem við á og tryggja aðgang slökkviliðs á burðarhæfum vegum.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð (ÍB)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ÍB-262 12,1 ha	<u>Borgartún, Hofgarður, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Hofs í Örafum</u> 9.8.2016. Það tekur til íbúðarreits og verslunar- og þjónustusvæða ofan og neðan Hringvegur.	Byggðarflokkur og hámarks umfang: Sveitarkjarni með um 50 íbúðir, skilgreindur sem þéttbýli sbr. gr. 1.3 í skipulagsreglugerð. Byggingar og staðarmótun: Smágerð byggð á 1-2 hæðum í sér- eða fjölbýli. Hofgarði, sem er leik-/grunnskóli og félagsheimili, verði gefið gott svigrúm til þróunar.
ÍB-462 ≤5 ha	<u>Hrollaugstaðir, Suðursveit</u> Hluti reitsins er í gildandi aðalskipulagi sem VP-reitur. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Byggðarflokkur og hámarks umfang: Sveitarkjarni með um 50 íbúðir, skilgreindur sem þéttbýli sbr. gr. 1.3 í skipulagsreglugerð. Byggingar og staðarmótun: Smágerð byggð á 1-2 hæðum í sér- eða fjölbýli.
ÍB-569 8,0 ha	<u>Holt, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Holts á Mýrum</u> 28.6.2016. <u>Deiliskipulag Kyljuholts</u> 1.11.2023.	Hámarks umfang: Sveitarkjarni með um 50 íbúðir, skilgreindur sem þéttbýli sbr. gr. 1.3 í skipulagsreglugerð. Byggingar og staðarmótun: Smágerð byggð á 1-2 hæðum í sér- eða fjölbýli. Gæta skal að menningarminjum.
ÍB-19 7,6 ha	<u>Nesjahverfi, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarks umfang: Sveitarkjarni með um 50 íbúðir, skilgreindur sem þéttbýli sbr. gr. 1.3 í skipulagsreglugerð. Byggingar og staðarmótun: Smágerð byggð á 1-2 hæðum í sér- eða fjölbýli.
ÍB-694 ≤5 ha	<u>Brekka, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Hámarks umfang: 1 íbúð.

9.3 Verslun og þjónusta (VP)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Gert er ráð fyrir ferðaþjónustu, þ.e. gististöðum, veitingastöðum og afþreyingarþjónustu ýmiskonar, á VP-reitum, og annarri verslunar- og þjónustustarfsemi sem talin er upp í skilgreiningu skipulagsreglugerðar á landnotkunarflokknum. Lögð er áhersla á að reitirnir dreifist eftir endilöngu láglendi sveitarfélagsins, sem næst Hringvegi, einkum á eða við bæjartorfur. Ferðaþjónusta og ýmis önnur atvinnustarfsemi er jafnframt heimil á landbúnaðarsvæðum innan tiltekinna marka sem almenn skipulagsákvæði um þann landnotkunarflokk segja til um, sjá kafla 9.9 um landbúnaðarsvæði. Þá fer ferðaþjónusta af tiltekinni gerð fram á afþreyingar- og ferðamannasvæðum, sbr. kafla 9.7 um þau.

Með dreifingu uppbyggingar í ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi í öllum sveitunum má styðja við búsetu í þeim og minnka líkur á að álag á einstaka staði verði of mikið. Áhersla á bæjartorfur og nálægð við Hringveg er til að lágmarka þörf á vegagerð og veitum um langan veg, auðvelda þjónustu, taka mið af núverandi og sögulegu búsetumynstri og vernda ósnortna

viðkvæma náttúru og síbreytilegt landslag á jaðri þjóðgarðs á Heimsminjaskrá. Einnig er horft til þess að náttúruvá í grennd jökuls kann að aukast með áframhaldandi loftslagsbreytingum og hopun jökla, sjá kafla 9.25 um náttúruvá.

Á tilteknum VP-reitum sem eru á eða við núverandi bæjartorfur er veittur möguleiki til uppbyggingar íbúða. Bæjartorfur eru skilgreindar í almennum ákvæðum að neðan. Með ákvæðunum er leitast við að taka mið af hefðbundnu byggðarmynstri sveitanna, nýta vegi og veitur sem fyrir eru og vernda sem mest ræktarland og óhreyft land. Reiknað er með á VP-reitum á bæjartorfum verði fremur litlir íbúðarreitir frekar en stærri kjarnar, þar sem talið er æskilegast að íbúðarbyggð þróist í sveitarkjörnum eins og lýst er í kafla 9.2 um íbúðarbyggð. Sett er viðmið um 15 nýjar íbúðir sem hámark á hverri torfu / í hverri þyrpingu, talið frá staðfestingardegi nýs aðalskipulags.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um verslunar- og þjónustureiti skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Málsmeðferð eftir starfsemi og umfangi

- **VP-reitirnir skiptast í tvo flokka** eftir gerð og umfangi starfsemi/uppbyggingar sem aftur segir til um málsmeðferð. Þ.e.
 - hvort uppbyggingin er **tilkynningarskyld** skv. lögum um

umhverfismat framkvæmda og áætlana en í þeim tilvikum þarf alltaf að vinna deiliskipulag;

- hvort vinna þurfi **deiliskipulag** en einnig er gert ráð fyrir þeim möguleika að unnt sé að veita leyfi á grundvelli stefnu og ákvæða aðalskipulags og grenndarkynningar.

● Flokkarnir eru eftirfarandi:

VP-flokkur 1: Uppbygging sem krefst deiliskipulags og sem skylt er að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu áður en deiliskipulagstillaga á vinnslustigi er kynnt. Það á við um uppbyggingu sem fellur undir a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Gististaður með ≥ 200 gistirúm.
- Gististaður með ≥ 5.000 fm heildarbyggingarmagn.
- Skíðabrekka, skíðalyfta, kláfur og tengdar framkvæmdir á ≥ 15 ha svæði, eða þar sem mannvirki eru ≥ 15 m á hæð, eða framkvæmdir eru á jökli.
- Þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis.
- Tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem er ≥ 10 ha og hjólhýsasvæði óháð stærð á verndarsvæðum.
- Skemmtigarður á ≥ 2 ha svæði.

VP-flokkur 2: Uppbygging sem er ekki tilkynningarskyld (þ.e. er undir mörkum í flokki 1 en yfir mörkum þess umfangs sem heimilt er á landbúnaðarsvæðum sbr. kafla 9.3). Æskilegt er að unnið sé eitt deiliskipulag fyrir hvern aðalskipulagsreit sem heild en heimilt er að skipta reitnum upp í fleiri deiliskipulagsreiti ef það þykir henta betur, t.d. þar sem þegar er

í gildi deiliskipulag.

Í þeim tilvikum sem óskað er eftir að heimiluð verði 100-199 gistirúm (þ.e. umtalsverður fjöldi en innan marka tilkynningarskyldu) skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.

- Unnt kann að vera að beita grenndarkynningu samkvæmt gr. 5.9 í skipulagsreglugerð ef framkvæmdir teljast umfangslitlar, hafa minniháttar áhrif og varða fáa.



Landnotkun og grunnkerfi

- **Auk þeirrar verslunar- og þjónustustarfsemi** sem talin er upp í skilgreiningu skipulagsreglugerðar getur ýmis minniháttar einkaþjónusta, list- og menningarstarfsemi og hreinleg athafnastarfsemi verið heimil á verslunar- og þjónustureitum í dreifbýli, enda hafi slík þjónusta og starfsemi hógvært umfang og yfirbragð og valdi ekki óþægindum, t.d. vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar. Starfsemin getur t.d. verið í skrifstofu- og verslunarhúsnæði, vinnustofum eða verkstæðum. Í sérákvæðum er tilgreint ef einungis tiltekin starfsemi er heimil á viðkomandi reit.
- **Tilgreindur fjöldi gistirúma** í sérákvæðum landnotkunarreita er hámarksfjöldi og skal endanlegur fjöldi, innan þess hámarks, ákveðinn á deiliskipulags- og/eða leyfisstigi. Þó eru sett vikmörk á hámarkið, sem nemur 5 gistirúmum, þannig að ekki þarf að breyta aðalskipulagi fyrr en farið er yfir vikmörkin. Gistirúm í sérákvæðum taka ekki til gesta á tjaldsvæði.
- **Tjaldsvæði falla undir sérákvæði** um gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónustu og skal stærð þeirra ákveðin í deiliskipulagi og/eða leyfi. Minnt er á að tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem er ≥ 10 ha og hjólhýsasvæði óháð stærð á verndarsvæðum eru tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- **Frístundahús** eru almennt heimil á VP-reitum og er fjöldi þeirra ákveðinn í deiliskipulagi. Metið verði á því stigi hvort fjöldi húsanna kallar á að afmarkaður sé frístundabyggðarreitur með

aðalskipulagsbreytingu.

- **Hefðbundnir sveitabæir**, með íbúðar- og útihúsum, teljast eðlilegur hluti verslunar- og þjónustusvæðis í dreifbýli.
- **Íbúðir** eru heimilar á VP-reitum sem teljast vera á bæjartorfu eða vera hluti af henni. Bæjartorfa telst vera staður þar sem þrjú eða fleiri býli eru saman í hnapp eða mynda ákveðna heild og nota sameiginlega heimreið. Fjöldi íbúða skal ákveðinn í deiliskipulagi en almennt skal miða við 15 íbúðir sem hámark. Ef óskað er eftir að heimilaðar verði fleiri íbúðir skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi, með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.
- **Ef óskað er eftir að heimilaðar verði íbúðir** á VP-reitum sem ekki teljast til bæjartorfa skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins. Einnig skal við matið hafa hliðsjón af nálægð við þéttbýlið á Höfn og sveitarkjarna (sbr. kafla 9.2), sem og staðhátum, landslagi, samspili við aðra landnotkun. Miða skal við 15 íbúðir sem hámark í hverri þyrpingu. Uppbygging íbúða á VP-reitum er ekki á forræði sveitarfélags.
- **Gera skal ráð fyrir leiksvæði/-um** á reitum þar sem íbúðir eru heimilar.
- **Aðstaða til flokkunar úrgangs** er heimil á VP-reitum en koma

skal þeim þannig fyrir að þær trufla sem minnst.

- **Rekstrarleyfisskyldir gististaðir og veitingahús** eru heimil á VP-reitum í samræmi við sérskilmála.
- **Nýta skal núverandi vegi** sem aðkomuvegi að VP-reitum eins og kostur er. Ný tenging við þjóðveg er háð samþykki Vegagerðarinnar.
- **Gera skal grein fyrir hvernig byggðinni er séð fyrir** vatni, raforku, og fjarskiptum og hvernig fráveitu og meðhöndlun ofanvatns og úrgangs verður háttáð.
- **Gera skal grein fyrir gatna- og stígatengingum** við þá byggð sem fyrir er á reitnum eða aðliggjandi honum. Skoða skal tiltæk gögn um göngu- og ferðaleiðir til að tryggja að tekið sé tillit til þeirra eftir því sem við á og unnt er. Gera skal grein fyrir leiðum sem tengja reitinn við helstu áfangastaði og/eða gönguleiðir í grennd.
- **Gera skal ráð fyrir innviðum vegna orkuskipta** og gera grein fyrir fjölda bílastæða og fyrirkomulagi þeirra.
- **Gæta skal að verndun verðmæts landbúnaðarlands**, sbr. umfjöllun og ákvæði í kafla 9.9
- **Gæta skal að ákvæðum um ákvæðum jarðalaga.** Með ósk um að leysa land úr landbúnaðarnotum skv. 5. gr. laganna, skal leggja fram þau gögn sem tilgreind eru í framangreindri lagagrein og gera grein fyrir samræmi áformanna við markmið aðalskipulagsins m.a. með hliðsjón af gátlista umhverfismats í forsendu- og umhverfismatsskýrslu þess.

- **Forðast skal að raska landi sem þegar bindur mikið kolefni.**

⁶⁴

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, í kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.20 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Byggingar og staðarmótun

- **Almennt skal miða við 1-3 hæða byggingar** en hámarkshæð skal ákveðin í deiliskipulagi og skal gæta þess að mannvirki falli sem best að landslagi og byggð sem fyrir er. Kjallari telst ekki með í hæðum húsa en niðurgrafin jarðhæð telst sem hálf hæð.
- **Þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á VP-svæðum** skal gera grein fyrir húsagerðum og fjölda og stærð íbúða, innan þeirra marka sem ákvæði fyrir hvern reit setja.
- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki**, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnkennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.

⁶⁴ Sjá heimildir í kafla 4.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

- **Landslagsmótun og gróðursetning falli sem best að náttúrufari og landslagi.**
- **Huga skal að flóttaleiðum og brunavörnum t.d. m.t.t. gróðurelda, flóða og öskufalls, eftir því sem við á og tryggja aðgang slökkviliðs á burðarhæfum vegum.**
- **Útilýsing á reitunum skal vera hófstíllt til að halda ljósmengun í lágmarki.**



Sértæk skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu (VP)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>VP-199 24,3 ha</p>	<p><u>Skaftafell III og IV, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Skaftafells III og IV 25.9.2024.</u></p>	<p>Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk íbúða. Hámarksumfang: 140 gistirúm og 15 íbúðir. Byggingar og staðarmótun: Vegna nálægðar við lykiláfangastað í Vatnajökulsþjóðgarði skal sérstaklega leitast við að laga byggðina og allan umhverfisfrágang vel að náttúrufari og landslagi. Náttúruleg framvinda gróðurs skal vera ráðandi og plöntun framandi tegunda er óheimil. Í deiliskipulagstillögu og umsókn um byggingarleyfi skal gera grein fyrir ásýnd frá Skaftafellsheiði og þjónustusvæðinu í Skaftafelli á myndrænan hátt.</p>
<p>VP-200 ≤5 ha</p>	<p><u>Þjónustumiðstöð Skaftafelli II/Freysnesi, Örafum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Landnotkun: Veitinga- og afþreyingarþjónusta og fjölorkustöð. Hámarksumfang: 800 fm. Byggingar og staðarmótun: Leitast skal við að laga byggðina og allan umhverfisfrágang vel að náttúrufari og landslagi. Náttúruleg framvinda gróðurs skal vera ráðandi og plöntun framandi tegunda er óheimil. Í deiliskipulagstillögu og umsókn um byggingarleyfi skal gera grein fyrir ásýnd frá Skaftafellsheiði og þjónustusvæðinu í Skaftafelli á myndrænan hátt.</p>
<p>VP-198 ≤5 ha</p>	<p><u>Þjónustu- og íbúðarbyggð í landi Skaftafells II/Freysness, Örafum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk íbúða. Hámarksumfang: 120 gistirúm, 15 íbúðir.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>VP-216 31,3 ha</p>	<p><u>Freysnes, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk íbúða. Á reitnum gilda ákvæði sem eru í 21. gr. <u>reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat</u> vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Sjá forsendur og skýringar í kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Hámarks umfang: 200 gistirúm.</p>
<p>VP-215 6,8 ha</p>	<p><u>Freysnesbyggð, Örafum</u> Reiturinn er innan frístundabyggðarsvæðis F-17 í gildandi aðalskipulagi og er nýr VP-reitur. <u>Deiliskipulag Skaftafells 2, Freysness, frístundabyggðar</u>, samþ. 27.4.2005.</p>	<p>Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta í bland við íbúðir. Á reitnum gilda ákvæði sem eru í 21. gr. <u>reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat</u> vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Uppfæra skal gildandi deiliskipulag til samræmis við ákvæðin. Sjá forsendur og skýringar í kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Hámarks umfang: 10 gistirúm og 10 íbúðir.</p>
<p>VP-228 35,6 ha</p>	<p><u>Svínafell, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta í bland við landbúnað, ásamt íbúðarbyggð. Stök frístundahús til einkanota eru einnig heimil. Á reitnum gilda ákvæði 21. gr. <u>reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat</u> vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Sjá kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Hámarks umfang: 160 gistirúm.</p>
<p>VP-259</p>	<p><u>Hvalvörðugilslækur, Örafum</u></p>	<p>Landnotkun: Afþreyingar- og veitingaþjónusta án gistingar.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
≤5 ha	Reiturinn er í gildandi aðalskipulag. <u>Deiliskipulag ferðþjónustu við Hvalvörðugilslæk, 27.32025.</u>	Hámarks umfang: 2000 fm.
VP-264 41,6 ha	<u>Hof, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Hofs í Örafum .8.2016.</u> Það tekur til íbúðarreits og verslunar- og þjónustusvæða ofan og neðan Hringveggar (sjá í samhengi við ÍB-13 og VP-31).	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, ásamt menningarstarfsemi, kirkju og kirkjugarði. Hámarks umfang: 120 gistirúm. Byggingar og staðarmótun: Leggja skal áherslu á að viðhalda byggingum og byggðarmynstri sem fyrir er og ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum umfram það sem segir í gildandi deiliskipulagi. Hofskirkja verði vernduð og umhverfi hennar og kirkjugarði verði sýnd viðeigandi virðing, m.a. með nægjanlegu rými og landslagshönnun.
VP-260 8,9 ha	<u>Nónhamar, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Hofs í Örafum 9.8.2016</u> og tekur til íbúðarreits og verslunar- og þjónustusvæða ofan og neðan Hringveggar (sjá í samhengi við ÍB-13 og VP-30).	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, í bland við landbúnað, stök íbúðarhús og stök frístundahús, auk minniháttar athafnastarfsemi s.s. fiskeldi. Hámarks umfang: 180 gistirúm. Byggingar og staðarmótun: Ferðþjónustan verði í smáhýsum og stökum stærri byggingum.
VP-275 ≤5 ha	<u>Hofsnes, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi (hringtákn). Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 100 gistirúm.
VP-280	<u>Fagurhólsmýri, Örafum</u>	Landnotkun: Afþreyingar- og veitingaþjónusta og verslun.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
≤5 ha	Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarksumfang: 1000 fm.
VP-281 ≤5 ha	<u>Gamla sláturhúsið, Fagurhólsmýri, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Afþreyingar-, veitingaþjónusta, menningarstarfsemi og verslun. Hámarksumfang: 1000 fm. Byggingar og staðarmótun: Gömlu verslunarhúsnæði og fyrrum sláturhúsi verði viðhaldið og viðbyggingar/nýbyggingar sem falla vel að þeim eru heimilar.
VP-288 12,4 ha	<u>Hnappavellir, hótél, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Hnappavalla 10.12.2014.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarksumfang: 250 gistirúm.
VP-293 ≤5 ha	<u>Hjáleiga, Flatatún Hnappavöllum, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Hjáleigu og Flatatúns 15.8.2024.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarksumfang: 40 gistirúm, 50 gesta tjaldsvæði.
VP-415 14,4 ha	<u>Reynivellir 2, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Reynivalla II 1.2.2021.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarksumfang: 300 gistirúm.
VP-416 12,2 ha	<u>Reynivellir 3, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Reynivalla, Efribæjar 18.12.2023.</u> Það tekur til tveggja aðskildra reita innan	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarksumfang: 200 gistirúm.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	aðalskipulagsreits. Eftir er að deiliskipuleggja hluta reitar.	
VP-420 ≤5 ha	<u>Reynivellir 1, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 200 gistirúm.
VP-427 70,2 ha	<u>Breiðabólsstaðartorfa, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi en minni. <u>Deiliskipulag Breiðabólsstaðartorfu 24.10.2022.</u> Það tekur til stærra svæðis en alskipulagsreiturinn er.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta í bland við menningarstarfsemi og athafnastarfsemi. Hámarks umfang: 600 gistirúm.
VP-459 ≤5 ha	<u>Leiti, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-461 ≤5,3 ha	<u>Miðþorpið, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Einnig kirkja, kirkjugarður og íbúðarbyggð. Hámarks umfang: 120 gistirúm. Byggingar og staðarmótun: Kirkju og kirkjugarði skal sýnd viðeigandi virðing.
VP-473 11,7 ha	<u>Borgarhöfn, Neðribær, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Borgarhafnar 2-3, Neðribæjar 10.6.2022.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 150 gistirúm.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VP-474 ≤5 ha	<u>Suðurhús, Borgarhöfn, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti- og veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 100 gistirúm.
	<u>Gamli garður, Borgarhöfn, Suðursveit</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Hámarks umfang: Gögn vantar frá landeiganda.
VP-477 ≤5 ha	<u>Vagnsstaðir, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Vagnstaða 4.1.2017.</u>	Landnotkun: Gisti- og veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-487 ≤5 ha	<u>Hestgerði, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Veitinga- og verslunarstarfsemi. Hámarks umfang: 1000 fm.
VP-497 ≤5 ha	<u>Uppsali, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-498 ≤5 ha	<u>Smyrlabjörg, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Smyrlabjarga 13.6.2024.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, ásamt starfsmannaþúðum. Hámarks umfang: 200 gistirúm.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VP-504 5,6 ha	<u>Skálafell, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Skálafells 2.1.2019.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-530 10,4 ha	<u>Flatey, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 120 gistirúm.
VP-547 12,2 ha	<u>Hellisholt, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Hellisholts 2.7.2019.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, ásamt starfsmannaþúðum. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-552 8,3 ha	<u>Hólmur, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-564 ≤5 ha	<u>Nýpugarðar, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-555 ≤5 ha	<u>Lambleiksstaðir, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Lambleiksstaða 13.9.2013.</u>	Landnotkun: Gisti-, afþreyingar- og veitingaþjónusta. Hámarks umfang: 80 gistirúm.
VP-563 8,3 ha	<u>Árbær, Brunnhóll, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk kirkju og kirkjugarðs.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	<u>Deiliskipulag Brunnhóls</u> 14.3.2022.	Hámarks umfang: 120 gistirúm.
VP-568 ≤5 ha	<u>Hólabrekka, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi hluti af ÍB-12. <u>Deiliskipulag Hólabrekku</u> 21.2.2017.	Landnotkun: Gisti-, afþreyingar- og veitingaþjónusta. Hámarks umfang: 100 gistirúm.
VP-567 ≤5 ha	<u>Viðborðssel, Mýrum</u> Svæðið er ekki í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, afþreyingar- og veitingaþjónusta. Hámarks umfang: Gögn vantar frá landeiganda.
VP-557 10,3 ha	<u>Rauðaberg 2, lóð 1, Mýrum</u> Svæðið er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. <u>Lýsing fyrir deiliskipulagstillögu</u> kynnt í Skipulagsgátt 19.12.2023 - 15.1.2024.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 100 gistirúm.
VP-583 12,5 ha	<u>Hoffell, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 100 gistirúm og 15 íbúðir. Ath. Umfangi breytt úr 40 í 100 gistirúm sbr. rekstrarleyfi 31.3.2025. Fyrir liggur skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og nýrra deiliskipulagsáætlana. Lýsingin var birt í Skipulagsgátt í 14.1.2025. Verkefnið er áfram sér skipulagsferli samhliða mótun nýs aðalskipulags.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VP-584 7,1 ha	<u>Birkifell, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 20 gistirúm.
VP-603 ≤5 ha	<u>Lindarbakki, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Umfang: 200 gistirúm.
VP-20 5,2 ha	<u>Nesjahverfi, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Ofan Hringvegur er einnig heimil samfélagsþjónusta og önnur almenn nærþjónusta. Umfang: 200 gistirúm.
VP-24 ≤5 ha	<u>Seljavellir, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-25 ≤5 ha	<u>Árnanes, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Árnanes</u> 5 27.8.2015.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 120 gistirúm.
VP-26 6,8 ha	<u>Seljavellir 2, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Seljavalla 2</u> 8.5.2023.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 200 gistirúm.
VP-34	<u>Háhóll og Dilksnes, Nesjum</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, í bland við

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
30,0 ha	Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Deiliskipulag Háhóls og Dilksnes 16.6.2023.	landbúnað og íbúðir, auk steypustöðvar og athafnastarfsemi. Hámarks umfang: 35 gistirúm.
VP-38 ≤5 ha	Hafnarnes, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Deiliskipulag Hafnarness 18.4.2023.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-33 ≤5 ha	Holtsendi, Nesjum Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 30 gistirúm.
VP-35 ≤5 ha	Skjólshólar, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Deiliskipulag Skjólshóla 13.4.2023.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-37 ≤5 ha	Sauðanes, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 30 gistirúm.
VP-666 ≤5 ha	Horn, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag er í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 120 gistirúm.
VP-672 ≤5 ha	Vestrahorn, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag er í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 0 gistirúm.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VP-674 ≤5 ha	<u>Víkingaborg við Vestrahorn, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag er í gildi.	Landnotkun: Afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 50 gistirúm.
VP-685 ≤5 ha	<u>Þorgeirsstaðir, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Þorgeirsstaða 5.6.2023.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-684 ≤5 ha	<u>Hvammur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Hvamms 23.2.2018, br. 8.8.2024.</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk smáhýsa fyrir starfsfólk. Hámarks umfang: 40 gistirúm.
VP-696 ≤5 ha	<u>Brekka, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta. Hámarks umfang: 60 gistirúm.
VP-699 ≤5 ha	<u>Stafafell, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk kirkju og kirkjugarðs. Hámarks umfang: 80 gistirúm.
VP-741 59,2 ha	<u>Svínhólar, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Svínhóla, 1.2.2021.</u> <u>Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu</u>	Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk íbúða. Hámarks umfang: 205 gistirúm.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	dags. 21.2.2020.	

9.4 Samfélagsþjónusta (S)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Einungis tveir reitir í dreifbýlinu falla í þennan landnotkunarflokk, þ.e. kirkjustaðurinn Bjarnanes í Nesjum og Fundarhús Lónmanna í Lóni. Aðrar kirkjur, tilheyrandi kirkjugarðar og grafreitir og menningarstofnanir eru á verslunar- og þjónustureitum þar sem er blönduð landnotkun. Þá er leikskóli, grunnskóli og félagsheimilið í Hofgarði hluti af svæði fyrir íbúðarbyggð og einnig félagsheimilin að Hrollaugstöðum og í Holti.

Almenn skipulagsákvæði

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, í kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.21 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir samfélagsþjónustu (S)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
S-16 ≤5 ha	<u>Bjarnanes, Nesjum</u> Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Kirkja, kirkjugarður og tilheyrandi aðstaða og mannvirki.
S-713 ≤5 ha	<u>Fundarhús Lónmanna, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi sem AF-4. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Menningarstarfsemi.

9.5 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Aðeins einn reitur í dreifbýlinu fellur í þennan landnotkunarflokk því að aðrir kirkjugarðar og grafreitir eru ásamt tilheyrandi kirkjum á verslunar- og þjónustureitum þar sem er blönduð landnotkun. Eina kirkjan sem ekki er hluti af slíkum blönduðum reit er Bjarnaneskirkja og er hún og gamli kirkjugarður hennar því skilgreind sem samfélagsþjónusta. Bjarnaneskirkjugarður við Laxá í Nesjum er aðskilinn frá kirkjustaðnum og er hann því skilgreindur sem K-reitur.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um kirkjugarða og grafreiti skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir á landnotkun**, í kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.21 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindran aflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir kirkjugarða og grafreiti (K)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Skipulagsákvæði
K-21 ≤5 ha	<u>Bjarnaneskirkjugarður við Laxá, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Kirkjugarður og tilheyrandi aðstaða og mannvirki. Byggingar og staðarmótun: Landslagsmótun sem hæfir kirkjugarði.

9.6 Frístundabyggð (F)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokk

Flest frístundabyggðarsvæðin eru í mið -og austurhluta sveitarfélagsins. Staðsetning þeirra ræðst fyrst og fremst af óskum landeigenda en við ákvörðunina þarf að taka mið af stefnu og ákvæðum aðalskipulags og útfæra hana í deiliskipulagi og/eða leyfisumsókn. Stök frístundahús eru heimil á landbúnaðarsvæðum innan skilgreindra marka (sjá kafla 9.9) og á verslunar- og þjónustusvæðum (sjá kafla 9.3).

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um frístundabyggð skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Málsmeðferð eftir umfangi

- **F-reitirnir skiptast í tvo flokka eftir umfangi uppbyggingar** sem aftur segir til um málsmeðferð, þ.e. hvort vinna þurfi deiliskipulag eða hvort mögulega megi veita leyfi á grundvelli stefnu og ákvæða aðalskipulags og grenndarkynningar. Flokkarnir eru eftirfarandi:

F-flokkur 1: Uppbygging sem kallar á gerð *deiliskipulags* áður en kemur að veitingu byggingarleyfis. Þessi málsmeðferð á við um reiti með >5 bústaði. Æskilegt er að unnið sé deiliskipulag fyrir hvern landnotkunarreit sem heild en heimilt er að skipta reitnum upp í fleiri deiliskipulagsreiti ef það þykir henta betur, t.d. þar sem þegar er í gildi deiliskipulag.

F-flokkur 2: Uppbygging sem kann að vera unnt að veita byggingarleyfi fyrir á grundvelli *stefnu í aðalskipulagi* og að undangenginni *grenndarkynningu* samkvæmt gr. 5.9 í skipulagsreglugerð. Málsmeðferðin getur átt við á reitum með ≤5 bústaði en metið er í hvert skipti hvort ástæða sé til deiliskipulagsgerðar, s.s. vegna þess að uppbyggingin kallar á samstillingu hagsmuna margra aðila eða er í nálægð við aðra starfsemi.

Landnotkun og grunnkerfi

- **Gera skal ráð fyrir leiksvæði/-um og gönguleiðum** á stærri frístundabyggðarsvæðum.
- **Aðstaða fyrir móttöku og flokkun heimilisúrgangs** er heimil í frístundabyggð og gera skal ráð fyrir slíkri aðstöðu þar sem eru 20 eða fleiri bústaðir á sama svæði. Koma skal þeim þannig fyrir að þær trufli sem minnst.
- **Rekstrarleyfisskyldir gististaðir og veitingahús** eru ekki heimil í frístundabyggð.

- **Þjónustuhús og lítil tjaldsvæði** eru heimil í frístundabyggð.
- **Trjárækt í smáum stíl** telst eðlilegur hluti frístundabyggðar enda þjóni hún fyrst og fremst byggðinni til feegrunar, skjólmyndunar og landmótunar. Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og er öll skógrækt innan hans óheimil.
- **Forðast skal að ganga á gott ræktarland**, sem og að raska votlendi, merkilegum jarðminjum og fornleifum við uppbyggingu frístundabyggðarsvæða.⁶⁵
- **Forðast skal að raska landi sem þegar bindur mikið kolefni.**⁶⁶
- **Gera skal grein fyrir hvernig byggðinni** er séð fyrir vatni, raforku, og fjarskiptum og hvernig fráveitu og meðhöndlun ofanvatns og úrgangs verður háttað.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Byggingar og staðarmótun

- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki**, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt

⁶⁵ Sbr. einnig viðeigandi ákvæði í [lögum um náttúruvernd](#) og [lögum um menningarminjar](#).

⁶⁶ Sjá heimildir í kafla 4.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnkennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.

- **Landslagsmótun og gróðursetning** falli sem best að náttúrufari og landslagi.
- **Við afmörkun lóða skal þess gætt** að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó, sbr. einnig ákvæði skipulagsreglugerðar um lágmarksfjarlægð frá vötnum, ám, sjó og vegum.
- **Huga skal að flóttaleiðum og brunavörnum** t.d. m.t.t. gróðurelda, flóða og öskufalls, eftir því sem við á og tryggja aðgang slökkviliðs á burðarhæfum vegum.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð (F)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
F-214 28,6 ha	<u>Freysnes, Öræfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag frístundabyggðar í Freysnesi, Skaftafelli 2</u> , samþ. 27.4.2005.	Landnotkun: Frístundabyggð. Á reitnum gilda ákvæði sem er að finna í 21. gr. <u>reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats</u> . Uppfæra skal gildandi deiliskipulag til samræmis við ákvæðin. Til skýringar, sjá umfjöllun í kafla 9.7 og 9.8 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Hámarks umfang: 10 frístundahús.
F-416 ≤5 ha	<u>Reynivellir, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Reynivalla II</u> 9.2.2022 en F-16 er utan þess svæðis og það er skilgreint sem VP-45. Reitur AF-14 liggur einnig að.	Hámarks umfang: 15 frístundahús.
F-440 ≤5 ha	<u>Kleifartangi, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarks umfang: 2 frístundahús.
F-507 ≤5 ha	<u>Skálafell I, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Skálafells I</u> 6.9.2000.	Hámarks umfang: 2 frístundahús.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
F-546 38,5 ha	<u>Haukafell, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Haukafells á Mýrum 6.2.2007.</u>	Hámarks umfang: 7 frístundahús.
F-576 ≤5 ha	<u>Hoffell, Miðfell, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarks umfang: 2 frístundahús.
F-602 ≤5 ha	<u>Krossbær, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarks umfang: 2 frístundahús.
F-606 ≤5 ha	<u>Lindarbakki, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Lindarbakka 17.8.1994.</u>	Hámarks umfang: 8 frístundahús.
F-605 10,8 ha	<u>Stórulág, Myllulækur, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Myllulækjar í landi Stórulágar 12.12.2018.</u>	Hámarks umfang: 12 frístundahús, tjaldsvæði og þjónustuhús.
F-679 70,5 ha	<u>Hvammur, Gjárdalur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi, er beggja vegna ár og því tvískiptur.	Hámarks umfang: 5 frístundahús.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Ekkert deiliskipulag í gildi.	
F-667 223,3 ha	<u>Pórisdalur, Hvammur, Laxárdalur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarksumfang: 20 frístundahús.
F-682 30,9 ha	<u>Pórisdalur, Dalsklif og Klifabotn, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarksumfang: 25 frístundahús.
F-684 230,3 ha	<u>Brekka, Stafafell, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Stafafellsfjalla 10.12.2014.</u>	Hámarksumfang: 85 frístundahús.
F-694 ≤5 ha	<u>Brekka, Sighv.lundur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarksumfang: 5 frístundahús.
F-717 17,6 ha	<u>Reyðará, Karl, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarksumfang: 5 frístundahús.
F-725	<u>Reyðará, klapparholt norðan bæjarhlaðs, Lóni</u>	Hámarksumfang: 6 frístundahús.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
≤5 ha	Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
F-728 13,3 ha	<u>Aðalból, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Hámarksumfang: 10 frístundahús.

9.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Meirihluti reita í flokki afþreyingar- og ferðamannasvæða í sveitarfélaginu eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs og þar gildir stjórnunar- og verndaráætlun⁶⁷ sem sveitarstjórnir eru bundnar af við gerð aðalskipulags, afgreiðslu deiliskipulags og byggingar- og framkvæmdaleyfa í þjóðgarðinum.⁶⁸

Nokkrir AF-reitir, innan og utan þjóðgarðs, eru innan miðhálandismarkna⁶⁹ og þar gildir því einnig landsskipulagsstefna⁷⁰ sem segir m.a. „Í skipulagi verði uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi þess. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við stofnvegi inn á

hálendið og í jaðri þess.

- Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.“

Þeir þjónustustaðir sem eru innan miðhálandishluta sveitarfélagsins falla allir í flokk fjallaselja og kemur fram í sérákvæðum um hvaða staði er að ræða.

Almennt er á AF-reitum gert ráð fyrir umfangslítilli uppbyggingu, s.s. stökum skálum, tjaldsvæðum og/eða áningaraðstöðu með eða án salernis (sbr. nánari skilgreiningu í almennum ákvæðum). Umfangsmeiri ferðaþjónusta, fari fram á verslunar- og þjónustusvæðum (sjá kafla 9.2) en ferðaþjónusta innan ákveðinna marka er einnig heimil á landbúnaðarsvæðum (sjá kafla 9.9). Áningarstaðir, s.s. við Hringveg, og aðra þjóðvegi og stíga eru einnig heimilir innan landbúnaðarsvæða og á óbyggðum svæðum (sjá kafla 9.9 og 9.11) án þess að staðsetning þeirra sé ákveðin í aðalskipulagi. Áningarstaðir með salernisaðstöðu falla hinsvegar í flokk afþreyingar- og ferðamannasvæða og kalla því á aðalskipulagsákvörðun.

⁶⁷ Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

⁶⁸ Sbr. 13. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br.

⁶⁹ Landsskipulagsstefna.is Afmörkun miðhálandisins.

⁷⁰ Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um afþreyingar- og ferðamannasvæði skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Málsmeðferð eftir umfangi

- **AF-reitirnir skiptast í tvo flokka eftir gerð og umfangi** starfsemi/uppbyggingar sem aftur segir til um málsmeðferð, þ.e. hvort vinna þurfi deiliskipulag eða hvort unnt sé að veita leyfi á grundvelli stefnu og skipulagsákvæða aðalskipulags.
- Flokkar AF-reitanna eru eftirtaldir:

AF-flokkur 1: Uppbygging sem kallar á gerð deiliskipulag áður en kemur að veitingu byggingar-/framkvæmdaleyfis. Í þennan flokk falla staðir þar sem er gistiaðstaða í skála og/eða á tjaldsvæði með tilheyrandi aðstöðu, s.s. salerni, vatni og rafmagni.

AF-flokkur 2: Uppbygging sem kann að vera unnt að veita byggingar-/framkvæmdaleyfi fyrir á grundvelli stefnu í aðalskipulagi og, ef við á, að undangenginni grenndarkynningu samkvæmt gr. 5.9 í skipulagsreglugerð. Þetta á við um staði þar sem koma á upp minniháttar áningaraðstöðu s.s. bílastæðum, bekkjum, skýli, pöllum og/eða salerni. Gögn með leyfisumsókn og stefna og ákvæði aðalskipulags skulu vera grundvöllur leyfisveitinga, en ástæða kann að vera til að krefjast deiliskipulags ef bílastæðafjöldi fer yfir 50 eða margskonar aðstaða er fyrirhuguð sem kallar á að hugað sé að heildarmynd til framtíðar. Í gögnum með leyfisumsókn skal gera grein fyrir aðgengi og aðstöðu á reitunum, s.s. bílastæðum, göngustígum,

snyrtingum, bekkjum, lýsingu, skiltum og öðru sem við á.

Landnotkun og grunnkerfi

- **Minniháttar mannvirki vegna orkuöflunar og veitna** fyrir viðkomandi stað eru heimil, sem og vegna fjarskipta.
- **Gera skal grein fyrir hvernig skálum og tjaldsvæðum** er séð fyrir vatni, raforku, og fjarskiptum og hvernig fráveitu og meðhöndlun ofanvatns og úrgangs verður háttáð.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, í kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.21 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Byggingar og staðarmótun

- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki**, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.
- **Landslagsmótun og gróðursetning** falli sem best að náttúrufari og landslagi.

Sértæk skipulagsákvæði afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
AF-120 ≤5 ha	<u>Grímsfjall, Vatnajökli</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs og miðhálandis.	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF-217 ≤5 ha	<u>Áningarstaður við Svínafellsjökul, Freysnesi, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Afþreyingar- og veitingaþjónusta. Gæta skal að hættu vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði en reiturinn er á jaðri hættusvæðis C. Sjá forsendur og skýringar í kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatskýrslu. Umfang: Minniháttar, skv. nánari ákvörðun í deiliskipulagi eða byggingarleyfi.
AF-197 ≤5 ha	<u>Morsárdalur, við Vestra Meingil, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs, en utan marka miðhálandis.	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF-196 150,7 ha	<u>Skaftafell, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Skaftafells, þjónustusvæðis</u> 23.9.2013. Er í	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	<p>endurskoðun.</p> <p>Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs, en utan marka miðhálandis.</p>	
<p>AF-242 ≤5 ha</p>	<p><u>Sandfell, Örafum</u></p> <p>Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Ekkert deiliskipulag í gildi.</p> <p>Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs, en utan marka miðhálandis. Svæðið bættist við Vatnajökulsþjóðgarð í júní 2021 og unnið er að viðauka um það við stjórnunar- og verndaráætlun.</p>	<p>Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.</p>
<p>AF-345 37,4 ha</p>	<p><u>Fjallsárlón, Breiðárlón, Örafum</u></p> <p>Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p> <p><u>Deiliskipulag ferðamannaaðstöðu við Fjallsárlón 22.4.2015.</u></p> <p>Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs en utan marka miðhálandis.</p>	<p>Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.</p>
<p>AF-327 ≤5 ha</p>	<p><u>Esjufjöll, Suðursveit</u></p> <p>Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Ekkert deiliskipulag í gildi.</p> <p>Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs og miðhálandis.</p>	<p>Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.</p> <p>Flokkur skv. landsskipulagsstefnu: Fjallasel.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
AF-390 566,8 ha	<u>Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi</u> 19.6.2020. Til stendur að endurskoða deiliskipulagið. Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs en utan marka miðhálandis.	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF-415 ≤5 ha	<u>Reynivellir, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Áningarstaður, tjaldsvæði.
AF-461 ≤5 ha	<u>Þormóðarhnúta við Skálafellsjökul, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. Á jaðri Vatnajökulsþjóðgarðs en innan marka miðhálandis.	Landnotkun: Fjallaskáli, áningarstaður. Flokkur skv. landsskipulagsstefnu: Fjallasel.
AF-507 14,3 ha	<u>Skálafell, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Tjaldsvæði.
AF-512 ≤5 ha	<u>Heinaberg, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs en utan miðhálandis.	
AF-530 ≤5 ha	<u>Fláajökull, Jökulfell, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs en utan miðhálandis.	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF-565 ≤5 ha	<u>Hoffellsfjöll, undir Gjánúpi, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. Innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs en utan mark miðhálandis.	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF-683 ≤5 ha	<u>Þorgeirsstaðir, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Þorgeirsstaða 5.6.2023.</u>	Landnotkun: Tjaldsvæði með þjónustuhúsi.
AF-624 ≤5 ha	<u>Múlaskáli, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi. Innan marka miðhálandis og friðlýsts svæðis Lónsöræfa sem er utan Vatnajökulsþjóðgarðs en	Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Fjallaskáli, tjaldsvæði og tilheyrandi aðstaða. Lágstemmd uppbygging og minniháttar. Engin vegagerð. Flokkur skv. landsskipulagsstefnu: Fjallasel.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Þjóðgarðurinn hefur umsjón með því skv. samningi við þáverandi Umhverfisstofnun.	
AF-623 ≤5 ha	<p><u>Egilssel, Lóni</u></p> <p>Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi en þarna er skáli við Kollumúlavatn.</p> <p>Ekkert deiliskipulag í gildi.</p> <p>Innan marka miðhálandis og friðlýsts svæðis Lónsöræfa sem er utan Vatnajökulsþjóðgarðs en þjóðgarðurinn hefur umsjón með því skv. samningi við Umhverfisstofnun.</p>	<p>Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar friðlýsta svæðisins.</p> <p>Flokkur skv. landsskipulagsstefnu: Fjallasel.</p>
AF-644 ≤5 ha	<p><u>Eskifell, Lóni</u></p> <p>Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Ekkert deiliskipulag í gildi.</p> <p>Innan marka miðhálandis og friðlands Lónsöræfa.</p> <p>Friðlandið er utan Vatnajökulsþjóðgarðs en þjóðgarðurinn hefur umsjón með því skv. samningi við þáverandi Umhverfisstofnun.</p>	<p>Landnotkun, umfang, byggingar og staðarmótun: Skv. markmiðum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.</p> <p>Flokkur skv. landsskipulagsstefnu: Fjallasel.</p>
AF-672 ≤5 ha	<p><u>Smiðjunes, Lóni</u></p> <p>Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Ekkert deiliskipulag í gildi.</p> <p>Innan marka miðhálandis.</p>	<p>Landnotkun: Tjaldsvæði.</p> <p>Flokkur skv. landsskipulagsstefnu: Fjallasel.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
AF-702 ≤5 ha	<u>Stafafell, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Tjaldsvæði.

9.8 Íþróttasvæði (Íþ)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Í dreifbýlinu eru þrír reitir sem falla í þennan flokk, allir í Nesjum.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um íþróttasvæði skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Landnotkun og grunnkerfi

- **Huga skal vel að öryggis- og aðgengismálum**, þ.m.t. lýsingu. Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir á landnotkun, í kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.21 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó. Byggingar og

staðarmótun

- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki**, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.
- **Landslagsmótun og gróðursetning** falli sem best að náttúrufari og landslagi.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði (ÍÞ)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ÍÞ-20 2,2 ha	<u>Íþróttasvæði í Nesjahverfi, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Íþróttavellir og aðstaða og byggingar sem þeim fylgir.
ÍÞ-23 14,2 ha	<u>Fornustekkar, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Skeiðvöllur, reiðhöll og hesthúsahverfi.
ÍÞ-25 15,6 ha	<u>Grjótbrú, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag skotæfingasvæðis við Grjótbrú</u> 19.10.2018.	Landnotkun: Skotæfingasvæði og aðstaða vegna þess.

9.9 Landbúnaðarsvæði (L)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Mest allt land í sveitarfélaginu sem er neðan 300 m er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, fyrir utan Skeiðarársand og svæði sem eru innan Vatnajökulspjóðgarðs en þau falla í flokk óbyggðra svæða, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð, nema á skilgreindum minni reitum sem þá falla í flokk afþreyingar- og ferðamannasvæða. Hefðbundin not eru þar áfram heimil sem og minniháttar útivistaraðstaða (sjá kafla 9.11).

Auk hefðbundins landbúnaðar er ferðaþjónusta innan tiltekinna marka heimil á landbúnaðarsvæðum samkvæmt almennum skipulagsákvæðum að neðan. Ef farið er yfir þau mörk þarf að breyta landnotkun í verslun og þjónustu (sjá kafla 9.2).

Einnig er gert ráð fyrir sveigjanleika til að stunda ýmiskonar aðra atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum s.s. minniháttar athafnastarfsemi eins og léttan iðnað, fiskeldi og verkstæði af ýmsu tagi. Ef starfsemin fer yfir skilgreind mörk almennra ákvæða þarf að afmarka athafnasvæði (AT) eða iðnaðarsvæði (I) eftir atvikum.

Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum innan marka sem almenn ákvæði fyrir landnotkunarflokkinn skilgreina. Skógrækt

yfir þeim mörkum fellur í flokkinn skógrækt og landgræðsla (SL) (sjá kafla 9.10).

Umfangslítill trjárækt til landbóta, skjóls og útivistar, getur einnig farið fram á landbúnaðarsvæðum, sem og innan íbúðarbyggðar (sjá kafla 9.1), verslunar- og þjónustusvæða (sjá kafla 9.2) og frístundabyggðarsvæða (sjá kafla 9.6). Ekki er gert ráð fyrir skógrækt á óbyggðum svæðum (sjá kafla 9.11).

Stök íbúðarhús og stök frístundahús eru heimil á landbúnaðarsvæðum samkvæmt almennum skipulagsákvæðum að neðan, en slíkt húsnaði getur einnig verið á svæðum fyrir íbúðarbyggð (sjá kafla 9.1), verslun og þjónustu (sjá kafla 9.2) og í frístundabyggð (sjá kafla 9.6).

Nýting vindorku til raforkuframleiðslu, innan marka tilkynningarskyldra framkvæmda skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, fellur í flokk landbúnaðarsvæða. Vindorka ofan þeirra marka myndi falla í flokk iðnaðarsvæða (sjá kafla 9.13) en ekki er gert ráð fyrir vindorkuverum af þeirri stærðargráðu í sveitarfélaginu þar sem:

- Flatlendi og nálægð við þjóðgarð á Heimsminjaskrá gerir svæðið viðkvæmara fyrir sjónrænum áhrifum en ella.
- Farleiðir og mörg mikilvæg búsvæði fugla eru í sveitarfélaginu.
- Reynslu og fyrirmyndir af slíkri nýtingu í sveitarfélaginu vantar.
- Lög og reglur um slíkar framkvæmdir eru ennþá í mótun og

opinberar skipulagsleiðbeiningar um þær vantar.⁷¹

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um landbúnaðarsvæði skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar. Unnt kann að vera að beita grenndarkynningu samkvæmt gr. 5.9 í skipulagsreglugerð, í stað deiliskipulags, ef framkvæmdir teljast umfangslitlar, hafa minniháttar áhrif og varða fáa.

Landnotkun og grunnkerfi

Auk notkunar sem skipulagsreglugerð skilgreinir er eftirfarandi landnotkun og mannvirkjagerð heimil á landbúnaðarsvæðum, án þess að reitir fyrir hana séu afmarkaðir á aðalskipulagsuppráttum:

- **Gisti-, afþreyingar- og veitingaþjónusta** í fyrrum/núverandi landbúnaðarbyggingum og minniháttar viðbyggingum við þær, innan eftirfarandi marka:
 - Gististaður⁷² með <45 gistirúm/gesti í einni byggingu.⁷³
 - Gististaður með <1000 m² heildarbyggingarmagn í einni byggingu.⁷⁴
 - Veitingastaður án áfengisveitinga eða umfangslíttill

⁷¹ [Stjórnarráðið 2023: Vindorka, valkostir og greining](#). Dæmi um skoskar leiðbeiningar: [Farm Advisorv Service 2023: Technical Note TN683 Wind Energy](#)

⁷² Gististaðir skiptast í flokka og tegundir sbr. [3. og 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald](#)

⁷³ Gengið er út frá því að þessi fjöldi geti almennt rúmast í þeim landbúnaðarbyggingum sem fyrir eru og kalli ekki á miklar nýbyggingar, sem aftur myndi kalla á meira skipulag m.t.t. bygginga og starfsemi sem fyrir er. Til samanburðar er fjöldi gesta í gistilheimilum og gistiskálum í sveitarfélaginu (skv. rekstrarleyfum 31.3.2025) á bilinu 4-102 og meðalfjöldi um 25 gestir. eru 36 af 43 gistileyfum í dreifbýlinu innan þessara marka, ef hótél eru frátalin

⁷⁴ Mörkin taka mið af hver heildarstærð útihúsa á jörð gætu verið

áfengisveitingastaður.⁷⁵

- Tjaldsvæði og hjólhýsasvæði <2 ha, með salernisaðstöðu, aðgengi að vatni og rafmagni.

- **Stök íbúðarhús og stök frístundahús** (sem standa ein og sér eða 2-3 hús saman) á núverandi bæjarhlöðum eða í grennd þeirra sem nýta núverandi aðkomuleiðir og aðra sameiginlega innviði, s.s. veitukerfi. Forðast ber að byggja stök hús á víðavangi. Til verndar náttúru, ræktarlands og í samræmi við sögulegt byggðarmynstur sveitanna er lögð áhersla á að byggðin verði sem mest í torfum. Fleiri en 3 ný hús saman í hnapp geta kallað á landnotkunarbreytingu (ÍB-reit, VÞ-reit eða F-reit).
- **Athafnastarfsemi og léttur iðnaður** í <1000 m² húsrými.
- **Minniháttar fiskeldisstöðvar** með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar. Fiskeldi umfram þessi mörk er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu⁷⁶ og afmarka þarf iðnaðarsvæði fyrir hana.
- **Vatnsaflsheimarafstöðvar og -virkjanir** sem eru <200 kW. Stærri virkjanir kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis og þær eru ýmist tilkynningarskyldar (220 kW - 10 MW) eða matsskyldar (≥10 MW).⁷⁷
- **Hagnýting sólarorku** með sólarcellum, á þökum eða veggjum

⁷⁵ Sbr. flokka 1 og 2 í [17. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald](#)

⁷⁶ Sbr. lið 1.09 í 1. viðauka [laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

⁷⁷ Sbr. liði. 3.02 og 3.15 í 1. viðauka [laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

byggingar.

- **Hagnýting vindorku** með vindrafstöð á þökum bygginga eða með stakri vindmyllu sem er með <1 MW rafafli og ≤25 m á hæð.⁷⁸ Í skipulagsgögnum og/eða leyfisumsókn skal gera grein fyrir framkvæmdum m.t.t. náttúru- og menningarminja, landslags, skuggavarps, ljósflökts, hljóðvistar, fuglalífs, ferðamennsku, aðliggjandi landnotkunar, mannvirkja og innviða, o.fl. sem við getur átt. Nýta skal tiltækar leiðbeiningar um áhrif vindorkumannvirkja.⁷⁹ Einnig skal gera grein fyrir samræmi við landsskipulagsstefnu.⁸⁰ Í öllum tilvikum skal vinna deiliskipulag ef setja á upp stakar vindmyllur og einnig ef vindrafstöðvar á þaki get haft áhrif á nágrannahagsmuni.
- **Minniháttar veitu- og fjarskiptamannvirki** t.d. fyrir vatnsöflun (þ.m.t. borholur), flutning vatns og raforku og fjarskiptakerfi, auk aðstöðu vegna sorphirðu.
- **Minniháttar mannvirki sem þjóna** landbúnaði, útivist, náttúruskoðun eða hlunnindanýtingu, t.d. stakir gangnamannakofar, stök veiðihús, fjár- og stóðréttir, beitarhólf, áningarstaðir fyrir hesta, litlir skeiðvellir, fuglaskoðunarbyrgi, og áningarstaðir með nokkrum bílastæðum, bekkjum.
- **Mannvirki fyrir samfélagsþjónustu** sem eru í lítilli eða

⁷⁸ Mörkin taka mið af tilkynningarskyldri framkvæmd skv. lögum [nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

⁷⁹ Sjá til hliðsjónar: [Landsvirkjun 2023: Vindkraftsfrágor på Island. Miljörelaterade möjligheter och utmaningar](#), [Hlynur Aðalsteinsson 2024: Með vindinn í fangið. Notagildi LUK fjölbáttagreiningar við stefnumótun og ákvarðanatöku um nýtingu á vindorku](#), [Alta 2019: Landslag og vindorka](#)

⁸⁰ Sjá áherslu C.3 í [Landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038](#), [Stjórnarráðið 2023: Vindorka, valkostir og greining](#)

stopulli notkun, svo sem sveitakirkjur og grafreitir.

- **Minniháttar efnistaka, til eigin nota**, á lögbýlum vegna þarfa landbúnaðarins enda fari hún fram utan svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- **Framræsing votlendis** er ekki æskileg vegna áhrifa á kolefnisbúskap og lífríki, en getur komið til álita ef hún er nauðsynleg forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu. Þá skal leitast við að endurheimta votlendi annarsstaðar sem mótvægisáðgerð. Framræsluframkvæmdir sem hafa áhrif á ≥2 ha eru háðar framkvæmdaleyfi⁸¹ og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.⁸² Tilkynna skal áform um framræslu sem er innan við þessi mörk til umhverfis- og skipulagsnefndar, til að fá úr því skorið hvort afla þurfi framkvæmdaleyfis.
- **Endurheimt votlendis**, einkum á framræstu landi sem ekki er lengur nýtt til landbúnaðar.⁸³ Tilkynna skal áform um endurheimt votlendis til umhverfis- og skipulagsnefndar, til að fá úr því skorið hvort afla þurfi framkvæmdaleyfis. Mat á framkvæmdaleyfisskyldu byggir m.a. á stærð svæðis og áhrifum á umhverfi og hagsmuni umráðaaðila nærliggjandi

⁸¹ Sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, [Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038](#), [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021: Verndun votlendis Aðgerðir I.4 á grundvelli aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum](#)

⁸² Sbr. lið 1.03 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

⁸³ [Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031](#), [Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026](#), [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2016: Endurheimt votlendis - Aðgerðaáætlun](#)

svæða.⁸⁴

- **Endurheimt náttúruskóga** sem miðar m.a. að því að snúa kolefnislosun rofins lands í kolefnisbindingu, jarðvegsvernd, endurheimt lykilstærkerfisins birkiskóga og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni.⁸⁵ Endurheimt á ≥ 10 ha er háð framkvæmdaleyfi.⁸⁶
- **Standa skal vörð um náttúrulegan skóg** og er öll skógrækt innan hans óheimil, sem og varanleg eyðing.
- **Varanleg eyðing annarra skóga⁸⁷ er ekki æskileg** og slík framkvæmd er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.⁸⁸
- **Skjólbeltarækt og landgræðsla** utan verndarsvæða. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu⁸⁹ og kallar á afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis (SL) á aðalskipulagsupdrætti og eftir atvikum sértæk aðalskipulagsákvæði (sjá nánar kafla 9.10).
- **Nýræktun skóga** á < 25 ha samfelldum reit, utan

⁸⁴ Skipulagsstofnun 2019: [Um endurheimt votlendis - skipulag og leyfi. Reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi](#)

⁸⁵ Sbr. aðgerð 4.7 í [Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026](#)

⁸⁶ Mörkin eru þau sömu og um framkvæmdaleyfisskyldu nýskógræktar, sjá á næstu bls.

⁸⁷ Skógur er skilgreindur í [lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt](#) þannig: „Skógur: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju.“

⁸⁸ Skv. [lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#) og einnig skv. 19. gr. [laga um skóga og skógrækt](#). Sjá nánar í <https://island.is/s/skipulagsstofnun/utgefid-efni>

⁸⁹ Sbr. lið 1.05 í 1. viðauka [laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#) og skilgreiningu verndarsvæða í lið 2.iii í 2. viðauka þeirra

verndarsvæða.⁹⁰ Ræktun á stærra svæði kallar á afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis (SL) á aðalskipulagsupdrætti og eftir atvikum sértæk skipulagsákvæði (sjá kafla 9.10). Ef nýskógræktarreitur liggur að öðrum reit, sem áður hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir, skal telja stærð reitanna saman og sé samanlögð stærð 25 ha eða meira skal afmarka SL-reit með aðalskipulagsbreytingu og tilheyrandi málsmeðferð. Viðmiðið er óháð jarðamörkum og innan hvernar jarðar kunna að vera fleiri en einn aðskilinn skógræktarreitur innan við 25 ha að stærð. Reitir teljast aðskildir ef verulegur aðskilnaður er á milli þeirra og ekki er hægt að segja að um sama reit sé að ræða.

- **Nýræktun skóga ≥ 10 ha er framkvæmdaleyfisskyld** en við þau mörk miðar þátttaka í skógrækt með opinberum stuðningi.⁹¹ Með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt, á hvort heldur sem er L-reitum eða SL-reitum, skulu fylgja þau gögn sem tilgreind eru í kafla 9.10 undir [ákvæðum um framkvæmdaleyfi](#). Almenn ákvæði um landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði gilda um alla skógrækt, óháð framkvæmdaleyfisskyldu.
- **Ræktun orkujurta.**⁹²
- **Losun lífræns úrgangs**, s.s. seyru, á grundvelli starfsleyfis og með hliðsjón af Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í

⁹⁰ Sbr. skilgreiningu verndarsvæða í lið 2.iii í 2. viðauka [laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

⁹¹ [Land og skógur: Skógrækt á lögbýlum](#). Sjá einnig um framkvæmdaleyfi í [Skipulagsstofnun og Skógræktin 2023: Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga](#)

⁹² [Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið 2021: Framleiðsla úr orkujurtum Skýrsla starfshóps](#)

Sveitarfélaginu Hornafirði 2025-2036.

- **Í öllum tilvikum skal** við landnotkun og mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum forðast að spilla góðu akuryrkjulandi skv. mati eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytis um flokkun landbúnaðarlands. Leiðbeiningarnar kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulagsins og skal fara eftir þeim sem gilda á hverjum tíma.⁹³ Nýta skal tiltæk gögn um flokkun landbúnaðarlands á landsvísu⁹⁴ sem grunn að frekara mati á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar skal metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar og þess gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu. Leitast skal við að vernda landbúnaðarland sem flokkast sem mjög gott ræktunarland eftir slíkt mat. Skjólbelti eru þó heimil á slíku landi.
- **Forðast skal að raska landi sem þegar bindur** mikið kolefni.⁹⁵
- **Gæta skal að ákvæðum jarðalaga.** Með ósk um að leysa land úr landbúnaðarnotum skv. 5. gr. laganna, skal leggja fram þau gögn sem tilgreind eru í framangreindri lagagrein og gera grein fyrir samræmi áformanna við markmið aðalskipulagsins m.a. með hliðsjón af gátlista umhverfismats í forsendu- og umhverfismatsskýrslu þess.

⁹³ Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar

⁹⁴ Land og skógur 2025: Flokkun ræktunarlands

⁹⁵ Sjá heimildir í kafla 4.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu

- **Varnir vegna náttúruvár**, s.s. varnargarðar við ár, vötn og sjó.
- **Legga stofnstígs fyrir göngu-, hjóla og reiðfólk** meðfram Hringvegi er heimil og skal nánari lega, s.s. hvoru megin vegar stígur liggur, ákveðin í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfisgögnum, eftir því sem við á. Heimilt er að gera einn stíg fyrir alla ferðamáta eða aðskilda stíga eftir ferðamátum. Einnig er heimilt að leggja stíg meðfram eldri stofnvegi eða öðrum þjóðvegum ef það þykir henta.
- **Við deiliskipulag og leyfisveitingar á landbúnaðarsvæðum** skal skoða tiltæk gögn um göngu- og ferðaleiðir til að tryggja að tekið sé tillit til þeirra eftir því sem við á og unnt er. Gera skal grein fyrir leiðum sem tengja byggð við helstu áfangastaði og/eða gönguleiðir í grennd.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvæ. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Byggingar og staðarmótun

- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki**, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnkennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur

byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.

- **Landslagsmótun og gróðursetning** falli sem best að náttúruferi og landslagi.
- **Gæta skal að fjarlægð mannvirkja** frá vegum, ám, vötnum og sjó.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði (L)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
L-1 89546,0 ha	<p><u>Landbúnaðarsvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar</u></p> <p><u>Deiliskipulag Hálsaskers, Svínafelli 2</u> 25.5.2022.</p> <p><u>Deiliskipulag Hvalvörðugilslækjar, Öræfum</u> 27.3.2025.</p> <p><u>Sumarbústaðar á Móum, Fagurhólsmýri</u> 31.7.1996.</p> <p><u>Deiliskipulag Hjáleigu og Flatatúns</u> 15.8.2024.</p> <p><u>Deiliskipulag Skálafell I í Suðursveit, frístundabyggð</u> 6.9.2000</p> <p><u>Deiliskipulag Háhóls og Dilksness</u> 16.6.2023.</p> <p><u>Deiliskipulag í landi Þorgeirsstaða</u> 5.6.2023.</p>	

9.10 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðslu-skógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Pessi landnotkunarflokkur er notaður í aðalskipulaginu í þeim tilfellum sem nýræktun skóga er ≥ 25 ha. Skógrækt sem er innan við 25 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum, utan verndarsvæða⁹⁶ án þess að reitir fyrir hana séu afmarkaðir á aðalskipulagsuppdrætti (sjá kafla 9.9). Umfangslítil trjárækt til landbóta, skjóls og útivistar, getur einnig farið fram á landbúnaðarsvæðum, sem og innan íbúðarbyggðar (sjá kafla 9.1), verslunar- og þjónustusvæða (sjá kafla 9.2) og innan frístundabyggðarsvæða (sjá kafla 9.6). Ekki er gert ráð fyrir skógrækt á óbyggðum svæðum (sjá kafla 9.11).

Náttúrulegur skógur er ekki afmarkaður sérstaklega, enda ekki gert ráð fyrir skógrækt innan hans. Hann er í flestum tilvikum innan óbyggðra svæða eða landbúnaðarsvæða og um hann gilda almenn ákvæði þar um verndun hans. **Áformuð eða yfirstandandi landgræðsla/uppgræðsla** ≥ 25 ha fellur einnig í þennan flokk.

⁹⁶ Sbr. skilgreiningu verndarsvæða í lið 2.iii í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um skógræktar- og landgræðslusvæði skal framfylgja við veitingu framkvæmdaleyfis, en almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagi skógræktar- og landgræðslusvæða þar sem gögn sem farið er fram á vegna leyfisumsóknar eru talin nægja:

Landnotkun og grunnkerfi

Eftirfarandi landnotkun og mannvirkjagerð fellur í landnotkunarflokkinn:

- **Landgræðsla/uppgræðsla lands** á ≥ 25 ha svæði. Uppgræðslu á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.⁹⁷ Uppgræðslan er jafnframt háð framkvæmdaleyfi og getur sveitarfélagið sett skilyrði fyrir leyfisveitingu, t.d. eftir því sem gögn vegna matskylduákvörðunar gefa tilefni til.
- **Nýræktun skóga** á ≥ 25 ha svæði og hún er jafnframt framkvæmdaleyfisskyld. Sveitarstjórn getur bundið leyfi skilyrðum, s.s. hvað varðar tillit til náttúrufars, landslags og minja, sem og áhrifa á aðliggjandi svæði. Nýræktun skóga á ≥ 200 ha svæði og uppgræðslu á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu⁹⁸

⁹⁷ Sbr. lið 1.05 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og skilgreiningu verndarsvæða í lið 2.iii í 2. viðauka þeirra

⁹⁸ Sbr. lið 1.04 og 1.05 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

- **Minniháttar mannvirki sem þjóna skógrækt og landgræðslu/uppgræðslu**, s.s. vegslóðar og aðstöðuhús. Stök frístundahús og íbúðarhús geta einnig verið innan svæðanna, sem og minni áningarstaðir og áningarhólf, t.d. með bekkjum, borðum, eða gerði/girðingu, eru heimil.
- **Minniháttar veitu- og fjarskiptamannvirki** t.d. fyrir vatnsöflun (þ.m.t. borholur), flutning vatns og raforku og fjarskiptakerfi, auk aðstöðu vegna sorpumhirðu.
- **Varnir vegna náttúruvár**, s.s. varnargarðar við ár, vötn og sjó. Minnt er á að slíkar framkvæmdir kunna að falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sbr. 1. viðauki laganna, tl. 10.18.
- **Reiðvegir, göngu- og hjólastígar** og þess skal gætt að skógur og mannvirki loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógi.

Um landnotkun og mannvirkjagerð á skógræktar- og landgræðslusvæðum og landbúnaðarsvæðum gildir:

- **Forðast skal að spilla góðu akuryrkjulandi** skv. mati eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um flokkun landbúnaðarlands. Leiðbeiningarnar kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulagsins og skal fara eftir þeim sem gilda á hverjum tíma.⁹⁹ sem grunn að frekara mati á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Þess gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að

⁹⁹ Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Á vegum

óþörfu. Leitast skal við að vernda landbúnaðarland sem flokkast sem mjög gott ræktunarland eftir slíkt mat. Skjólbelti eru þó heimil á slíku landi.

- **Forðast skal að raska landi sem þegar bindur** mikið kolefni. Af þeim sökum skal ekki taka votlendi til skógræktar.
- **Ekki skal planta trjám** innan veghelgunarsvæða þjóðvega.
- **Skógrækt og uppgræðsla** lands falli sem best að heildarsvipmóti lands, bæði m.t.t. staðsetningar og tegunda. Leitast skal við að nota innlendar trjátegundir og almennt skulu framandi eða ágengar tegundir ekki notaðar. Ekki er heimilt að nota stafafuru til skógræktar vegna neikvæðra áhrifa hennar á fjölbreytni lífríkis og landslagssérkenni. Gæta skal að ákvæðum 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda sem segir: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvía. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvallar, sbr. kafla 9.16.

Ákvæði um framkvæmdaleyfi

Í umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt, hvort heldur sem er á landbúnaðarsvæðum (sjá kafla 9.9) eða skógræktar- og

landgræðslusvæðum, skal gera grein fyrir eftirfarandi:¹⁰⁰

- **Afmörkun áformaðs skógræktarsvæðis** á uppdrætti sem sýnir hnit svæðis, en sveitarfélagið mun halda utan um svæðin í landupplýsingakerfi sínu til að hafa yfirsýn yfir skógræktarframkvæmdir og samspil þeirra við aðra landnotkun.
- **Hvort og hvernig val á landi samræmist** gæðaviðmiðum Lands og skógar þegar þau liggja fyrir¹⁰¹ og fellur að flokkun lands m.t.t. hæfni til akuryrkju, sbr. tiltæk gögn um flokkun landbúnaðarlands á landsvísu og opinberar leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands.¹⁰²
- **Hvort skógræktin kallar á** skurði og mikla jarðvinnslu.
- **Hvaða tegundir verða notaðar** við ræktunina og rökstuðningur fyrir plöntuvali. Einnig hvernig komið er í veg fyrir útbreiðslu trjáa í þeim tilvikum sem hún þykir óæskileg, s.s. vegna áhrifa á landslag, náttúrufer og aðra grenndarhagsmuni.
- **Hvaða vega- eða slóðagerð** er fyrirhuguð og hvernig tekið er tillit til helgunarsvæða núverandi vega.
- **Hvaða áhrif skógræktin kann að hafa** á snjósöfnun á þjóðvegi, eftir því sem við á.

¹⁰⁰ Við mótun ákvæðanna var höfð hliðsjón af [Viðauka 4 með drögum að Landsáætlun í skógrækt 2021-2025](#), þar sem fjallað er um meðferð skógræktar í stjórnslu sveitarfélaga. Viðaukinn er ekki hluti gildandi landsáætlunar

¹⁰¹ Sbr. aðgerð 2.3 í [Land og líf. Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026](#). Sjá einnig umfjöllun í Skipulagsstofnun og Skógræktin 2023: [Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga](#)

¹⁰² Sbr. [Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar](#)

- **Hver fjarlægð trjáa til háspennulína** er, en Landsnet miðar við það að hún sé a.mk. hæð fullvaxinna trjáa margfölduð með 1,5.
- **Hvernig er hugað að hættu vegna gróðurelda** og aðkomuleiðum fyrir slökkvilið.
- **Hvaða sjónrænu áhrif skógræktin kann að hafa** og hvernig tekið er tillit til landslagssérkenna, sýn að jökli, annarra mikilvægra sjónlína og kennileita, jarðminja, menningarminja og vatnsbakka. Einnig hvernig skógarjaðrar verða útfærðir m.t.t. aðlögunar að landslagi.
- **Hvaða áhrif skógræktin kann að hafa** á megin sérkenni náttúrufer og hvernig tekið er tillit til þeirra, þ.m.t. fuglalíf og votlendi. Einnig m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni.
- **Hvernig skógræktin stuðlar að kolefnisbindingu.**
- **Samræmi áformanna við ákvæði laga um náttúruvernd** (sjá í samhengi við þemauppdrátt aðalskipulagsins um náttúruvernd).
- **Hvernig tekið er tillit til** menningarminja, og viðeigandi ákvæða laga um menningarminjar.
- **Hvernig áformin samræmast** viðeigandi almennum ákvæðum aðalskipulagsins, þ.m.t. ákvæðum um takmarkanir á landnotkun (sjá kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.21 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó).
- **Hvort skógræktin hefur áhrif á rétt almennings** til að fara

um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna til heilsubótar og velsældar, sbr. markmið laga um náttúruvernd og 17. gr. lagana.¹⁰³

- **Hvernig áformin samræmast viðeigandi áætlunum** á lands- og svæðisvísu.

Leitað verði umsagna eftirtaldrá aðila um framkvæmdaleyfis- umsókn, eftir því sem við á:


- Landeigenda aðliggjandi jarða/landa ef skógrækt liggur að mörkum þeirra eða kann að hafa áhrif yfir mörk.
- Lands og skógar.
- Heilbrigðiseftirlits Austurlands.
- Minjastofnunar Íslands.
- Náttúrustofu Suðausturlands.
- Nágrannasveitarfélags/-félaga ef svæðið liggur að mörkum þeirra.
- Náttúruverndarstofnun, þar sem skógræktarsvæði liggur að verndarsvæði, eru sýnileg frá því eða eru hluti af landslags- eða vistheild þess.
- Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem skógræktarsvæði liggur að mörkum hans, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd.

Eftir atvikum kann að vera ástæða til að til að leita umsagnar fleiri aðila s.s. Náttúrufræðistofnunar vegna alþjóðlegra skuldbindinga um lífríki og Umhverfis- og orkustofnunar vegna

mögulegra áhrifa á vatnshlot.

Hafa skal samráð við leyfisveitanda ef breytingar verða á framkvæmd frá því framkvæmdaleyfi er gefið út. Sveitarstjórn getur sett skilyrði fyrir leyfisveitingu til að tryggja samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Einnig getur hún sett kröfu um kynningu/auglýsingu með athugasemdarfresti áður en leyfi er veitt.

Í því tilviki sem skógræktarframkvæmd er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggja fyrir áður en leyfisumsókn er afgreidd.



¹⁰³ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Sértæk skipulagsákvæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
SL-218 56,6 ha	<u>Skaftafell, Öræfum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Samningssvæði hjá Landi og skógi.	Landnotkun: Skógrækt.
SL-521 75,9 ha	<u>Selbakki, Mýrum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Framkv.leyfi útg. 9.8.2023.	Landnotkun: Skógrækt.
SL-596 2474,2 ha	<u>Skógey, landgræðslusvæði</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Landgræðsla.
SL-604 116,3 ha	<u>Lindarbakki, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Samningssvæði hjá Landi og skógi.	Landnotkun: Skógrækt.
SL-609 33,8 ha	<u>Stórulæg, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Samningssvæði hjá Landi og skógi.	Landnotkun: Skógrækt.
SL-14 56,8 ha	<u>Meðalfell, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Samningssvæði hjá Landi og skógi.	Landnotkun: Skógrækt.
SL-21 98,5 ha	<u>Dýhóll, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Skógrækt.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Samningssvæði hjá Landi og skógi.	
SL-33 52,2 ha	<u>Skarðshólar, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Samningssvæði hjá Landi og skógi.	
SL-741 56,0 ha	<u>Svínhólar, Lóni</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. Samningssvæði hjá Landi og skógi.	Landnotkun: Skógrækt.

9.11 Óbyggð svæði (ÓB)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Land sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs er skilgreint sem óbyggt svæði og sér landnotkunarreitir (ÓB-1). Innan þjóðgarðs gildir stjórnunar- og verndaráætlun og eru sveitarstjórnir bundnar af efni hennar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðsins. Framkvæmdir innan þjóðgarðs kunna að vera háðar deiliskipulagi, framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi.¹⁰⁴ Innan marka þjóðgarðs eru nokkrir reitir sem falla í flokk afþreyingar- og ferðamannasvæða (sjá kafla 9.7). Einnig eru vatnsból skilgreind í Skaftafelli og við Jökulsárlón (sjá kafla 9.18). Efnistökusvæði eru við Sandfell og á Breiðamerkursandi (sjá kafla 9.14).

Fjalllendi ofan 300 m og Skeiðarársandur, utan Vatnajökulsþjóðgarðs, eru annar landnotkunarreitir óbyggðra svæða (ÓB-2).¹⁰⁵ Hvorutveggja er í samræmi við fyrra aðalskipulag. Innsti hluti Hoffellsdals var í fyrra aðalskipulagi skilgreindur sem

¹⁰⁴ Sjá 13. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð

¹⁰⁵ Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var lagt til að allur Skeiðarársandur félli innan þjóðgarðs. Sjá einnig Náttúruverndaráætlanir í kortasjá Náttúruverndarstofnunar

landbúnaðarsvæði með hverfisverndarákvæðum um að halda náttúrulegu yfirbragði og er hann færður í flokk óbyggðra svæða í takt við þau ákvæði.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um óbyggð svæði skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Landnotkun og grunnkerfi

- **Mannvirkjagerð óheimil** nema sú sem sérákvæði segja til um.
- **Heimilt að viðhalda vegum** sem eru í skrá yfir vegi í náttúru Íslands og lengja að jökulsporði, en það er framkvæmdaleyfisskyt og kann að kalla á breytingu á skrá yfir vegi í náttúru Íslands.. Ný vegagerð er að öðru leyti óheimil.
- **Minni áningarstaðir og áningarhólf**, t.d. með bekkjum, borðum, eða gerði/girðingu, eru heimil. Staðsetja og hanna skal mannvirki, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð. Landslagsmótun og gróðursetning falli sem best að náttúrufari og landslagi.
- **Minniháttar mannvirki** til öryggis og varna gegn náttúruvá eða annarri hættu eru heimil, s.s. varnargarðar og fyrirhleðslur.
- **Minniháttar mannvirki** vegna fjarskipta eru heimil.
- **Skógrækt** er ekki heimil.

- **Standa skal vörð um náttúrulegan skóg** og er öll skógrækt innan hans óheimil.
- **Öll gróðursetning** erlendra tegunda er óheimil.
- **Gæta skal að stefnu stjórnvalda** um verndun víðerna, eftir því sem við getur átt.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði (ÓB)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>ÓB-1 374460,0 ha</p>	<p><u>Vatnajökulsþjóðgarður</u> Þjóðgarðurinn er í gildandi aðalskipulagi skilgreindur sem óbyggt svæði en var ekki sem sér landnotkunarreitur líkt og hér er gert ráð fyrir. Deiliskipulag í gildi innan þjóðgarðs: <u>Deiliskipulag Skaftafells, þjónustusvæðis</u>, 23.9.2013. Er í endurskoðun. <u>Deiliskipulag ferðamannaáðstöðu við Fjallsárlón</u> 22.4.2015. <u>Deiliskipulag Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi</u> 19.6.2020. Er í endurskoðun.</p>	<p>Landnotkun: Hefðbundin not s.s. veiðar og beit og minniháttar áningaraðstaðir í samræmi við markmið og ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.</p>
<p>ÓB-2 155993,4 ha</p>	<p>Óbyggð svæði Hluti reitsins er óbyggt svæði og hluti landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Landnotkun: Hefðbundin not s.s. veiðar og beit, gönguleiðir, reiðleiðir og minniháttar aðstaða til áningar ferðafólks. Náttúran ráði að öðru leyti ferðinni á þessum svæðum, án mikilla inngripa mannsins. Staðarmótun: Heimilt er að stika og/eða merkja leiðir með látlausum hætti. Aðstaða til áningar falli vel að landslagi og sé lítt áberandi. Leitast skal við að viðhalda sérkennum náttúrufars og landslags.</p>

9.12 Athafnasvæði (AT)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Enginn reitur í dreifbýlinu er skilgreindur sem athafnasvæði en ýmis starfsemi sem fellur í þann landnotkunarflokk er heimil á landbúnaðarsvæðum (sjá kafla 9.9) og verslunar- og þjónustusvæðum (sjá kafla 9.3) eftir því sem landnotkunarákvæði þeirra flokka og reita segja til um. Annarri athafnastarfsemi er beint á reiti innan þéttbýlismarkna Hafnar (sjá kafla 8.9).

9.13 Iðnaðarsvæði (I)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfalla- virkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunar- stöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Iðnaðarsvæði í dreifbýlinu eru ýmist virkjanir, tengivirki, veitusvæði eða úrgangssvæði. Starfsemi sem fellur í þennan flokk er almennt ekki heimil innan reita annarra landnotkunarflokka. Gerð er ein undantekning þar sem steypustöð er heimil innan verslunar- og þjónustusvæðis, enda liggur fyrir deiliskipulag (sjá VP-48 í kafla 9.3). Vatnsaflsheimarafstöðvar og -virkjanir sem eru < 200 kW eru þó heimilar á landbúnaðarsvæðum, sbr. almenn og sértæk ákvæði um þau, sem og vindrafstöðvar sem er með < 1 MW rafagl og ≤ 25 m á hæð (sjá kafla 9.9).

Ekki er gert ráð fyrir vindorkuverum í sveitarfélaginu¹⁰⁶ öðrum en stökum vindmyllum á landbúnaðarsvæðum sem eru innan marka tilkynningarskyldu skv. lögum um umhverfismat

¹⁰⁶ Sjá í samhengi við áherslu C.3 í [Landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038](#)

framkvæmda og áætlana (sjá kafla 9.9).¹⁰⁷ Þessi stefna er með hliðsjón af því að:

- Flatlendi og nálægð við þjóðgarð á Heimsminjaskrá gerir svæðið viðkvæmara fyrir sjónrænum áhrifum en ella.
- Farleiðir og mörg mikilvæg búsvæði fugla eru í sveitarfélaginu.
- Reynslu og fyrirmyndir af slíkri nýtingu í sveitarfélaginu vantar.
- Lög og reglur um slíkar framkvæmdir eru ennþá í mótun og opinberar skipulagsleiðbeiningar um þær vantar.¹⁰⁸

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um iðnaðarsvæði skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

Landnotkun og grunnkerfi

- **Vatnsaflsvirkjanir 200 kW eða stærri kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis.**
- **Vindorkuver eru ekki heimil** í sveitarfélaginu, nema þau falli undir almenn ákvæði á landbúnaðarsvæðum sem snúa að vindrafstöðvum og stökum vindmyllum inn marka tilkynningarskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda

¹⁰⁷ Sjá lið 3.16 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

¹⁰⁸ [Stjórnarráðið 2023: Vindorka, valkostir og greining](#). Sjá einnig til hliðsjónar [Landsvirkjun 2023: Vindkraftsfrágor þá Island. Miljörelaterade möjligheter och utmaningar. Hlynur Aðalsteinnsson 2024: Með vindinn í fangið. Notagildi LUK fjölbáttagreiningar við stefnumótun og ákvarðanatöku um nýtingu á vindorku. Alta 2019: Landslag og vindorka](#)

og áætlana (sjá kafla 9.9).¹⁰⁹

- **Lokun urðunarstaða** skal m.a. vera skv. 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Byggingar og staðarmótun

- **Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki**, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einnkennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum. Sérstaklega skal huga að mannvirkjum sem teljast verðmætur byggingararfur og að vanda til við gerð mannvirkja með tilliti til varanleika og viðhalds.
- **Landslagsmótun og gróðursetning** falli sem best að náttúrufari og landslagi.
- **Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni.**



¹⁰⁹ Sjá lið 3.16 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Sértæk skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæði (I)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
I-316 ≤5 ha	<u>Hnappavellir 2, Öræfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag tengivirkis í landi Hnappavalla 2</u> 5.1.2018.	Landnotkun: Tengivirki og aðveitustöð.
I-464 53,8 ha	<u>Birnárvirkjun í landi Kálfafells, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Vatnsaflsvirkjun. Hámarks umfang: Allt að 950 kW.
I-497 ≤5 ha	<u>Smyrlabjargaárvirkjun, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Vatnsaflsvirkjun. Hámarks umfang: 1,3 MW.
I-586 20,5 ha	<u>Hitaveita í landi Hoffells, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag hitaveitu í landi Hoffells</u> 8.12.2020.	Landnotkun: Vinnslusvæði hitaveitu með tilheyrandi mannvirki og starfsemi.
I-12 ≤5 ha	<u>Dæluhús hitaveitu í landi Stapa, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag hitaveitu í landi Hoffells</u> 8.12.2020 og það tekur einnig til dælustöðvar í landi Stapa.	Landnotkun: Dæluhús og önnur mannvirki tengd hitaveitu.
I-23 ≤5 ha	<u>Hólar, tengivirki Landsnet, Nesjum</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Tengivirki.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
I-669 ≤5 ha	<u>Horn, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	Landnotkun: Söfnunarsvæði fyrir brotajárn.
I-666 18,4 ha	<u>Melur í landi Fjarðar, Skarðsdal, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag í landi Syðri-Fjarðar</u> samþ. 13.4.1994.	Landnotkun: Samkvæmt starfsleyfi á hverjum tíma. Sjá ákvæði í <u>starfsleyfi</u> urðunarsvæðis í Skarðsdal (Mel í landi Fjarðar), upphaflega gefið út 6.11.2012, br. 20.10.2020 og 18.8.2022. Starfsleyfið gildir til 6.11.2028.

9.14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Efnistökusvæði í dreifbýlinu eru mörg og fjölbreytt, m.a. vegna lengdar vegakerfisins, mikilvægra varnarmarknaða við fallvötn og strendur og annarrar fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar. Áhersla er á að ekki þurfi að flytja efni um langan veg en jafnframt að hugað sé að því að lágmarka áhrif á landslag.

Öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi. Eiganda eða umráðamanni lands í landnotkunarflokknum landbúnaðarland er þó heimil, án framkvæmdaleyfis, minniháttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013.¹¹⁰ Svæði fyrir minniháttar efnistöku til eigin nota eru því ekki afmörkuð sem

¹¹⁰ Sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

efnistökusvæði, sjá nánar skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 9.9.¹¹¹

Efnistökusvæði úr sjó eru ekki afmörkuð í aðalskipulaginu ef þau eru ekki háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Svæðin geta verið innan landnotkunarflokkanna vötn ár og sjór (sjá kafla 9.20), strandsvæði (sjá kafla 9.21) og sérstök not haf- og vatnssvæða (sjá kafla 8.11). Um þau gilda samt sem áður almennu ákvæðin að neðan um efnistöku- og efnislosunarsvæði.



Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um efnistöku- og efnislosun skal framfylgja

¹¹¹ Sjá einnig til viðmiðunar: [Námur.is - allt um efnistöku og frágang](#), Vegagerðin o.fl. 2004: [Námur. Efnistaka og frágangur](#)

við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Öll efnistaka er framkvæmdaleyfis skyld**, nema minniháttar efnistaka á eigin landi til eigin nota.
- Unnt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr sjó innan netlaga, án þessa að efnistökusvæðið sé afmarkað í aðalskipulagi, enda sé framkvæmdin hvorki tilkynningarskyld né matskyld. Kröfur til framkvæmdaleyfisumsókna eru þær sömu og fyrir aðra efnistöku.
- **Unnt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnislosun**, án þess að efnislosunarsvæði sé afmarkað í aðalskipulagi, enda sé losunin tengd tilteknum framkvæmdum og losunarsvæðið afmarkað í deiliskipulagi og/eða leyfi fyrir framkvæmdinni. Kröfur til framkvæmdaleyfisumsókna eru þær sömu og fyrir efnistöku sbr. ákvæði að neðan, eftir því sem við á.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Málsmeðferð

- **E-reitirnir skiptast í þrjá flokka** eftir umfangi og

staðsetningu efnistöku¹¹² sem aftur segir til um málsmeðferð, þ.e. hvort framkvæmdin er matskyld eða tilkynningarskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana eða hvort unnt sé að veita leyfi á grundvelli stefnu aðalskipulags. Hámarks umfang er sett í sérákvæðum hvers landnotkunarreits, talið frá staðfestingarári aðalskipulagsins til loka skipulagstímabils. Umfang innan hámarks marka skal ákveðið í framkvæmdaleyfi, að undangenginni viðeigandi málsmeðferð efnistökusvæða sem ræðst af umfanginu og er sem hér segir:

- **E-flokkur 1: Efnistaka sem er matskyld** skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.¹¹³ Það á við um efnistöku þar sem annaðhvort á við eða bæði:
 - a. Áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra.
 - b. Áætlað er að taka 500.000 m³ eða meira af efni.**Umhverfismatsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar** um umhverfismat framkvæmdarinnar, auk aðalskipulagsákvæða, skal liggja til grundvallar framkvæmdaleyfisveitingar.
- **E-flokkur 2: Efnistaka sem skylt er að tilkynna** til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu¹¹⁴ áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Það á við um efnistöku þar sem annaðhvort á við eða bæði:
 - a. Áætlað er að raska 2,5 til 25 ha svæði.
 - b. Áætlað er að taka 50.000 til 500.000 m³ af efni.

¹¹² Flokkunin byggir á lögum umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

¹¹³ Sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

¹¹⁴ Sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

c. Áætlað er að taka efni þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.

Gögn með tilkynningu til Skipulagsstofnunar og ákvörðun stofnunarinnar um umhverfismat framkvæmdarinnar, auk stefnu og ákvæða aðalskipulags, skal leggja til grundvallar framkvæmdaleyfisveitingar. Almenn er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisgögnum á grunni aðalskipulags.

- **E-flokkur 3: Efnistaka sem er hvorki matsskyld né tilkynningarskyld** og unnt er að veita framkvæmdaleyfi¹¹⁵ fyrir á grundvelli stefnu og ákvæða aðalskipulags. Það á við um efnistöku þar sem einn liður eða fleiri af eftirfarandi á við:

- a. Áætlað er að raska minna en 2,5 ha svæði.
- b. Áætlað er að taka innan við 50.000 m³ af efni.
- c. Áætlað er að taka efni þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir innan við 2,5 ha svæði.

Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi og stefna og ákvæði aðalskipulags skulu vera grundvöllur leyfisveitinga. Sveitarstjórn metur hvort ástæða er til að grenndarkynna leyfisumsókn.

Framkvæmdaleyfisumsóknir

- **Í framkvæmdaleyfisumsókn vegna efnistöku** skal gera grein

fyrir eftirfarandi:

- a. **Stærð og staðsetningu efnistökusvæðis** og aðkomu að því og hvað til greina kemur að taka mikið efni á svæðinu horft til a.m.k. tveggja ára.
- b. **Í hvað á að nota efnið.**
- c. **Hvort þarf að leggja veg** að efnistökusvæði en um það efni gildir: Notast skal við núverandi vegi að efnistökusvæðum eftir því sem kostur er. Ef nauðsynlegt er að leggja veg að námu eða haugsetningarsvæði skal afmá hann þegar námu er lokað, nema hann geti gegnt mikilvægu hlutverki t.d. í ferðaþjónustu.
- d. **Landslagi og gróðri og öðru lífríki** á svæðinu.
- e. **Hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum** meðan á vinnslu stendur og eftir að vinnslu lýkur, þ.m.t. hvernig gengið verður frá efnistökusvæði og að loknum vinnslutíma þannig að sem best falli að umhverfi. Um það efni gildir: Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði og að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæðinu þannig að sem best falli að umhverfi. Það á við hvort sem um tímabundna lokun er að ræða eða endanlega lokun námunnar.
- f. **Hvernig gætt verði að almennum ákvæðum** aðalskipulags um takmarkanir á landnotkun í kafla 9.25 um svæði undir náttúruvá, kafla 9.24 um minjavernd, kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og kafla 9.21 um vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó.
- g. **Umsögnum viðeigandi aðila**, s.s. landeigenda, Fiskistofu,

¹¹⁵ Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012

Minjastofnunar Íslands, Umhverfis- og Orkustofnunar, Lands og skóga, Náttúruverndarstofnunar og Vegagerðarinnar.

- h. **Starfsleyfis skyldu**, eftir því sem við á.¹¹⁶
 - i. **Ef stærð/umfang efnistöku** er yfir þeim mörkum sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana þarf að gæta þess að gögn uppfylli einnig kröfur þeirra laga.
 - j. **Sjá einnig nánari kröfur í 13. gr. skipulagslaga** um framkvæmdaleyfi og í reglugerð um framkvæmdaleyfi. Taka skal mið af tiltækum leiðbeiningum um efnistöku.¹¹⁷
- **Við afgreiðslu framkvæmdaleyfis** getur sveitarstjórn sett skilyrði, s.s. um magn, tímabil efnistöku/-losunar, umgengni og áherslur við frágang námanna að efnistöku lokinni.



¹¹⁶ Sbr. [lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir](#) og [reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit](#)

¹¹⁷ Sjá t.d. [Námur.is - allt um efnistöku og frágang](#)

Sértæk skipulagsákvæði fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-103	<p><u>Skeiðarársandur 4, Gígjukvísl, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-183	<p><u>Skeiðarársandur 3, Sæluhúsakvísl, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-186	<p><u>Skeiðarársandur 2, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-197	<p><u>Skeiðarársandur 1, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Þurr farvegur, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-206	<p><u>Skaftafellsá, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-213	<p><u>Skaftafellsá, Svínafellsá, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥ 2,5 ha.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-227	<p><u>Virkisá, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurar, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir $\geq 2,5$ ha.</p>
E-234	<p><u>Virkisá, Falljökull, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Tegund efnis: Falljökull, jökulöldur, farvegur, aurar, grjót.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-244	<p><u>Sandfell, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Tegund efnis: Aurkeila, skriða, sandur, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-246	<p><u>Kotá, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir $\geq 2,5$ ha.</p>
E-261	<p><u>Grafargil, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-277	<p><u>Gljúfursá, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	
E-300	<u>Stigá, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-308	<u>Hólá, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-332	<u>Kvíá, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur áraurar - möl	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-344	<u>Hrúta, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-352	<u>Breiðárlón, Örafum/Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Tegund efnis: Klöpp, grjót.	Hámarksumfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-348	<p><u>Breiðárlón, efnislosunarsvæði, Örfum/Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulshjódgarðs. Tegund efnis: Þurrir áraurar, efnislosunarsvæði fyrir grjót úr svæði E-348.</p>	<p>Landnotkun: Haugsetningar- og vinnslusvæði. Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-367	<p><u>Nýgræðukvíslar, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulshjódgarðs. Tegund efnis: Þurrir áraurar, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-409	<p><u>Breiðamerkursandur, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulshjódgarðs. Tegund efnis: Þurrir áraurar, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-411	<p><u>Breiðamerkursandur, Fellsá, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og er á jaðri Vatnajökulshjódgarðs. Tegund efnis: Farvegur, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-446	<p><u>Steinavötn, Steinasandur, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-443	<p><u>Kálfafellsdalur, Kaldárgil, Suðursveit</u></p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurkeila, grjót, tínt upp.	einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-464	<u>Brunnavellir, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Skriða, aurkeila, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-465	<u>Pormóðshnúta, jökulalda, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og á jaðri Vatnajökulsþjóðgarðs. Tegund efnis: Líparítmöl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-477	<u>Skálafellsjökulsvegur, Innstavatn, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-484	<u>Skálafellsjökulsvegur, Þverá, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurkeila, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-501	<u>Smyrlabjargaá, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: melur, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-508	<u>Kolgríma, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarksumfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir $\geq 2,5$ ha.
E-513	<u>Kolgríma, austan ár, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Áraurar, möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-512	<u>Hjallanes, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Tegund efnis: Klöpp, farvegur, grjót.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-523	<u>Heinabergsvötn, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Þurrir áraurar, möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-543 14,4 ha	<u>Hólmsá, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarksumfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir $\geq 2,5$ ha.
E-552	<u>Skinney, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Klöpp, grjót.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-565	<u>Suðurfjörur, Mýrum</u>	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Fjara, sandur	einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-559 11,6 ha	<u>Ofan Einholtsvatna, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag námu 10 ofan Einholtsvatna vegna Hringveggar 11.12.2017.</u> Tegund efnis: Þurrir áraurar, möl.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-562 56,1 ha	<u>Djúpá, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag námu 2 í Djúpá, vegna Hringveggar, 11.12.2017.</u> Tegund efnis: Farvegur, áraurar.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-549	<u>Haukafell, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-554	<u>Hlíðaberg, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurkeila, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-570 5,4 ha	<u>Grjótá, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Árkeila, grjót.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-572	<u>Grjótá, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, mól, sandur.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-585 727,2 ha	<u>Hornafjarðarfljót, Mýrum og Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag námu 5 í Hornafjarðarfljóti, vegna Hringvegar, 11.12.2017.</u> Tegund efnis: Farvegur, mól, sandur.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-563	<u>Svínafell 3, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Klöpp, grjót.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-571	<u>Svínafell 2, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Klöpp, grjót, sprengt.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-577	<u>Austurfljót við Hoffell, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Þurr farvegur, mól.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-578 6,4 ha	<u>Svínafell 1, Austurfljót, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Þurr farvegur, mól.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-592	<p><u>Skógey 1, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Klapparholt, grjót.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.</p>
E-600 11,5 ha	<p><u>Skógey 2, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag námu 6 í Skógey, vegna Hringveggar 11.12.2017.</u> Tegund efnis: Klapparholt, grjót.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.</p>
E-596	<p><u>Grjótá, Krossbær, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurkeila, möl, grjót.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-598	<p><u>Setberg, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Framhlaup, aurkeila, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.</p>
E-608	<p><u>Lindarbakki, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Aurkeila, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-25	<p><u>Laxá við flugvöll, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-19	<p><u>Laxá við Meðalfell, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-43	<p><u>Fjánhúsavík, Nesjum/Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Grjótnám, sprengt úr klöpp, efni nýtt m.a. í sjóvarnargarða.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-60	<p><u>Hornafjarðarós, efnislosunarsvæði við Stapaklett, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Botnefnum sem falla til við dýpkun Hornafjarðarhafnar og innsiglingar að henni er dælt í álinn milli Mela og Óslands.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.</p>
E-64	<p><u>Hornafjarðarós, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Efnistökusvæði við innsiglingu.</p>	<p>Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-61	<p><u>Austurfjörur Þingnessker, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Fjara, sandur.</p>	<p>Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.</p>
E-641	<p><u>Austurfjörur 4, haugsetning, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Landnotkun: Haugsetning. Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Tegund efnis: Fjörुकambur, sandur, geymslusvæði, haugsetning.	einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-665	<u>Austurfjörur 3, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Fjara, sandur.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-670	<u>Austurfjörur 2, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Fjara, sandur.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-669	<u>Austurfjörur 1, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Fjara, sandur.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-677	<u>Kirkjusandur, Horn, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Fjara, sandur.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-673	<u>Litla Horn, Horn, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Klappir, skriða, grjót.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-668	<u>Gulu skriður, Horn, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Skriða, grjót, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-662	<p><u>Selbrekka, Horn, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Skriða, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-657	<p><u>Almannaskarð, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Skriða, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-648 13,3 ha	<p><u>Friðsæld, Dynjandi, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Skriða og aurkeila, möl.</p>	<p>Landnotkun: Náman er fullnýtt. Heimilt er að losa efni til frágangs á námunni.</p>
E-629	<p><u>Kjarrdalsheiði við Illakamb, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan friðlands Lónsöræfa. Tegund efnis: Melur, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-651	<p><u>Skyndidalur, Skyndidalsá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi og innan friðlands Lónsöræfa. Tegund efnis: Skriða, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>
E-666	<p><u>Slaufudalur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, aurkeila, möl.</p>	<p>Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.</p>

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-667	<u>Fjarðará, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-671	<u>Fjarðará, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-664	<u>Laxárdalur, frístundabyggð, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-675	<u>Stafafell, Hvannagil, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-689	<u>Stafafell, Jökulsá, milli Arasels og Hnútu, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi en innan <u>deiliskipulags Stafafellsfjalla, frístundasvæðis</u> . Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-687	<u>Porgeirsstaðaá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-685	<u>Gjádalsá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-690	<u>Gjádalsá, Laxá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-693	<u>Jökulsá v. Brekku, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-698	<u>Jökulsá í Lóni v. Stafafellsgarð, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir ≥2,5 ha.
E-703	<u>Hlíðará, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Grjótnáma, sprengt úr klöpp.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-704	<u>Hlíðará í landi Stafafells, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarks umfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
E-718	<u>Karlsá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, möl.	Hámarksumfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir $\geq 2,5$ ha.
E-729	<u>Reyðará, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-731	<u>Reyðará, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Klöpp, grjót.	Hámarksumfang: 2,5-25 ha svæði og/eða 50.000-500.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir $\geq 2,5$ ha.
E-744	<u>Össurá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, fín möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-775	<u>Hvaldalsá, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Farvegur, áraurar, fín möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.
E-782	<u>Hvalnesskriður, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Tegund efnis: Skriða, möl.	Hámarksumfang: <2,5 ha svæði og/eða <50.000 m ³ og/eða fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir <2,5 ha svæði.

9.15 Vegir, götur og stígar (VE)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.“

Skýringar og tengsl við landnotkunarflokka

Aðalskipulag tekur til legu stofn- og tengivega en lega annarra þjóðvega þ.e. landsvega og héraðsvega, er ákveðin í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi. Sama á við um vegi sem ekki teljast til þjóðvega, en þeir eru ýmist í umsjá sveitarfélaga eða einkaaðila. Vegagerð getur verið háð umhverfismati á framkvæmdastigi¹¹⁸ auk þess sem á aðalskipulagsstigi skal bera saman valkosti um breytingar á stofn- og tengivegum m.t.t. umhverfisáhrifa. Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar skv. vegalögum, en umferðaröryggi byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta og veghönnunarreglur kveða á um lágmarksfjarlægð á milli vegamóta.

Legu þjóðvegur í Öræfum var til umfjöllunar við mótun aðalskipulagsins þar sem íbúar hafa kallað eftir öðrum legukostum en í gildandi aðalskipulagi. Vegagerðin hefur hafið vinnu við að skoða mögulega legu neðar í landinu en sú vinna er ekki komin

¹¹⁸ Sbr. liði 10.06, 10.07 og 10.08 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

nógu langt til að unnt sé að ákveða leguna í þessu aðalskipulagi. Því er legan sýnd óbreytt frá fyrra aðalskipulagi. Þegar Vegagerðin hefur skilgreint þá legukosti sem til greina geta komið verða þeir metnir skv. lögum um umhverfismat og gerð tilheyrandi aðalskipulagsbreyting eftir því sem niðurstaða matsins kallar á.

Aðalskipulaginu fylgir skrá yfir vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi.¹¹⁹ Með skráningunni er tekin ákvörðun um hvaða leiðir er heimilt að aka, í sumum tilfellum með tilteknum takmörkunum. Skráin er grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir GPS-tæki.¹²⁰

Tillaga að vegaskránni er birt í aðalskipulagsvefsjá á vinnslustigi aðalskipulagstillögu. Endanleg skrá verður fylgiskjal með staðfestu aðalskipulagi en ekki hluti þess. Við gerð skrárinnar var stuðst við vegagögn Landmælinga Íslands en til viðbótar voru færðar inn leiðir sem oft eru farnar og gætu gegnt mikilvægu hlutverki við að gefa aðgang að landinu og upplifunum af því. Endanleg skrá er háð samþykki Vegagerðarinnar hvað varðar tengingar við þjóðveg. Einnig er hún háð samþykki Náttúruverndarstofnunar á friðlýstum svæðum og innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir göngu-/hjólastíg og reiðstíg meðfram Hringvegi. Lega annarra lengri og styttri göngu-, hjóla- og reiðleiða telst ekki aðalskipulagsákvörðun en sett eru almenn

¹¹⁹ Sjá reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd

¹²⁰ Skipulagsstofnun 2020: Vegir í náttúru Íslands. Um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum

skipulagsákvæði s.s. í íbúðarbyggð (sjá kafla 9.2), á verslunar- og þjónustusvæðum (sjá kafla 9.3), landbúnaðarsvæðum (sjá kafla 9.9) og óbyggðum svæðum (sjá kafla 9.11) til að tryggja að tekið sé tillit til núverandi leiða og gert ráð fyrir nýjum leiðum þar sem það á við, sem og til að staðið verði sem best að samráði og framkvæmdum.

Framangreind almenn ákvæði eiga m.a. við um Jöklaleiðina sem er göngu- og hjólaleið neðan Vatnajökuls sem áformuð er neðan Vatnajökuls frá Skaftafelli að Höfn.¹²¹ Leiðin mun liggja ýmist um óbyggð svæði (sjá kafla 9.11), sem sum eru innan Vatnajökulshljóðgarðs, eða á landbúnaðarsvæðum (sjá kafla 9.9) við jaðar þjóðgarðs. Hluti leiðarinnar hefur þegar verið lagður en gert er ráð fyrir að lega og útfærsla annarra hluta verði útfærð og ákveðin með samráði sveitarfélagsins, Vatnajökulshljóðgarðs, landeigenda og annarra hagsmunaaðila.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um vegi og stíga skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá.

Stofn- og tengivegir

- **Leggja stofnvega og tengivega** er bindandi í þeirri nákvæmni sem staðfestir aðalskipulagsupprættir eru. Nánari lega þeirra

er ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi og á grundvelli umhverfismats.¹²²

- **Veghelgunarsvæði** stofnvega er 30 m og tengivega 15 m, til beggja hliða frá miðlínu vegar. Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.
- **Innviðir** eins og háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna eru heimilir samhliða stofnvegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir eða sýndir á aðalskipulagsuppráttum. Ef lega innviðanna er sýnd telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins þeir verða.

Vegir í náttúru Íslands, utan þjóðvegakerfis

- **Skrá yfir vegi í náttúru Íslands** er samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags en er ekki hluti af því vegakerfi sem aðalskipulag tekur til, sem eru stofnvegir og tengivegir.¹²³
- **Leggja nýrra vega í náttúru Íslands**, utan þjóðvegakerfis, og staðsetning áningarstaða við þá skal ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi og á grundvelli umhverfismats eftir því sem við á.¹²⁴ Ef vegum er bætt í skrána eða vegir eru teknir af skránni þá skal málsmeðferð vera skv. 2. gr. reglugerðar nr. 260/2018.

Stígar fyrir aðra ferðamáta en akandi

- **Heimilt er að leggja stofnstíg fyrir göngu-, hjóla og reiðfólk**

¹²² Sbr. liði 10.06, 10.07 og 10.08 í 1. viðauka [laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

¹²³ Skipulagsstofnun 2020: [Vegir í náttúru Íslands. Um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum](#)

¹²⁴ Sbr. liði 10.07 og 10.08 í 1. viðauka [laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

¹²¹ Efla 2014: [Íslenskir þjóðstígar. Stefnumótun um gönguleiðir á Íslandi](#)

meðfram Hringvegi og/eða öðrum þjóðvegum, utan öryggissvæða veganna. Nákvæm lega skal ákveðin á deiliskipulags og/eða framkvæmdaleyfisstigi, þ.m.t hvoru megin vegar stígur liggur. Heimilt er að gera einn stíg fyrir alla ferðamáta eða aðskilda stíga eftir ferðamátum. Einnig er heimilt að leggja stíg meðfram öðrum þjóðvegum ef það þykir henta.

Áningarstaðir við vegi og stíga

- **Minni áningarstaðir og áningarhólf**, t.d. með bekkjum, borðum, og/eða gerði/girðingu, eru heimil við vegi og stíga. Staðsetja og hanna skal mannvirki, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð. Landslagsmótun og gróðursetning falli sem best að náttúrufari og landslagi.

Aðrar lengri og styttri göngu-, hjóla- og reiðleiðir

- **Við deiliskipulagsgerð og undirbúning mannvirkjagerðar** í dreifbýli skal skoða tiltæk gögn um göngu- og ferðaleiðir¹²⁵ til að tryggja að tekið sé tillit til þeirra eftir því sem við á og unnt er.
- **Innan íbúðarbyggðar og ferðaþjónustukjarna** skal gera ráð fyrir stígum, sem og leiðum sem tengja kjarnana við helstu áfangastaði og/eða gönguleiðir í grennd (sjá kafla 9.2 og 9.3).
- **Við vegagerð og aðra mannvirkjagerð** í grennd leiðanna

¹²⁵ Sjá vefsjá og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og útgefin gönguleiðakort

skal taka tillit til þeirra.

- **Merkingar, s.s. lítt áberandi skilti og stikur**, eru heimilar á leiðunum.
- **Fleiri en einn ferðamáti** kann að vera heimill á sömu leið, eftir því sem merkingar á vettvangi eða í öðrum gögnum segja til um.
- **Ef stígagerð telst meiriháttar** og getur haft áhrif á umhverfi og ásýnd þess, skal senda sveitarfélaginu fyrirspurn um málsmeðferð.¹²⁶



¹²⁶ Sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi

Skipulagsákvæði fyrir stofnvegi (VE-SV), tengivegi (VE-TV og jarðgöng (VE-GO)

Auðkenni	Heiti vegar	Sértæk skipulagsákvæði
VE-SV-1	Hringvegur, stofnvegur nr. 1	<p>Aðalskipulagið gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á Hringvegi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Breyting á legu Hringvegar í Öræfum á milli Skeiðarár og Hofsness/Malaráss, ásamt nýjum brúm yfir Skeiðará, Svínafellsá, Virksá og Kotá. Lega verður ákveðin með aðalskipulagsbreytingu þegar niðurstöðu úr umhverfismati á framkvæmdastigi liggja fyrir, þar sem bornir verða saman valkostir sem til greina koma. Sýnd er óbreytt lega í aðalskipulaginu þar til sú niðurstaða liggur fyrir. Í þeirri málsmeðferð verði ákveðið hvaða stöðu fyrrum stofnvegur fær. Sjá nánari í 8. kafla forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins. - Nýr vegur og ný brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi í Suðursveit. - Nýjum vegi á milli Volasels og Reyðarár, um nýja brú á Jökulsá í Lóni. - Lónsheiðargöngum undir Lónsheiði sem er í samræmi við tillögu að aðalskipulagi Múlaþings sem kynnt var vorið 2025. <p>Greiðfær stígur, öðru hvoru megin við Þjóðveg 1, Hringveg, nema á köflum þar sem hann kann að vera lagður meðfram fyrrum Þjóðvegi 1 eða öðrum innansveitarvegum, eftir því sem henta þykir og sýnt er í framkvæmdaleyfisgögnum. Fleiri en einn ferðamáti kann að vera heimill á stígnum, að hluta til eða í heild, eftir því sem merkingar á vettvangi eða í öðrum gögnum segja til um. Einnig er heimilt að leggja aðskilda stíga, á hluta eða heild, meðfram núverandi og fyrrum Þjóðvegi 1 fyrir mismunandi ferðamáta, ef það þykir henta betur.</p>
VE-SV-982	Flugvallarvegur Hornafirði, stofnvegur nr. 982	
VE-SV-99	Hafnarvegur, stofnvegur nr. 99	

Auðkenni	Heiti vegar	Sértæk skipulagsákvæði
VE-GO-1	Lónsheiðargöng, Lóni	

Auðkenni	Heiti vegar	Sértæk skipulagsákvæði
VE-TV-998	Skaftafellsvegur, tengivegur, Örafum	
VE-TV-2	Eldri Hringvegur að Skaftafelli, Örafum	
VE-TV-1	Eldri Hringvegur, Örafum	
VE-TV-1	Eldri Hringvegur, Lóni	
VE-TV-1	Eldri Hringvegur, Nesjum og Mýrum	
VE-TV-9720	Stokksnesvegur, tengivegur, Nesjum	
VE-TV-981	Almannaskarðsvegur, tengivegur, Nesjum	
VE-TV-9765	Meðalfellsvegur, tengivegur, Lóni	
VE-TV-1	Eldri Hringvegur um Austurhorn, Lóni	

9.16 Flugvellir (FV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Hornafjarðarflugvöllur í Nesjum er áætlunarvöllur í umsjón Isavia. Áætlunarflug um Hornafjarðarflugvöll er mikilvægt fyrir atvinnulíf, búsetugæði og öryggi íbúa og því brýnt að vellinum sé vel viðhaldið og aðstæður séu sem bestar. Jafnframt leggur sveitarfélagið áherslu á að Hornafjarðarflugvöllur geti í framtíðinni sinnt hlutverki alþjóðaflugvallar og að þar verði í boði reglubundið millilandaflug, enda er þaðan styðst að fljúga frá Íslandi til Evrópu og skilyrði til flugs góð.¹²⁷

Flugbrautir eru að Fagurhólsmýri og í nágrenni Skaftafells í Örfæfum. Sú fyrrnefnda er rekin af Isavia en sú síðarnefnda er í eigu og umsjón einkaaðila og er einkum notuð fyrir útsýnisflug.

¹²⁷ [Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll](#)

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um flugvelli skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Uppbygging og viðhald mannvirkja** sé í samræmi við hlutverk flugvallar eða flugbrautar.
- **Afla skal gagna um hindranafleti** og taka tillit til þeirra¹²⁸ við skipulag og framkvæmdir í grennd flugvalla.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17.



¹²⁸ [Sjá einnig reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og lög nr. 80/2022 um loftferðir](#)

Sértæk skipulagsákvæði fyrir flugvelli (FV)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
<p>FV-205 16,5 ha</p>	<p>Flugvöllur við Skaftafell, Örafum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag flugvallarins í Skaftafelli 25.11.2016.</u></p>	<p>Landnotkun og umfang: Reitur fyrir eina 600 m flugbraut og aðra 1500 m, ásamt þjónustubyggingum. Núverandi stærðir flugbrauta eru 610 x 20 m og 1020 x 25 skv. <u>Flugmálahandbók Íslands</u>, útg. 12.7.2024. Á reitnum gilda ákvæði sem eru í 21. gr. <u>reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat</u> vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Sjá forsendur og skýringar í kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.</p>
<p>FV-281 11,2 ha</p>	<p>Fagurhólsmýrarflugvöllur, Örafum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Landnotkun og umfang: Reitur fyrir eina flugbraut 794 x 28 m, sbr. <u>Flugmálahandbók Íslands</u>, útg. 12.7.2024.</p>
<p>FV-29 37,6 ha</p>	<p>Hornafjarðarflugvöllur, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.</p>	<p>Landnotkun og umfang: Uppbygging og viðhald í samræmi við hlutverk sem áætlunarflugvöllur og markmið um að verði aftur skilgreindur sem alþjóðaflugvöllur. Gert er ráð fyrir að núverandi flugbraut sem er 1500 x 30 m (sbr. <u>Flugmálahandbók Íslands</u>, útg. 12.7.2024) geti stækkað í 2000 x 40 m. Heimilt er að byggja við núverandi húsnæði í samræmi við kröfur til alþjóðaflugvallar.</p>

9.17 Veitur (VH)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Aðalskipulagið tekur til raflína sem eru með 66 kV spennu og hærri en núverandi línur í flutningskerfi Landsnets í sveitarfélaginu eru þó allar 132 kV línur.¹²⁹ Línur í dreifikerfi kalla ekki á afmörkun í aðalskipulagi og koma ekki fram á aðalskipulagsuppráttum en þær eru eftir sem áður eru framkvæmdaleyfisskyldar. Tengivirki falla í flokk iðnaðarsvæða.

Aðalskipulagið tekur til stofnæðar vatnsveitu og hitaveitu sveitarfélagsins til Hafnar en ekki til dreifikerfis. Sett eru almenn skipulagsákvæði fyrir einkaveitur.

Almenn ákvæði eru einnig sett fyrir fjarskipti og fráveitur til nánari útfærslu á deiliskipulags- eða framkvæmdaleyfisstigi eftir því sem við á.

Skipulagsákvæði um veitur tengjast einkum umfjöllun um íbúðarbyggð (kafla 9.2), verslunar- og þjónustusvæði (kafla 9.3), landbúnaðarsvæði (kafla 9.9) og vatnsból (kafla 9.18 og 9.19).

¹²⁹ Kortasíá Landsnets.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um veitur skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Rafveita

- **Legu raflína er bindandi í þeirri nákvæmni** sem staðfestir aðalskipulagsupprættir eru. Nánari legu þeirra er ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi og á grundvelli umhverfismats.¹³⁰
- **Gert ráð fyrir því að háspennulínur í flutningskerfi** geti verið ofan jarðar eða neðan án þess að greinarmunur sé gerður á skipulagsuppráttum.
- **Háspennustrengir geta legið meðfram þjóðvegum** án sérstakrar tilgreiningar á skipulagsupprætti.
- **Takmarkanir eru á mannvirkjagerð innan helgunarsvæðis**

¹³⁰ Skv. lögum nr. 111/2021, eftir því sem við á, sbr. liði 10.15 og 10.16 í 1. viðauka laganna.

háspennulína/-strengja.¹³¹

- **Hafa skal leiðbeiningar Landsnets um háspennulínur** til hliðsjónar við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda í nágrenni háspennulína.¹³²
- **Hafa skal samráð við veitufyrirtæki** við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.
- **Til stofnkerfis rafveitu teljast einnig tengivirki** en þau má reisa innan iðnaðarsvæða (sjá kafla 9.13).

Vatnsveita (VH-V) og hitaveita (VH-H)

- **Gera skal grein fyrir vatnsöflun og vatnsveitum** í deiliskipulagi og leyfisumsóknum þar sem við á.
- **Gæta skal að að flutningskerfi** heits vatns er tilkynningarskyld framkvæmd sbr. lið 3.05 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sama á við um lagningu vatnsveitu um langan veg, sbr. lið 10.17 í viðaukanum.

Fjarskipti

- **Legu strengja og staðsetning mastra ≤ 30 m** og annarra minniháttar fjarskiptamannvirkja skal ákveðin í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfi á grundvelli stefnu og almennra ákvæða aðalskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ef ekki þykir þörf á deiliskipulagi skal meta í hverju tilviki hvort ástæða sé til

grenndarkynningar framkvæmdaleyfisumsóknar.

- **Strengir skulu lagðir meðfram vegum og stígum** þar sem því verður við komið.
- **Í deiliskipulagi/framkvæmdaleyfisumsókn fyrir möstur** skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á nærumhverfi.

Fráveita

- **Legu og útfærsla fráveitu í dreifbýli** skal ákveðin í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfi á grundvelli stefnu og almennra ákvæða aðalskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ef ekki þykir þörf á deiliskipulagi skal meta í hverju tilviki hvort ástæða sé til grenndarkynningar framkvæmdaleyfisumsóknar.

¹³¹ Sbr. [reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki](#), viðeigandi staðla og [Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032](#).

¹³² [Landsnet: Háspennulínur - aðgát skal höfð](#)

Sértæk skipulagsákvæði fyrir veitur (VH)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VH-R-1 84,5 km	Prestbakkalína 1 Er í gildandi aðalskipulagi.	132 kv loftlína.
VH-R-2 87,0 km	Hnappavallalína 1 Er í gildandi aðalskipulagi.	132 kv loftlína.
VH-R-3 7 km	Hafnarlína 1 Er í gildandi aðalskipulagi.	132 kv loftlína að miðri Blakksvík en jarðstrengur þaðan að Hornafjarðarhöfn.
VH-R-4	Hólalína 1 Er í gildandi aðalskipulagi.	132 kv loftlína.
VH-V-1	Stofnæð vatnsveitu, Rimavatn - Höfn Er ekki sýnd í gildandi aðalskipulagi.	Viðhald, stækkun æðar og minniháttar breytingar á legu eru heimilar.
VH-H-1	Stofnæð hitaveitu, Hoffell - Höfn Er í gildandi aðalskipulagi.	Viðhald, stækkun æðar og minniháttar breytingar á legu eru heimilar.

9.18 Vatnsból (VB)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.”

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Sveitarfélagið er á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar Austurlands sem ákvarðar brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði umhverfis vatnsból til varnar gegn mengun, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 796/1991 um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins og þar skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitu. Ákvæði fyrir grann- og fjarsvæði segja til um hvaða takmarkanir gilda á landnotkun á þeim svæðum vegna vatnsverndar, sjá kafla 9.19.

Stærsti hluti íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi, sem og fjölsóttir ferðamannastaðir eins og Skaftafell, Jökulsárlón og Hof eru með skilgreind vatnsból og tengdir vatnsveitu. Vatnsból við Rimavatn í Laxárdal þjónar Höfn, Nesjahverfi og flestum bæjum í Nesjum og hafa grann- og fjarsvæði þess verið afmörkuð. Vatnsból á Rauðabergsfjalli þjónar flestum bæjum á Mýrum og um það er afmarkað grannsvæði. Tvö vatnsból eru í Skaftafelli og eitt við Jökulsárlón. Á Hofi í Örafum er vatnsból í Hofsfjalli og allir bæir tengdir vatnsveitu. Einnig hefur verið afmarkað vatnsból og grannsvæði í Össurárdal í Lóni. Á öðrum bæjum eru brunnar eða

nálægar lindir nýttar.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um vatnsból skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gera skal grein fyrir** hvaðan vatn er fengið fyrir byggðina og vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra afmarkað eftir leiðbeiningum og ákvörðun heilbrigðisyfirvalda. Ekki er þörf á aðalskipulagsbreytingu vegna nýrra vatnsbóla en á skipulagsuppdráttum eru sýnd þau vatnsból sem voru í fyrra aðalskipulagi, auk vatnsbóls að Hofi í Örafum.
- **Brunnsvæði er næsta nágrenni** vatnsbóls. Þar gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en í 13. gr. hennar segir m.a.: Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir vatnsból (VB)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VB-198 ≤5 ha	<u>Við þjónustumiðstöð í Skaftafelli, Örfum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag þjónustusvæðis í Skaftafelli</u> 23.9.2013. Er í endurskoðun.	
VB-292 ≤5 ha	<u>Hnappavellir, Örfum</u> Reiturinn er gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
VB-393 ≤5 ha	<u>Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Suðursveit</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi</u> 19.6.2020.	
VB-425 ≤5 ha	<u>Breiðabólstaðartorfa, Suðursveit</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Breiðabólstaðartorfu</u> 24.10.2022.	
VB-428 ≤5 ha	<u>Breiðabólstaðartorfa, Suðursveit</u> Reiturinn er ekki í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag Breiðabólstaðartorfu</u> 24.10.2022.	
VB-561 ≤5 ha	<u>Rauðabergsfjall, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi.	

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
	Ekkert deiliskipulag í gildi.	
VB-13 ≤5 ha	<u>Rimavatn í Laxárdal, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
VB-740 ≤5 ha	<u>Össurárdalur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Gerð er grein fyrir vatnsbólínu í <u>deiliskipulagi Svínhóla í Lóni</u> 1.2.2021.	

9.19 Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.”

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Sveitarfélagið er á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar Austurlands sem ákvarðar brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði umhverfis vatnsból til varnar gegn mengun, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 796/1991 um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbóls og umhverfis það eru ákvörðuð grann- og fjarsvæði eftir því sem þörf er talin á.

Í sveitarfélaginu eru afmörkuð fjögur grannsvæði í aðalskipulaginu; vestan Skaftafellsár í Örafum, umhverfis í Rauðabergsfjalli á Mýrum, við Rimavatn í Nesjum og í Össurárdal í Lóni. Fjarsvæði er aðeins afmarkað í kringum vatnsbólið við Rimavatn en það þjónar Höfn og Nesjum.

Reiknað er með að ný grann- og fjarsvæði verði afmörkuð eftir því sem aðstæður og ný uppbygging kallar á.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um vatnsból skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gera skal grein fyrir hvaðan vatn er fengið** fyrir byggðina og vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra afmarkað.
- **Á grannsvæðum gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns** en í 13. gr. segir m.a.: Við ákvörðun stærðar grannsvæðis og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.
- **Á fjarsvæðum gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns** en í 13. gr. segir m.a.: Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunn- og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp undir grannsvæði. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

- **Ekki er þörf á að breyta aðalskipulagi** vegna nýrra grann- og fjarsvæða nema þau varði hagsmuni margra aðila. Svæðin verði færð inn við næstu endurskoðun aðalskipulags.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvæ. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir grann- og fjarsvæði vatnsbóla (VG, VF)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VG-561 122,4 ha	<u>Rauðabergsfjall, Mýrum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
VG-12 34,6 ha	<u>Rimavatn, Laxárdal, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
VF-636 1201,5 ha	<u>Rimavatn, Laxárdal, Nesjum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
VG-739 31,4 ha	<u>Össurárdalur, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Gerð er grein fyrir vatnsbólinu í <u>deiliskipulagi Svínhóla í Lóni</u> 1.2.2021.	

9.20 Vötn, ár og sjór (V)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.”

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Vatn í jöklum, fljótum, ám, lónum, auravötnum, mýravötnum og leirum er afgerandi og síkvikur þáttur í náttúruvæðingum og landslagi sveitarfélagsins¹³³ og kallar á sérstaka athygli m.t.t. áhrifa loftslagsbreytinga og annarrar náttúruvæðing, þ.m.t. eldsumbrota. Huga þarf vel að vörnum og staðsetningu mannvirkja vegna flóðahættu, sem og skriðuhættu og berghlaupa úr óstöðugum hlíðum vegna hopunar jökla (sjá einnig kafla 9.25 um náttúruvæðing).

Stefna um vatn og strandsjó er sett fram í kafla 4.2. Skipulagsákvæði um nýtingu fallvatna er að finna í kafla 9.13 um iðnaðarsvæði og kafla 9.9 um landbúnaðarsvæði, sbr. einnig markmið og leiðir í kafla 6.2 um orkuframleiðslu og orkuflutning. Skipulagsákvæði fyrir landnotkunarflokkinn strandsvæði eru í kafla 9.21. Við skipulagsgerð og leyfisveitingar þarf að gæta ákvæðum laga um stjórn vatnamála.¹³⁴

Sjór innan netlaga, þ.e. innan við 115 metra frá stórstraumsfjöruborði, er innan staðarmarkna sveitarfélaga og þar

með innan skipulagssvæðis aðalskipulags. Á þessu strandsjávurbelti kann að vera, eða verða, ýmiskonar nýting sjávarauðlinda, s.s. veiði, eldi, efnisnám eða öflun sjávargróðurs. Við slíka nýtingu eru mikilvægt að lágmarka skaðleg áhrif á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni. Einnig að gæta að áhrifum á landslag og menningarminjar, þ.m.t. við landfyllingar. Varðandi siglingaleiðir þarf m.a. að gæta að lögum um vitamál.¹³⁵

Vegna bráðnunar jökla af völdum loftslagsbreytinga hefur land verið að rísa í Sveitarfélaginu Hornafirði og er reiknað með að afstæð sjávarstaða geti fallið um 1,5 m til aldamóta. Það kann að skapa vandamál vegna setmyndunar, s.s. í innsiglingu og höfn Hornafjarðar¹³⁶ (sjá einnig kafla 8.10 um hafnarvæðing). Jafnframt kallar strandrof, s.s. á Breiðamerkursandi, á athygli og viðbrögð.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um vötn, ár og sjó skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gera skal grein fyrir vatnafari** og mögulegri þróun þess og hvernig er tekið tillit til þess við skipulag og framkvæmdir, þ.m.t. hvernig neikvæð áhrif á vatnshlot¹³⁷ eru lágmarkuð.
- **Koma skal í veg fyrir mengun** yfirborðsvatns og strandsjávar af völdum landnotkunar, mannvirkjagerðar og atvinnu-

¹³³ Landmælingar Íslands 2024: [Grunngerð landupplýsinga - Landupplýsingagátt](#)

¹³⁴ Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011

¹³⁵ Lög um vitamál nr. 132/1999

¹³⁶ Veðurstofa Íslands 2023: [Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar](#)

¹³⁷ Ust.is: [Vatnshlot](#). Sjá einnig kafla 4.2 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu

starfsemi (sjá einnig kafla 9.17 um fráveitu).

- **Meta skal hættu vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa** sem og bráðnunar sífrera á fyrirhuguðum byggðar- og framkvæmdasvæðum, þar sem við á, og bregðast við niðurstöðum hættumats með viðeigandi hætti.
- **Hafa skal samráð við Vegagerðina** við skipulag lágsvæða þar sem er hætta á sjávarflóðum.¹³⁸
- **Varnargarðar og aðrar varnir** við vötn, fallvötn og sjó eru heimilar þar sem þeirra er talin þörf. Gæta skal að ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.18. í 1. viðauka laganna.
- **Óheimilt er að byggja á þekktum flóðasvæðum** við ár, vötn og sjó. Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Siglingastofnun um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga, sbr. gr. 5.3.2.18 í skipulagsreglugerð.
- **Við afmörkun lóða** skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m, sbr. gr. 5.3.2.14. gr. í skipulagsreglugerð.
- **Um framkvæmdir í eða við veiðivatn**, allt að 100 metrum frá bakka, gilda 33. og 35. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og

silungsveiði.

- **Um landfyllingar við Höfn** sjá kafla 8 um þéttbýlið.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



¹³⁸ Vegagerðin 2018: Lágsvæði - viðmiðunarreglur fyrir landhæð

Sértæk skipulagsákvæði fyrir vötn, ár og sjó (V)

Auðkenni og stærð	Heiti reits	Sértæk skipulagsákvæði
V-469 2152,1 ha	Strandsjór innan netlaga	

9.21 Strandsvæði (ST)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Í þennan flokk falla fjörur, eyjar, sker, sjávarflötur og sjávarbotn í Hornafirði, Skarðsfirði, Papafirði og Lónsfirði. Einnig fjörur við Ingólfshöfða. Hluti þeirra er innan þéttbýlismarka (sjá kafla 8.12).

Mörk eru að mestu í samræmi við fyrra aðalskipulag en þó er land á milli Skarðsfjarðar og Papafjarðar, innan við varnar- og öryggissvæðið á Stokksnesi, fært í flokk landbúnaðarsvæða. Einnig eru Þorgeirsstaðafjörur í Papafirði færðar úr flokki óbygggra svæða í flokk strandsvæða. Þessar breytingar eru gerðar til að samræmi sé á milli skilgreiningar svæða við sjó.

Við skipulagsgerð og leyfisveitingar þarf að gæta ákvæðum laga um stjórn vatnamála.¹³⁹

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um strandsvæði skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Tryggja skal aðgengi almennings að svæðunum.**
- **Mannvirkjagerð er óheimil nema minniháttar aðstaða vegna útivistar og náttúruskoðunar**, s.s. fuglaskoðunarbyrgi og áningarborð.
- **Efnistaka og efnislosun** er bundin við skilgreinda reiti til þeirra nota (sjá kafla 9.14). Malar- og sandtaka (laus jarðefni sem telja má að endurnýji sig) er heimil á strandsvæðum (ST-reitir) og hafsvæðum til sérstakra nota (SN-reitir í þéttbýliskafla), á grundvelli framkvæmdaleyfis og innan marka tilkynningarskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Sjá nánar kafla 9.14 varðandi kröfur til gagna með framkvæmdaleyfisumsókn um efnistöku.
- **Gæta þarf að sérstakri vernd** sjávarfitja og leira skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.

¹³⁹ Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011

Sértæk skipulagsákvæði fyrir strandsvæði (ST)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ST-268 1055,0 ha	<u>Fjara við Ingólfshöfða, Örafum</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
ST-560 1593,6 ha	<u>Suðurfjörur; Mýrum, Nesjum, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
ST-593 5465,2 ha	<u>Hornafjörður, Nesjum, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
ST-644 3205,8 ha	<u>Skarðsfjörður, Nesjum, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
ST-659 938,7 ha	<u>Austurfjörur, Nesjum, Höfn</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	
ST-687 1118,1 ha	<u>Papafjörður, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi í flokki ÓB-svæða. Ekkert deiliskipulag í gildi.	

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
ST-745 2602,9 ha	<u>Lónsfjörður, Lóni</u> Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	

9.22 Friðlýst svæði (FS)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.“

Skýringar og tengsl við landnotkunarflokka

Friðlýst svæði er ein tegund takmarkana á landnotkun sem skilgreindar eru í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, en fleiri en ein takmörkun getur gilt á sama landnotkunarreit.

Þjóðgarður er einn flokkur friðlýstra svæða¹⁴⁰ og fellur Vatnajökulsþjóðgarður í landnotkunarflokkinn óbyggð svæði (sjá kafla 9.11). Reitir inn þjóðgarðs þar sem uppbygging er fyrirhuguð falla í flokk afþreyingar- og ferðamannasvæði (sjá kafla 9.7).

Annar flokkur friðlýstra svæða eru friðlönd en þau eru til verndar tilteknum vistgerðum og búsvæðum og til að styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt.¹⁴¹ Friðlönd í sveitarfélaginu eru ýmist í landnotkunarflokknum óbyggð svæði (sjá kafla 9.11) eða landbúnaðarsvæði (sjá kafla 9.9) nema Ingólfshöfði sem er á strandsvæði (sjá kafla 9.21).

¹⁴⁰ Sbr. 47. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

¹⁴¹ Sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Náttúruvætti eru einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna.¹⁴² Þau geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Í þessum flokki er eitt svæði í sveitarfélaginu en það er Díma sem er klapparhæð á aurum Jökulsár í Lóni. Hún er innan landbúnaðarsvæðis (sjá kafla 9.9).

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Í Vatnajökulsþjóðgarði gilda lög og reglugerð** um þjóðgarðinn og stjórnunar- og verndaráætlun.¹⁴³ Sjá einnig almenn ákvæði fyrir óbyggð svæði í kafla 9.11.
- **Um hvert friðland og náttúruvætti** gilda auk viðeigandi ákvæða laga um náttúruvernd, reglur í friðlýsingarauglýsingu, ásamt stjórnunar- og verndaráætlun þar sem slík hefur verið unnin.¹⁴⁴
- **Gæta skal að 54. gr laga um náttúruvernd:** „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru

¹⁴² Sbr. 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

¹⁴³ Lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulsþjóðgarð, stjórnunar- og verndaráætlun 3. útg. júlí 2022

¹⁴⁴ Sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir á landnotkun, eftir því sem við á.** Sjá kafla 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Takmarkanir á landnotkun vegna friðlýsingar (FS)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
FS-1 374456,9 ha	Vatnajökulsþjóðgarður Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. <u>Deiliskipulag þjónustusvæðis í Skaftafelli</u> 23.9.2013. Er í endurskoðun. <u>Deiliskipulag ferðamannaáðstöðu við Fjallsárlón</u> 22.4.2015. <u>Deiliskipulag Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi</u> 19.6.2020.	Sjá lög og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð og <u>stjórnunar og verndaráætlun</u> Vatnajökulsþjóðgarðs.
FS-281 120,2 ha	Ingólfshöfði, Örafum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Friðland.	Sjá <u>auglýsingu nr. 388/1978</u> í Stjórnartíðindum B og <u>stjórnunar- og verndaráætlun</u> svæðisins.
FS-289 230,7 ha	Salthöfði og Salthöfðamýrar, Örafum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Friðland.	Sjá <u>auglýsingu nr. 249/1977</u> í Stjórnartíðindum B.
FS-619 29363,0ha	Lónsöræfi, Lóni Efri hluti svæðisins (ofan 300 m) er í gildandi aðalskipulagi skilgreindur sem óbyggt svæði en neðri hlutinn sem landbúnaðarsvæði. Friðland í umsjón <u>Náttúruverndarstofnunar</u> .	Sjá <u>auglýsingu nr. 31/1977</u> í Stjórnartíðindum B. Unnin verði stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.
FS-680 6,4 ha	Díma, Lóni Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Friðlýst sem náttúruvætti.	Sjá <u>auglýsingu nr. 523/1975</u> í Stjórnartíðindum B.

9.23 Önnur náttúruvernd

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.“

Skýringar og tengsl við landnotkunarflokka

Önnur náttúruvernd er ein tegund takmarkana á landnotkun sem skilgreindar eru í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, en fleiri en ein takmörkun getur gilt á sama landnotkunarreit. Í þessu aðalskipulagi eru eftirtalin svæði felld undir verndina:

1. **Svæði sem falla undir sérstaka vernd** tiltekinna vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Svæðin eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti en tiltæk gögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Landi og skógi má sjá í aðalskipulagsvefsjá og á þemakorti sem fylgir aðalskipulaginu, sbr. gr. 4.5.3 í skipulagsreglugerð.
2. **Svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar** skv. lögum nr. 48/2011. Engin slík svæði eru í sveitarfélaginu við gildistöku aðalskipulagsins.
3. **Svæði á B-hluta náttúruminjaskrár** þegar slík skrá hefur verið samþykkt skv. 33. gr. laga um náttúruvernd. Fyrir liggja tillögur Náttúrufræðistofnunar en þær hafa ekki hlotið afgreiðslu.
4. **Svæði á C-hluta náttúruminjaskrár** þegar slík skrá hefur verið

unnin skv. 33. gr. laga um náttúruvernd. Fram að því gildir náttúruminjaskrá frá árinu 1996 sbr. 2. lið ákvæða til bráðabirgða í framangreindum lögum.

Svæði sem falla í þennan flokk takmarkana eru sýnd á þemaupprætti, sbr. gr. 4.5.3. í skipulagsreglugerð, en koma ekki fram með bindandi afmörkunum á skipulagsuppráttum. Þau má einnig sjá í aðalskipulagsvefsjá.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum á svæðum sem falla undir aðra náttúruvá skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gera skal grein fyrir svæðum** sem falla undir aðra náttúruvernd (sbr. listann hér á undan) og áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á þau. Fara skal með gát og leitast við að raska lífríki og landslagi sem minnst. Huga skal að mikilvægi og sérstöðu svæðanna í íslensku og alþjóðlegu samhengi.
- **Um vistkerfi og jarðminjar** sem taldar eru upp í 61. gr. laga um náttúruvernd gilda ákvæði þeirrar greinar.
- **Þegar B-hluti náttúruminjaskrár** hefur verið samþykktur gilda ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd.
- **Þegar C-hluti náttúruminjaskrár** hefur verið útgefinn gilda ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd. Fram að því gilda bráðabirgðaákvæði laganna.

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir á landnotkun**, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranafötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



9.24 Minjavernd (MV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.“

Skýringar og lagaákvæði

Undir minjavernd falla:

1. **Friðaðar fornleifar**, en það eru hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, sbr. skilgreiningu í 3. gr. [laga nr. 80/2012 um menningarminjar](#). Ef friðaðar fornleifar hafa verið *friðlýstar* sbr. 5. gr. laganna, þá kann auk almennra ákvæða laganna, að hvíla á þeim þinglýst kvöð til að tryggja sem best varðveislu minjanna. Friðlýstar minjar¹⁴⁵ eru tilgreindar í töflu á næstu blaðsíðu og sýndar á aðalskipulagsupphráttum/-vefsjá en upplýsingar um aðrar minjar er að finna á vef Minjastofnunar Íslands þar sem er [Minjavefsjá](#) og listi yfir [fornleifaskráningarskýrslur](#) en athuga ber að það yfirlit er ekki tæmandi.
2. **Hús og mannvirki** sem sem byggð voru árið 1923 eða fyrr en þau eru friðuð skv. VII. kafla [laga um menningarminjar](#). Óheimilt er að raska þeim minjum nema með leyfi Minjastofnunar Íslands, sjá nánar 29. gr. laganna. Hús sem hafa verið friðlýst eru tilgreind í töflu á næstu blaðsíðu og sýndar á aðalskipulagsupphráttum/-vefsjá, sbr. einnig [Minjavefsjá](#).

¹⁴⁵ [Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990, Minjar og minjasvæði friðlýst eftir árið 1990 og Minjavefsjá](#)

Skylt er að leita álits Minjastofnunar Íslands ef til stendur að breyta, flytja eða rífa kirkjur eða önnur mannvirki sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1940 eða fyrr, sbr. 30. gr. [laga um menningarminjar](#).

Til að varðveita skýrleika aðalskipulagsupphráttanna eru fornleifar (aðrar en friðlýstar) og hús (önnur en friðlýst ekki sýnd á aðalskipulagsupphrátti en endurvarp úr [minjavefsjónum](#) er í [aðalskipulagsvefsjónum](#) og bætist í þann sarp eftir því sem skráningum fjölga.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum á svæðum sem falla undir minjavernd skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Gera skal grein fyrir svæðum sem falla undir minjavernd** og hvernig er tekið tillit til þeirra.
- **Stuðla skal að verndun bygginga og annarra mannvirkja** sem teljast verðmætur menningararfur.
- **Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar**, sjá einkum IV. kafla laganna um skráningu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja, VI. kafla um verndun og varðveislu fornminja og VII. kafla um verndun og varðveisla húsa og mannvirkja.
- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir** á landnotkun, eftir því sem við á. Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum

raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Hofskirkja í Öræfum (mynd af [vef Þjóðminjasafns Íslands](#))

Takmarkanir á landnotkun vegna minjaverndar (MV)

Auðkenni og stærð	Heiti reits
MV-192 ≤5 ha	Selið, Skaftafelli, Örafum Friðlýstar fornminjar og hús Gamli bærinn í Seli og tvær gamlar heyhlöður með áspaki sem standa neðanvert við hann. Friðlýst 18.5.1972. Ekki þinglýst.
MV-284 ≤5 ha	Kárahróf í Ingólfshöfða, Örafum a. "Kárahróf", forn nausttóft á Ingólfshöfða. b. Verbúðartóftir fjórar, uppi á Ingólfshöfða. Þinglýst 29.6.1931.
MV-263 ≤5 ha	Hof, Örafum Sýruker. Þinglýst 29.6.1931.
MV-264 ≤5 ha	Hofskirkja, Örafum Friðlýst með sérstakri ákvörðun sbr. Minjaskrá Minjastofnunar.
MV-290 ≤5 ha	Hnappavellir, Örafum a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. b. Rúst fornþæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er. Þinglýst 29.06.1931.
MV-320 ≤5 ha	Hnappavellir, Örafum a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. b. Rúst fornþæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er. Þinglýst 29.06.1931.
MV-413 ≤5 ha	Breiðabólsstaður, Hrollaugshaugur, Suðursveit Legstaður í Hrollaugshólum, norðvestur frá bænum, en er horfinn. Þinglýst 27.6.1931.
MV-484	Borgarhöfn, Hálsaker, Suðursveit

Auðkenni og stærð	Heiti reits
≤5 ha	Leifar gamalla verbúðatófta, við sjóinn, upp frá Hálsaskerjum. Þinglýst 27.6.1931.
MV-564 ≤5 ha	Brunnhólskirkja, Viðborðsseli, Mýrum Friðlýst með sérstakri ákvörðun sbr. Minjaskrá Minjastofnunar.
MV-561 ≤5 ha	Borg, Goðaborg, Mýrum Leifar af kringlóttri tóft, sem kallast Goðaborg, á Borgarkletti. Þinglýst 27.6.1931.
MV-681 ≤5 ha	Syðri-Fjörður, Papósklif, Lóni Papatættur, rústir sem svo nefnast í Papósklifum. Þinglýst 26.10.1966.
MV-698 ≤5 ha	Stafafellskirkja, Lóni Friðlýst.

9.25 Náttúruvá (NV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarð-skjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Við margvíslega náttúruvá er að glíma í sveitarfélaginu sem ásamt áhrifum loftslagsbreytinga getur haft miklar afleiðingar fyrir fólk, eignir, innviði og samfélag¹⁴⁶ (sjá nánar kafla 4.1 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu).

Við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar er mikilvægt að afla nýjustu upplýsinga um náttúruvá, gæta fyrirbyggja við alla mannvirkjagerð og hafa aðgát við nýtingu og starfsemi.¹⁴⁷ Í þeim tilgangi er í almennum skipulagsákvæðum allra landnotkunarflokka minnt á skipulagsákvæði um náttúruvá sem sett eru hér í þessum kafla.

Í fyrra aðalskipulagi voru áhrifasvæði þekktra stórhlaupa sýnd á skipulagsuppdrætti fyrir Öræfi og sett þau ákvæði að á þeim skyldi mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna óheimil. Þeim línnum og ákvæðum er haldið í þessu

¹⁴⁶ Ríkislögreglustjórnin, almannavarnadeild 2011: [Áhættuskoðun almannavarna](#). Veðurstofa Íslands 2024: [Náttúruvá og hættumat - staða](#)

¹⁴⁷ Alþingi 2024: [Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024–2038](#). Skipulagsstofnun 2021: Skipulag & aðlögun: að búa okkur undir það sem við vitum – og vitum ekki – um framtíðina. Skipulagsstofnun 2024: [Málstofa um skipulag og náttúruvá - Glærुकyningar frummælenda](#)

aðalskipulagi.

Unnið hefur verið hættumat vegna mögulegs berghlaups í Svínafellsheiði í Öræfum.¹⁴⁸ Hættumatið er tvískipt og nær annars vegar til ársins 2040 og hinsvegar 2070. Ástæður þess eru að hættan breytist eftir því sem lón framan við Svínafellsjökul stækkar samfara áætlaðri hopun jökulsins. Hættan fyrir mannvirki sem af berghlaupinu stafar er fyrst og fremst vegna vatnsflóðs þegar berg fellur í lónið fyrir framan jökulinn.

Á skipulagsuppdrætti eru sýndar hættumatslínur A, B og C fyrir árið 2040 og innan þeirra eru sett skipulagsákvæði sem miða við og eru í samræmi við ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Hættumatið er ekki staðfest á grundvelli reglugerðarinnar en að í því er miðað við staðaráhættu skv. 19. gr. reglugerðarinnar og á þeim grunni eru sett skipulagsákvæði sem miða við og eru í samræmi við þær heimildir sem skilgreindar eru í 21. gr. reglugerðarinnar. Sjá nánari skýringar í kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Í aðalskipulagsvefsjá má einnig sjá línur fyrir árið 2070 til viðmiðunar og leggur sveitarfélagið áherslu á að við gerð deiliskipulags og veitingu leyfa vegna uppbyggingar á svæðum sem gætu verið innan hættusvæða árið 2070 sé litið til hættumats til

¹⁴⁸ Veðurstofa Íslands 2025: [Hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls vegna berghlaups úr Svínafellsheiði](#). [Kynning á hættumati vegna berghlaups úr Svínafellsheiði 27. mars 2025](#)

lengri tíma, þ.e. 2070. Ennfremur leggur sveitarfélagið áherslu á að hættumatið sé endurskoðað reglulega eftir því sem breytingar á svæðinu kalla á. Að lágmarki verði hættumat uppfært við næstu endurskoðun aðalskipulags.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um náttúruvá í dreifbýli skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá** þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga, s.s. gögn um hættu vegna skriðufalla, vatnsflóða, jökulhlaupa, breytinga á rennsli jökuláa, breytinga á stærð og legu jökullóna, landriss, gróðurelda, sandfoks, vindafars og eldgosa.
- **Gera skal hættumat þar sem við á** og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti.¹⁴⁹ Leita skal umsagnar viðeigandi aðila um matið og skipulagsviðbrögðin.
- **Nýta skal nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar** og tiltækar leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.
- **Varnir gegn flóðum og landbroti** eru heimilar innan allra landnotkunarflokka án þess að þeirra sé sérstaklega getið, á grundvelli deiliskipulags og/eða framkvæmdaleyfis með/án grenndarkynningar eftir því sem við á. Gæta skal að ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem við geta átt.

¹⁴⁹ Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2023: Náttúruvá. Stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvá

- **Á landnotkunarreitum sem falla innan hættumatslína A, B og C fyrir árið 2040** skv. hættumati vegna mögulegs berghlaups í Svínafellsheiði í Öræfum¹⁵⁰, gilda ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats en þar segir um nýtingu hættusvæða:

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.

Á hættusvæði C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til

¹⁵⁰ Veðurstofa Íslands 2020: Hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls vegna berghlaups úr Svínafellsheiði. Drög. Kynning á hættumati vegna berghlaups úr Svínafellsheiði 27. mars 2025

vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.

- **Gæta skal að almennum ákvæðum um takmarkanir á landnotkun, eftir því sem við á.** Sjá kafla 9.22 um friðlýst svæði, 9.23 um aðra náttúruvernd og 9.24 um minjavernd. Einnig þarf að gæta að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega, sbr. kafla 9.15. og 9.17, sem og hindranaflötum flugvalla, sbr. kafla 9.16.



Sértækar takmarkanir á landnotkun vegna náttúruvár (NV)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
NV-1	<p>Áhrifasvæði stórhlaupsins á Skeiðarársandi, Örafum</p> <p>Hlaup árið árið 1996.</p> <p>Er í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna er óheimil.</p> <p>[Leitað verður álit Veðurstofu Íslands á því hvort og hvernig eigi að afmarka hættusvæði]</p>
NV-242 3427,2	<p>Áhrifasvæði stórhlaupa úr Örafajökli, Örafum</p> <p>Hlaup árin 1362 og 1727.</p> <p>Er í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna er óheimil.</p> <p>[Leitað verður álit Veðurstofu Íslands á því hvort og hvernig eigi að afmarka hættusvæði]</p>
NV-316 2108,4	<p>Svæði framan og vestan við Kvíarjökul, Örafum</p> <p>Ummerki eftir hamfarahlaup á forsögulegum tíma.</p> <p>Er í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna er óheimil.</p> <p>[Leitað verður álit Veðurstofu Íslands á því hvort og hvernig eigi að afmarka hættusvæði]</p>
Línur A, B, C	<p>Hættusvæði vegna sprungu í Svínafellsheiði, Örafum</p> <p>Er ekki í gildandi aðalskipulagi.</p>	<p>Á hættusvæðum A, B og C gilda ákvæði 21. gr. <u>reglugerðar nr. 505/2000</u> um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.</p>

9.26 Varnar- og öryggissvæði (VÖ)

Skilgreining skipulagsreglugerðar

„Svæði innan sveitarfélags þar sem ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8. gr. skipulagslaga.“

Skýringar og tengsl við aðra landnotkunarflokka

Svæði á Stokksnesi fellur í þennan flokk og annast utanríkisráðherra umsjón, rekstur og hagnýtingu þess og annarra öryggissvæða á Íslandi, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 34/2008 um varnarmál. Ráðherra fer jafnframt með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 2. mgr. 8. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landhelgisgæsla Íslands annast framkvæmd á varnartengdum rekstrarverkefnum í umboði utanríkisráðuneytisins á svæðinu.

Mörk öryggis- og varnarsvæðisins á Stokksnesi eru ákvörðuð í auglýsingu Stjórnartíðinda nr. 964/2021 og mannvirki á svæðinu, sem nýtt eru í öryggis- og varnartengd verkefni og utanríkisráðherra ber ábyrgð á, eru tilgreind í auglýsingu nr. 60/2017 í Stjórnartíðindum.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi ákvæðum um skal framfylgja við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar:

- **Leita skal umsagnar varnarmálasviðs** Landhelgisgæslu Íslands um skipulagstillögur og leyfisumsóknir á landi sem eru innan við 100 m frá varnar- og öryggissvæðinu.



Sértæk skipulagsákvæði fyrir varnar- og öryggissvæði (VÖ)

Auðkenni og stærð	Heiti reits og staða skipulags í apríl 2025	Sértæk skipulagsákvæði
VÖ-680 20,9 ha	Stokksnes, Nesjum Reiturinn er í gildandi aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag í gildi.	Landnotkun: Ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins í umsjá Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasviðs. Utanríkisráðherra fer með skipulagsvald á svæðinu.